

Tilboð til hluthafa OMX AB (publ)

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Tilboðið	4
Aðdragandi að tilboðinu	6
Ástæður fyrir tilboðinu og viðskiptunum (Meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)	8
Skilmálar og skilyrði.....	13
Meginsamningar sem gerðir hafa verið í tengslum við tilboðið	20
Yfirlýsing stjórnar OMX	28
Upplýsingar um OMX	39
Yfirlit yfir fjárhagslegar upplýsingar um OMX	50
Hlutfé og eignarhald OMX	52
Stjórn OMX, framkvæmdastjórnar og endurskoðendur	55
Samþykktir OMX.....	58
Árshlutaskýrsla OMX janúar – september 2007b	59
Skýrsla stjórnar OMX	77
Skýrsla endurskoðenda OMX.....	78
Dubai, Borse Dubai og BD Stockholm	80
NASDAQ yfirlit (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario).....	88
Skattaleg atriði	90
Ástæður fyrir tilboðinu og ávinningur hagsmunaaðila (annar valkostur tilboðs – alternative scenario)	96
Yfirstjórn, lög og reglugerðir (annar valkostur tilboðs)	100
Algeng orð og orðsambönd	102
Póstföng	104

Tilboðið í stuttu máli

Tilboðsverð	SEK 265 í reiðufé fyrir hvern hlut í OMX. Engin umboðslaun verða innheimt
Tími til samþykktar	8. janúar 2008 – 23.59 að New York tíma þann 5. febrúar
Ráðgerður uppgjörsgdagur	Svíþjóð, kringum 15. febrúar 2008; Danmörk, kringum 15. febrúar 2008; Finnland, kringum 15. febrúar 2008; og Ísland, kringum 12. febrúar 2008

Takmarkanir

Tilboð Borse Dubai Limited („Borse Dubai“) sem gert var þann 17. ágúst 2007, í gegnum BD Stockholm AB („BD Stockholm“), sem er sænskt dótturfyrirtæki í einkaeigu Borse Dubai, til hluthafa OMX AB (publ) („OMX“) um að kaupa öll hlutabréf í OMX („OMX-hlutabréf“) samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem koma fram í þessu tilboðsskjali („tilboðinu“), svo og þeir samningar sem gerðir verða milli BD Stockholm og hluthafa OMX við samþykki OMX á tilboðinu, skal túlkað samkvæmt sænskum lögum. Sænskir dómstólar hafa einir lögsögu í hvers konar ágreiningsmálum sem rísa vegna eða í tengslum við tilboðið og skal málum skotið til héraðsdóms Stokkhólms sem fyrsta dómstigs.

Borse Dubai og BD Stockholm hafa til samræmis við sænsk lög um opinber yfirtökutillboð á hlutabréfamarkaði (*lagen (2006:451) om offentliga uppköps-erbjudanden på aktiemarknaden*) (Takeover Act) hinn 16. ágúst 2007 ábyrgst gagnvart OMX Nordic Exchange Stockholm og hinn 17. ágúst 2007 ábyrgst gagnvart hluthöfum OMX að hlíta reglum OMX Nordic Exchange Stockholm um yfirtökutillboð (Rules Concerning Public Takeover Bids in the Stock Market – *OMX Nordic Exchange Stockholm ABs regler rörande offentliga uppköpserbjudanden på aktiemarknaden*) (Takeover Rules) og úrskurðum sænsku verðbréfanefndarinnar (Swedish Securities Council) (*Aktiemarknadsnämnden*) um túlkun og beitingu reglna um yfirtökutillboð varðandi tilboðið. Auk þess hafa Borse Dubai og BD Stockholm, samkvæmt sænskum lögum um opinber yfirtökutillboð á hlutabréfamarkaði, gert samning við OMX Nordic Exchange Stockholm um að hlíta hvers konar viðurlögum sem OMX Nordic Exchange Stockholm beirir við brotum á reglum um yfirtökutillboð. Borse Dubai og BD Stockholm tilkynntu þann 17. ágúst 2007 til sænska fjármálaeftirlitsins (*Finansinspektionen* – SFSA) ofangreindar skuldbindingar gagnvart OMX Nordic Exchange Stockholm.

Sænsk útgáfa af þessu tilboðsskjali hefur verið samþykkt og skráð hjá SFSA í samræmi við ákvæði 3. hluta 2. sænskra laga um opinber yfirtökutillboð á hlutabréfamarkaði og 9. hluta 2. kafla á hinna sænsku laga um fjármálagerninga (*lagen (1991:980) om handel med finansiella instrument*) og, með tilteknum viðaukum, viðurkennt af fjármálaeftirliti Finnlands (Finnish Financial Supervisory Authority – “FFSA”) til notkunar í Finnlandi. Borse Dubai hefur hinn 28. nóvember 2007 verið undanþegið tilteknum ákvæðum laga nr. 495 frá 26.5.1989 um finnska verðbréfamarkaðinn (Finnish Securities Market Act) af hálfu FFSA. Íslensk útgáfa þessa skjals, til notkunar á Íslandi, hefur verið skráð og viðurkennd af íslenska fjármálaeftirlitinu (Financial Supervisory Authority in Iceland – IFSA). Samþykki og skráning hjá SFSA og viðurkenning af hálfu SSFA og IFSA, hvorum um sig, tryggir ekki að þær upplýsingar um staðreyndir, sem gefnar eru í þessu skjali séu réttar eða tæmandi. Ef um er að ræða misræmi milli hinnar ensku og sænsku eða íslensku útgáfu þessa tilboðsskjals skal sænska útgáfan gilda.

Birting, útgáfa eða dreifing þessa tilboðsskjals kann að vera háð takmörkunum samkvæmt lögum eða reglugerðum í tilteknum lögsagnarumdæmum og því ber aðilum í slíkum lögsagnarumdæmum, þar sem þetta tilboð er birt, gefið út eða því dreift, að kynna sér og hlíta slíkum takmörkunum.

Tilboðið er háð því að tiltekin skilyrði verði uppfyllt eða að veitt hafi verið undanþága af hálfu Borse Dubai frá tilteknum skilyrðum eins og nánar er lýst á bls. 13.

Tilboðið er ekki gert, og þessu tilboðsskjali, viðkomandi samþykkiseyðublaði og hvers konar tilboðsgögnum, má ekki dreifa, beint né óbeint, innan eða til; né mun neinu boði um hlutabréf verða tekið frá eða fyrir hönd handhafa, hvaða lögsagnarumdæmis sem er, þar sem gerð tilboðsins, dreifing þessa tilboðsskjals, viðeigandi samþykkiseyðublaðs og hvers kyns annarra gagna tengdum tilboðinu eða samþykki fyrir boði um hlutabréf brýtur í bága við viðeigandi lög eða reglugerðir eða krefst frekari gagna, framlagningar skjala eða annarra athafna, auk þess sem krafist er samkvæmt sænskum lögum, nema að fenginni viðeigandi undanþágu. Engar slíkar athafnir verða leyfðar eða heimilaðar af Borse Dubai eða BD Stockholm og hvers konar meint samþykki tilboðsins, sem stafar beint eða óbeint af broti á slíkum takmörkunum, verður virt að vettugi.

Tilboðið er ekki gert, hvorki beint né óbeint, í pósti eða með neinum öðrum hætti eða tækjum (þ.m.t., án takmörkunar, með fakskeyti, í tölvupósti, fjarriti, símleiðis og á Internetinu) innan eða til Kanada, og ekki er unnt að samþykkja tilboðið með neinum slíkum hætti, tækjum eða búnaði innan eða frá Kanada og Borse Dubai mun ekki inna af hendi neina greiðslu í tengslum við tilboðið til Kanada nema fyrir hendi sé undanþága frá viðeigandi lögum og reglugerðum um verðbréfvíðskipti í viðeigandi umdæmum Kanada. Sérhverri persónu, sem fær í hendur þetta tilboðsskjal, viðeigandi samþykkiseyðublað og hvers konar tengd tilboðsgögn, ber að hlíta slíkum takmörkunum og skyldi hvorki póstsenda né dreifa með öðrum hætti, senda áfram eða afhenda þau innan eða til eða frá Kanada.

KAUP Á HLUTABRÉFUM Í OMX UTAN TILBOÐSINS

Til samræmis við sænskar markaðsvenjur áskilja Borse Dubai, hlutdeildarfélag og dótturfyrirtæki og sérhver ráðgjafi, miðlari eða annar aðili, sem kemur fram sem umboðsmaður eða fyrir hönd Borse Dubai, sér rétt til að ganga frá tilteknum kaupum eða gera ráðstafanir til kaupa (hvort sem um er að ræða valréttarsamninga eða með öðrum hætti), beint eða óbeint, OMX-hlutabréf eða hvers konar verðbréf, sem er tafarlaust unnt að breyta í eða skipta í eða nýta fyrir OMX-hlutabréf með öðrum hætti en samkvæmt tilboði þessu. Slík kaup kunna að fara fram á opnum markaði á gildandi verði eða með víðskiptum utan markaða á umsömdu verði. Öll slík víðskipti sem eftirleiðis fara fram munu verða gerð til samræmis við viðeigandi lög, reglur og reglugerðir (að meðtöldum bandarískum lögum um verðbréfvíðskipti). Hvers konar upplýsingar um slík kaup verða opinberaðar eftir því sem krafist er í lögum eða öðrum reglum eða reglugerðum.

UPPLÝSINGAR UM OMX

Við upphaf tilboðsgjafar og ákvörðun skilyrða og skilmála hafa Borse Dubai og BD Stockholm treyst á upplýsingar sem hafa verið aðgengilegar opinberlega sem snúa að OMX, þ.m.t. reglubundnar skýrslur og aðrar skýrslur OMX, svo og ársskýrslu OMX og reikninga sem gerðir hafa verið aðgengilegir í Svíþjóð. Þrátt fyrir framangreint hafa Borse Dubai og BD Stockholm, eftir að hafa gert tilboðið opinbert, fengið upplýsingar er lúta að tilteknum samningum tengdum hlutum í OMX (e. share option and share matching plans) ásamt ákveðnum takmörkuðum fjárhagsupplýsingum í þeim tilgangi að geta lokið samkeppnislegri greiningu.

Þetta tilboðsskjal inniheldur tilteknar upplýsingar um OMX á bls. 39–76. Þær upplýsingar samanstanda af upplýsingum útgefnum af OMX. Upplýsingar um OMX á ofangreindum blaðsíðum hafa verið yfirfarnar af stjórn OMX og af endurskoðendum OMX eins og fram kemur á bls. 77 og 78, hvorri fyrir sig.

Hvorki Borse Dubai, BD Stockholm né viðkomandi stjórnarmenn þeirra geta staðfest að slíkar upplýsingar um OMX séu byggðar á staðreyndum og engu sé sleppt sem líklegt er að hafi áhrif á mikilvægi slíkra upplýsinga.

UPPLÝSINGAR UM NASDAQ

Í þessu tilboðsskjali er að finna tilteknar upplýsingar um Nasdaq Stock Market, Inc. (“NASDAQ”) og NASDAQ OMX samstæðan (skv. skilgreiningu hér að neðan). Þær upplýsingar er að finna í köflunum, „Ástæður NASDAQ fyrir tengingu við OMX“ á bls. 8–10, „Álit NASDAQ á ávinningi hagsmunaaðila af tengingu NASDAQ og OMX“ á bls. 10–11, Yfirtökuskylda og hugsanleg afskráning á bls. 16 og „NASDAQ yfirlit (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)“ á bls. 88–89. Þær upplýsingar sem koma fram í köflum þessum hafa verið yfirfarnar af stjórnendum NASDAQ, sem hafa til þess fullt umboð frá stjórn NASDAQ

Hvorki Borse Dubai, BD Stockholm né viðkomandi stjórnarmenn þeirra geta staðfest að slíkar upplýsingar er lúta að NASDAQ og NASDAQ OMX samstæðunni séu byggðar á staðreyndum og engu sé sleppt sem líklegt er að hafi áhrif á mikilvægi slíkra upplýsinga.

FRAMTÍÐARHORFUR (FORWARD LOOKING STATEMENTS) BORSE DUBAI OG BD STOCKHOLM

Í þessu tilboðsskjali kunna að vera staðhæfingar um tilteknar framtíðarhorfur. Slíkar staðhæfingar, hvarvetna sem þær birtast í tilboðsskjali þessu, eru ekki trygging fyrir efndum síðar og eru háðar áhættu og óvissu eðli málsins samkvæmt. Slíkar staðhæfingar má greina frá öðrum vegna þess að þær fjalla ekki strangt til tekið um sögulegar eða gildandi staðreyndir og innihalda, án takmörkunar við, hugtök eins og „kann“, „mun“, „vænst er“, „talið er“, „gert er ráð fyrir“, „áætlað er“, „ætlunin er“, „búist er við“, „skipulagt er“, „miðað er við“, „spáð er“, „leitast er við“, „gæti“ eða innihalda neikvæða merkingu slíkra hugtaka og annarra tilbrigða af slíkum hugtökum eða sambærilegt orðalag. Staðhæfingar um framtíðarhorfur taka meðal annars til, en takmarkast þó ekki við, staðhæfingar um væntanleg framtíðarviðskipti Borse Dubai og dótturfyrirtækja þess og OMX og dótturfyrirtækja þess sem leiða af tilboðinu og í kjölfar þess. Slíkar staðhæfingar endurspeglar núverandi væntingar stjórnenda Borse Dubai og BD Stockholm sem byggjast á upplýsingum sem eru þeim aðgengilegar sem stendur og eru háðar ýmsum forsendum, svo og áhættu- og óvissupáttum sem þeir hafa ekki stjórnað, þar með talið, en takmarkast þó ekki við, áhrif vegna breytinga á almennum efnahagsaðstæðum, vaxtastigi, sveiflum í eftirspurn eftir vörum, samkeppni, tæknibreytingum, aðstæðum á vinnumarkaði, reglugerðum um skipulag og fasteignir, náttúruhamförum og hugsanlegri þörf fyrir aukningu fjárfestingarútgjalda (svo sem vegna aukinnar eftirspurnar, nýrra viðskiptatækifæra og notkunar nýrrar tækni). Raunveruleg niðurstaða kann að verða á skjön við þá sem látn er í ljós eða gefin er í skyn með slíkum staðhæfingum. Allar slíkar staðhæfingar gilda aðeins á þeim degi þegar þær eru bornar fram og hvorki Borse Dubai, BD Stockholm né stjórnarmenn þeirra taka á sig neinar skuldbindingar til að uppfæra þær eða endurskoða, hvort sem orsökina er nýjar upplýsingar, framtíðaratburðir eða annað.

Yfirlýsingar sem lúta að því sem koma skal og eiga við um Borse Dubai, BD Stockholm, OMX, eignarhald Borse Dubai í NASDAQ eða aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd eru háðir fyrirvörum sem vísað er til í þessum kafla.

FYRIRVARAR VEGNA STAÐHÆFINGA NASDAQ UM FRAMTÍÐARHORFUR

Upplýsingar sem fram koma í þessu skjali innihalda staðhæfingar um tilteknar framtíðarhorfur. Slíkar staðhæfingar um framtíðarhorfur taka til allra málafna sem ekki eru sögulegar staðreyndir. Orð eins og „sér fram á“, „gerir ráð fyrir“, „reiknar með“, „áætla“, „hefur í hyggju“, „áformar“, „telur“, „kann að“, „mun“ eða „ætti að“, svo og svipuð orð eða hugtök sem notuð eru þegar rætt er um rekstrarárangur í framtíð eða fjárhagsafkomu, vísa til staðhæfinga um framtíðarhorfur.

Staðhæfingar þessar um framtíðarhorfur fela í sér þekkta og óþekkta áhættu og óvissu. Þeir þættir, sem gætu valdið því að raunverulegur árangur yrði í miklu ósamræmi við framtíðarhorfur, taka meðal annars til en takmarkast þó ekki við eftirfarandi þætti:

- Rekstrarárangur NASDAQ, sem kann að vera lakari en búist var við;
- Hæfni NASDAQS til að til að innleiða mikilvægar nýjungar svo og sérhverjar afleiðingar af viðleitni NASDAQ við að fylgja eftir stefnumótun fyrirtækisins, þ.m.t. viðskiptin (skv. skilgreiningu hér að neðan)
- Samkeppni, aðstæður á sviði efnahags og stjórnmála og á fjármála-markaði, einnig óstöðugleiki, þar með talin vaxtaáhætta;
- Reglugerðir af hálfu ríkisstjórnar og fjármálaíðnaðar; eða
- Óhagstæðar breytingar sem kunna að verða á verðbréfamörkuðum almennt.

Ennfremur mun NASDAQ og OMX samtengt („NASDAQ OMX samstæðan“) starfa á sviði þar sem um afar harða samkeppni og örur breytingar er að ræða. Nýir áhættu og óvissuþættir koma öðru hverju upp og ekki er unnt að sjá fyrir alla áhættu- eða óvissuþætti enda getur NASDAQ ekki metið þau áhrif sem slíkir þættir munu hafa á viðskipti NASDAQ OMX Group eða að hve miklu leyti nokkur einstakur þáttur eða samsetning þátta kann að valda því að raunverulegur árangur sé í verulegu ósamræmi við það sem fram kemur í einstökum staðhæfingum um framtíðarhorfur. Eftirt er að segja með nákvæmni fyrir um flesta þessa þætti, þetta eru yfirleitt þættir sem NASDAQ stjórnar ekki. Lesendur ættu að huga óvissuna og alla áhættu sem stafar af slíkri óvissu varðandi allar staðhæfingar um framtíðarhorfur sem hér kunna að verða bornar fram. Lesendum er ráðlagt að treysta ekki um of á þessar

staðhæfingar um framtíðarhorfur, þær eru einungis í gildi á þeim degi sem þetta skjal er ritað hvað snertir staðhæfingar um framtíðarhorfur sem eru í þessu skjali.

Í tengslum við áformuðu viðskiptin hefur þar til gerðu formi (e. proxy statement) á svokölluðum viðauka 14A (Schedule 14A) um NASDAQ („Proxy Statement“), sem tilkynnt var af hálfu NASDAQ til SEC þann 19. nóvember 2007, og öðrum gögnum verið skilað inn til bandaríska verðbréfaeftirlitsins - the U.S. Securities and Exchange Commission – („SEC“) og eru aðgengileg almenningi. Proxy Statement þetta hefur að geyma upplýsingar um hin væntanlegu viðskipti þ.m.t. þá áhættuþætti sem tengjast þeim. Lesendur sem vilja fá frekari upplýsingar varðandi fyrirhugaða samtengingu við OMX og þá áhættuþætti sem tengjast henni ættu að lesa Proxy Statement. Finna má frítt eintak af Proxy Statement og öðrum tengdum skjölum sem NASDAQ hefur skilað inn til SEC, þ.m.t. árskýrslu á svokölluðu Form 10-K fyrir skattárið sem endaði 31. desember 2006, á heimasíðu SEC www.sec.gov. Einnig má nálgast Proxy Statement og önnur skjöl frítt á heimasíðu NASDAQ, www.nasdaq.com. Fyrir utan viðvarandi skuldbindingar NASDAQ að láta í té upplýsingar samkvæmt alríkis verðbréfalögum Bandaríkjanna telur NASDAQ sér ekki skylt að birta opinberlega nokkrar breytingar sem orðið hafa á staðhæfingum um framtíðarhorfur, að tilkynna atburði eða að tilkynna að óvæntir atburðir hafi átt sér stað.

NASDAQ takmarkar gagnert allar staðhæfingar um framtíðarhorfur og eru rekjanlegar til NASDAQ, OMX eða til NASDAQ OMX samstæðunnar eða til nokkurra persóna sem fram koma fyrir þá, við fyrirvara þá sem eru í eða sem minnst er á í þessum kafla.

TILKYNNING TIL EIGENDA OMX-HLUTABRÉFA Í BANDARÍKJUNUM

Tilboðið er gert í verðbréf sænsks fyrirtækis og er háð sænskum reglum um upplýsingagjöf sem eru frábrugðnar þeim sem gilda í Bandaríkjunum.

Fjárhagsupplýsingarnar í tilboðsskjali þessu, hafa verið samdar til samræmis við staðla um fjármálaskýrslur sem almennt er beitt af fyrirtækjum hvers verðbréf hafa fengið leyfi til viðskipta á skipulegum markaði innan Evrópusambandsins og kunna því að vera ósambærilegar við fjármálaupplýsingar bandarískra fyrirtækja eða fyrirtækja sem gefa út ársreikninga sína samkvæmt almennt viðurkenndum reikningsskilavenjum í Bandaríkjunum.

Tilboðið er gert í Bandaríkjunum samkvæmt viðeigandi reglum um tilboð í Bandaríkjunum, þar með talda tilteknar undanþágur í reglu 14d–1(d) í bandarískum lögum um verðbréfavíðskipti (US Exchange Act) og að öðru leyti samkvæmt kröfum í sænskum lögum og reglugerðum. Því til samræmis er tilboðið háð upplýsingaskyldu og öðrum verklagskröfum, þar með talið reglum um uppgjör og tímasetningu greiðslna sem eru frábrugðnar þeim sem gilda samkvæmt reglum og lögum um tilboðsgjöf innan Bandaríkjanna.

Ef bandarískur eigandi OMX-hlutabréfa tekur á móti peningagreiðslu samkvæmt tilboðinu kann það að flokkast sem skattskyld viðskipti samkvæmt bandarískum alríkestekjuskattreglum og samkvæmt lögum fylkja og svæða í Bandaríkjunum, sem og erlendum lögum og öðrum skattalögum. Sérhver eigandi OMX-hlutabréfa er hvattur til að leita án tafar sjálfstæðs faglegs ráðgjafa varðandi skattalegar afleiðingar þess að taka tilboðinu.

ÝMISLEGT

HSBC Bank plc („HSBC“) er fjármálaráðgjafi Borse Dubai og einskis annars aðila vegna þeirra atriða sem lýst er í þessu tilboðsskjali og ber ekki ábyrgð gagnvart neinum öðrum en Borse Dubai vegna þeirrar verndar sem viðskiptavinum HSBC er veitt eða fyrir ráðgjöf sem veitt er í tengslum við þau atriði sem tilboðsskjal þetta fjallar um.

ABG Sundal Collier er fjármálaráðgjafi Borse Dubai og einskis annars aðila vegna þeirra atriða sem lýst er í þessu tilboðsskjali og ber ekki ábyrgð gagnvart neinum öðrum en Borse Dubai vegna þeirrar verndar sem viðskiptavinum ABG Sundal Collier er veitt eða fyrir ráðgjöf sem veitt er í tengslum við þau atriði sem tilboðsskjal þetta fjallar um.

Tölur þær, sem birtar eru í þessu skjali, hafa verið jafnaðar eftir því sem við á, meðal annars tilteknar heildarfjárhæðir sem birtar eru í meðfylgjandi töflum.

Inngangur

Í tilboði þessu er gerð grein fyrir tveim mismunandi möguleikum um endanlegt eignarhald á OMX eftir lúkningu tilboðsins. Meginfyrirkomulag tilboðs og annar valkostur tilboðs (sjá skilgreiningu síðar) eru mismunandi möguleikar og fer það eftir því hvort önnur skilyrði viðskiptasamninganna (sjá skilgreiningu síðar) milli Borse Dubai og NASDAQ eru uppfyllt eða undanþága veitt, hvor kosturinn verður fyrir valinu.

Þrátt fyrir ofangreint, verða allir hluthafar í OMX að ákveða hvort þeir vilji bjóða fram OMX hlutabréfin til samræmis við tilboð þetta áður en þeir fá að vita hvort skilmálum viðskiptasamninganna hefur verið fullnægt eða undanþága fengin frá þeim og því verða þeir hluthafar sem vilja selja að skilja að í framhaldi af því kann annað hvort meginfyrirkomulag tilboðs eða annar valkostur tilboðs að verða fyrir valinu, og ættu því til samræmis að lesa þetta skjal í heild.

MEGINFYRIRKOMULAG TILBOÐS

Ef skilyrðum viðskiptasamninganna – sem gerðir eru milli NASDAQ Borse Dubai, BD Stockholm og Dubai International Financial Exchange Limited („DIFX“) (sem nefnast sameiginlega „viðskiptasamningarnir“) (samkvæmt nánari lýsingu í kaflanum „Meginsamningar sem gerðir eru í tengslum við tilboðið“), þ.m.t. að Borse Dubai eftir lúkningu tilboðsins eigi, beint eða óbeint, meira en 67% af OMX-hlutabréfum – er fullnægt eða hafnað, mun Borse Dubai, að lokinni lúkningu tilboðsins, selja NASDAQ öll OMX-hlutabréf, sem Borse Dubai hefur aflað með tilboðinu og öll önnur OMX-hlutabréf, sem Borse Dubai hefur eignast með öðrum hætti. Ásamt því mun Borse Dubai verða stefnumótandi hluthafi í NASDAQ og NASDAQ verður stefnumótandi hluthafi í DIFX. Ef af þessum viðbótarviðskiptum við NASDAQ verður mun „meginfyrirkomulag tilboðs“ eiga við og kaflar með fyrirsögninni „meginfyrirkomulag“ munu skipta máli fyrir og eiga við fyrir hlutahafa og hagsmunaaðila OMX. Þetta eru kaflarnir: „Ástæður fyrir tilboðinu og viðskiptunum (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)“ á bls. 8–11, „Yfirtökuskylda og hugsanlega afskráning (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)“ á bls. 16, og „NASDAQ yfirlit (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)“ á bls. 88–89.

ANNAR VALKOSTUR TILBOÐS

Ef eitthvert fyrrgreindra skilyrði í viðskiptasamningunum – þ.m.t. að Borse Dubai eftir lúkningu tilboðsins eigi, beint eða óbeint, meira en 67% af OMX-hlutabréfum – er hvorki fullnægt né fallið frá þeim, kann viðskiptasamningunum að verða sagt upp og Borse Dubai og dótturfélög þess munu þá ekki þurfa að selja NASDAQ nein OMX-hlutabréf að lokinni lúkningu tilboðsins. Í því tilviki verður Borse Dubai hvorki stefnumótandi hluthafi í NASDAQ né mun NASDAQ eignast neinn stefnumótandi hlut í DIFX, og annar valkostur tilboðs mun þá eiga við. Þá skipta máli fyrir og eiga við um hluthafa og hagsmunaaðila OMX kaflar með heitinu „annar valkostur tilboðs“. Þetta eru kaflarnir „Yfirtökuskylda og hugsanleg afskráning (annar valkostur tilboðs – alternative scenario)“ á bls. 17, „Ástæður fyrir tilboðinu og ávinningur hagsmunaaðila (annar valkostur tilboðs – alternative scenario)“ á bls. 96–99, „Yfirtjórn, lög og reglugerðir (annar valkostur tilboðs – alternative scenario)“ á bls. 100–101.

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR

Í samræmi við framangreint skipta allir kaflar þessa tilboðsskjals máli fyrir hluthafa og hagsmunaaðila OMX.

Hluthafar og hagsmunaaðilar OMX ættu að lesa tilboðsskjalið í heild sinni, þar með talið alla kafla um meginfyrirkomulag tilboðs og annan valkost tilboðs, til þess að skilja báða möguleika og áhrif þeirra, í framhaldi af lúkningu tilboðsins.

Tilboðið

Borse Dubai, í gegnum sænska dótturfélagið sitt, BD Stockholm, sem er einkaeign þess, tilkynnti opinbert staðgreiðslutilboð í öll útstandandi hlutabréf í OMX á verðinu 230 sænskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut hinn 17. ágúst 2007.¹⁾ Hinn 20. september 2007 tilkynntu Borse Dubai og NASDAQ að hlutaðeigendur hefðu gert með sér samninga sem síðar voru leystir af hólmi með viðskiptasamningunum sem gerðir voru þann 15. nóvember 2007 (eins og nánar er skilgreint í kaflanum „Meginsamningar sem gerður eru í tengslum við tilboðið“) og voru hvorir um sig háðir því að ákveðin skilyrði yrðu uppfyllt eða að undanþága væri veitt frá skilyrðunum. Í sambandi við hinar óafturkræfu skuldbindingar sem aðilar tilboðsins undirgengust, tilkynntu Borse Dubai og NASDAQ þann 26. september 2007 að Borse Dubai hefði hækkað tilboð sitt í 265 sænskar krónur fyrir hvern hlut í OMX („aukningin“) og lækkað skilyrði um samþykkishlutfall samkvæmt tilboðinu úr meira en 90% samþykki í meira en 50% samþykki. Hægt verður að samþykkja tilboðið frá og með 8. janúar 2008. Greiðslan er háð aðlögunum til samræmis við verðmæti úthlutaðs arðs eða annars konar úthlutunar af hálfu OMX fram að uppgjöri tilboðsins.²⁾

Í tilboðinu er fylgið yfirverð sem nemur:

- 59,4% í viðbót við 166,3 sænskar krónur fyrir hvern OMX (skv. skilgreiningu hér að neðan); hlut miðað við vegið meðalverð þeirra hlutabréfa, sem gengu kaupum og sölum síðustu 20 viðskiptadaga fram að og að meðtöldum 23. maí 2007, sem var síðasti heili viðskiptadagur fyrir tilkynningu um tilboð NASDAQ í OMX
- 22,1% í viðbót við 217,00 sænskar krónur fyrir hvern OMX hlut á lokaverði OMX-hluta hinn 8. ágúst 2007, síðasta heila viðskiptadag fyrir markaðsviðskiptin (skv. skilgreiningu hér að neðan)
- 25,5% í viðbót við 211,20 sænskar krónur fyrir hvern OMX hlut miðað við vegið meðalverð hluta í OMX sem gengu kaupum og sölum síðustu 20 viðskiptadaga fram að og að meðtöldum 8. ágúst 2007, sem var síðasti heili viðskiptadagur fyrir markaðsviðskiptin
- 15,7% í viðbót við 229,00 sænskar krónur fyrir hvern OMX hlut á lokaverði OMX-hluta hinn 16. ágúst 2007, síðasta heila viðskiptadag fyrir tilkynningu um tilboðið og;
- 18,2% í viðbót við 224,20 sænskar krónur fyrir hvern OMX hlut miðað við vegið meðalverð OMX-hlutabréfa, sem

gengu kaupum og sölum síðustu 20 viðskiptadaga fram að og að meðtöldum 16. ágúst 2007, sem var síðasti heili viðskiptadagur fyrir tilkynningu um tilboðið.

Engra umboðslauna verður krafist í sambandi við tilboðið.

Að því gefnu að tilboðið verði samþykkt í heild og markaðsviðskiptin (sbr. skilgreiningu síðar) gangi eftir að fullu, þá mun greiðsla Borse Dubai til hluthafa OMX eftir aukninguna nema um það bil 31,8 milljörðum sænskra króna fyrir alla hluti í OMX.³⁾

Áður en tilkynnt var um tilboðið hafði Borse Dubai keypt 5.880.130 hluti í OMX á 230 krónur hvern hlut sem nemur 4,9% af útgefnu hlutafé og atkvæðum OMX. Auk þess gerði dótturfélag Borse Dubai, sem er einkaeign Borse Dubai, gagnvirka kaupréttarsamninga (e. back-to-back options) við HSBC sem hefur gert kaupréttarsamninga við tiltekna gagnaðila um að kaupa 29.171.741 OMX hluti, sem nemur 24,2% af útgefnu hlutafé í OMX og atkvæðisrétti, á því verði sem herra reynist 230 sænskar krónur fyrir hvern hlut eða tilboðsverðið við lok tilboðstímabilsins, eins og nánar er lýst í kaflanum „Kaupréttir og hlutabréfaeign Borse Dubai“. Nýting kaupréttanna vegna kaupa á OMX hlutum með raunuppgjöri (e. physical settlement) er háð því að öll nauðsynleg reglubundin leyfi hafi fengist fyrir tilboðinu og tilkomu fyrsta dags uppgjors tilboðsins. Kaup á framangreindum hlutum og gerð kaupréttanna er í tilboðsskjali þessu sameiginlega vísað til sem „markaðsviðskiptin“. Vegna aukningarinnar hefur verðið (e. strike price) í kaupréttunum hækkað upp í 265 sænskar krónur fyrir hvern hlut í OMX.

Í kjölfarið tryggði Borse Dubai auknar óafturkræfar skuldbindingar og í drögum að tilboðsyfirliti, dags. 21. desember 2007 gerði félagið grein fyrir að óafturkræfar skuldbindingar hefðu verið tryggðar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, af hálfu Investor AB, Nordea Bank AB, Olof Stenhammar, Didner & Gerge, Nykredit, Magnus Böcker og tilteknum öðrum hluthöfum að bjóða fram í tilboðið eigi minna en 23.3 milljónir OMX hlutabréfa, samsvarandi 19.3% útgefna hluta og atkvæða í OMX, og að tilboðið ásamt þessum skuldbindingum væru bindandi nema að þriðji aðili byði meira en 303 sænskar krónur fyrir hvern OMX hlut og að Borse Dubai jafnaði ekki tilboðið á ákveðnu tímabili.

Sambland beins eignarhalds Borse Dubai í OMX, nýting og raunuppgjör kaupréttanna, og lúkning hinna óafturkræfu

¹⁾ Þann 23. ágúst 2007 tók SFSA ákvörðun um að fréttatilkynning Borse Dubai um viðskiptasamningana (eins og skilgreint í þessu tilboðsskjali), útgefið að morgni 9. ágúst 2007, hafi falið í sér opinbert tilboð til hluthafa OMX. Úrskurðinum var áfrýjað af Borse Dubai þann 7. september 2007. Borse Dubai dró til baka áfrýjun sína þann 21. desember 2007. Tilvitnanir í þessu tilboðsskjali til tilboðsins vísa til tilboðsyfirlisingarinnar þann 17. ágúst 2007.

²⁾ Í því tilviki að greiddur er út arður eða annars konar úthlutun (sw. värdeöverföring) í reiðufé, þá mun tilboðsverðið lækka til samræmis við þá fjárhæð sem greidd er eða úthlutað er af hverjum hlut. Eigi úthlutun sér stað með annars konar verðmætum skal lækkan tilboðsverðisins samsvara markaðsvirði þeirrar úthlutunar fyrir hvern OMX hlut.

³⁾ Miðað við 120.640.467 OMX-hluti.

skuldbindinga hinna seljandi hluthafa munu leiða til þess að Borse Dubai eigi (beint eða óbeint) um það bil 58,3 milljónir OMX hluta sem nema um 48,3% útgefins hlutafjár OMX og atkvæðisréttar við eða skömmu eftir lúkningu tilboðsins, án þess að taka með í reikninginn aðra OMX hluti sem gætu verið boðnir í tilboðinu.

Tilboðið er ekki háð neinum skilyrðum um að fjármögnun sé fyrir hendi. Borse Dubai hefur fé til reiðu til að fjármagna heildargreiðslu samkvæmt tilboðinu samkvæmt: (i) lánsamningi við HSBC sem er 12. upphaflegur tilskipaður meginskipuleggjandi umboðsaðili, ábyrgðaraðili, vörsluaðili og upphaflegur útgáfubanki og við HSBC og aðra tiltekna banka og fjármálafyrirtæki, sem upphaflega lánveitendur („lánsamningurinn“); og (ii) blöndu af nýju hlutafé eða víkjandi lána á þeim kjörum sem ábyrgðaraðila er sáttur við, til Borse Dubai frá hluthöfum Borse Dubai.

Sænska verðbréfanefndin (Swedish Securities Council – Aktiemarknadsnämnden) hefur gefið út allmargar yfirlýsingar um tilboðið (AMN 2007:29, AMN 2007:30, AMN 2007:31, AMN 2007:32, AMN 2007:33 og AMN 2007:40 og AMN 2007:43.). Í yfirlýsingunum er fjallað um (i) veitingu framlengingar á tíma til að undirbúa og senda tilboðsskjöl til SFSA, (ii) jafna meðferð hluthafa samkvæmt tilboðinu, (iii) upplýsingar til markaðarins í sambandi við ferlið um uppbyggingu hagsmuna (e. stake building process), (iv) að viðskiptasamningarnir fullnægi góðum viðskiptaháttum á

hlutabréfamarkaði, og (v) greiðslustig (consideration level) í hugsanlegu opinberu yfirtökutilboði af hálfu NASDAQ að lúkningu viðskiptasamninganna, (vi) heilmild fyrir aukinni lengingu tímabilsins til að undirbúa og senda tilboðsyfirlitið til SFSA; og (vii) yfirtökuskyldu vegna kaupréttarsamninganna og veitingu undanþágu vegna OMX viðskiptasamningsins (eins og skilgreindir eru að neðan). Yfirlýsingarnar eru útskýrðar nákvæmlega hér að neðan.

Borse Dubai og BD Stockholm hafa, skv. sænskum lögum um yfirtökutilboð á hlutabréfamarkaði, hinn 16. ágúst 2007 skuldbundið sig gagnvart OMX Nordic Exchange Stockholm, og hinn 17. ágúst 2007 með útgáfu fréttatilkynningar um tilboðið skuldbundið sig gagnvart hluthöfum OMX að hlíta reglum um yfirtöku og úrskurðum nefndarinnar um verðbréfavíðskipti um túlkun og beitingu reglna um yfirtökur varðandi tilboðið. Ennfremur hafa Borse Dubai og BD Stockholm, skv. sænskum lögum um yfirtökutilboð á hlutabréfamarkaði, samið við OMX Nordic Exchange Stockholm um að hlíta hvers konar takmörkunum sem OMX Nordic Exchange Stockholm setur við brot á reglum um yfirtökur. Borse Dubai og BD Stockholm hafa hinn 17. ágúst 2007 tilkynnt SFSA um ofangreindar skuldbindingar varðandi OMX Nordic Exchange Stockholm.

Skilmálum og skilyrðum tilboðsins er lýst í kaflanum „Skilmálar og skilyrði“ á blaðsíðu 13.

Aðdragandi að tilboðinu

Hinn 25. maí 2007 tilkynntu NASDAQ og OMX að þau hefðu samið um að tengja saman fyrirtækin tvö og samtengingin yrði framkvæmd með opinberu tilboði NASDAQ í OMX-hlutabréfin (tilboð NASDAQ). Stjórnir bæði OMX og NASDAQ mæltu með fyrirhugaðri samtengingu. Sú greiðsla, sem var boðin samkvæmt tilboði NASDAQ var (i) að því er varðar 45,3% af heildarfjölda OMX hluta sem boðnir eru fram af hverjum hluthafa, 208,10 sænskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut í OMX og (ii) að því er varðar afganginn 54,7% af heildarfjölda OMX hluta sem boðnir eru fram af hverjum hluthafa, 0,918 hlut af almennum hlutum (e. common stock) í NASDAQ fyrir hvern hlut í OMX. Tilboð NASDAQ Jafngilti u.þ.b. 208,10 sænskum krónum fyrir hvern OMX-hlut á þeim degi þegar tilboð NASDAQ var tilkynnt.⁴⁾

Stjórn Borse Dubai hafði á þessum tíma verið að íhuga nálgun við OMX með það fyrir augum að mynda stefnumótandi bandalag. Hins vegar takmörkuðu ákvæði samningsins milli NASDAQ og OMX getu stjórnað Borse Dubai til að fara þessa leið.

Eftir að tilkynningin um tilboð NASDAQ hafði borist hafði stjórn Borse Dubai enn áhuga á að kanna hugsanlegar leiðir til samvinnu við OMX, þ.m.t. einhvers konar sameiningu eða stefnumótandi eignarhald á hlutabréfum. Til þess að vinna þessu máli framgang tilkynnti Borse Dubai að morgni 9. ágúst 2007 í fréttatilkynningu að félagið væri að vinna að markaðsviðskiptunum. Borse Dubai keypti hluti á 230 sænskar krónur hvern hlut sem nam 4,9% af útgefnum hlutum og atkvæðum OMX. Auk þess gerði dótturfélag í einkaeigu Borse Dubai gagnvirka kaupréttarsamninga (e. back-to-back options) við HSBC sem hafði gert kaupréttarsamninga við tiltekna gagnaðila um að kaupa önnur 24,2% af útgefnum hlutum og atkvæðum OMX á því verði sem hærra reynist 230 sænskar krónur fyrir hvern hlut eða tilboðsverðið við lok tilboðstímabilsins, eins og nánar er lýst hér að neðan. Nýting kaupréttanna vegna kaupa á OMX hlutum með raunuppgjöri (e. physical settlement) er háð því að öll nauðsynleg reglubundin leyfi hafi fengist fyrir tilboðinu og tilkomu fyrsta dags uppgjors tilboðsins. Að kaupréttunum fullnýttum og uppgjöri á viðskiptum samkvæmt þeim, mun Borse Dubai eiga 29,1% af útgefnum hlutabréfum og atkvæðum OMX.

Eftir að hafa aflað stefnumótandi hlutar í OMX ákvað stjórn Borse Dubai að gera tilboð í samkeppni við tilboð NASDAQ. Samkvæmt því tilkynnti Borse Dubai hinn 17. ágúst 2007 um staðgreiðslutilboð sem nam 230 sænskum krónum fyrir hvern hlut í OMX.⁵⁾

Samkvæmt viðskiptasamningi milli NASDAQ og OMX hefur stjórn OMX rétt til að draga til baka slík meðmæli með tilboði NASDAQ fái stjórnin óumbeðið skriflegt tilboð í góðri trú frá þriðja aðila til að taka þátt í viðskiptum svipuðum þeim sem fyrirhuguð eru með viðskiptasamningi NASDAQ og OMX, svo fremi sem stjórn OMX telji slíkt tilboð, að teknu tilliti til þeirra viðmiðana sem fram koma í viðskiptasamningi NASDAQ og OMX, sé betra tilboð. NASDAQ og OMX hafa, eftir sameiginlegt átak Borse Dubai og NASDAQ, gert viðauka við hina upphaflegu viðskiptasamninga milli NASDAQ og OMX („viðaukinn“). Viðaukinn breytir samsetningu stjórnar og nefndar NASDAQ í framhaldi af kaupum á OMX miðað við það sem samþykkt var í viðskiptasamningunum milli NASDAQ og OMX. Ef stjórn OMX dregur til baka meðmæli sín með tilboði NASDAQ til samræmis við skilmála viðskiptasamninganna milli NASDAQ og OMX eða ef tilboð Nasdaq er dregið til baka munu viðskiptasamningurinn og viðaukinn falla úr gildi til samræmis við skilmála sína. NASDAQ og OMX hafa aftur á móti gert með sér skýringarsamkomulag þar sem kveðið er á um að ákveðnar greinar viðskiptasamnings NASDAQ og OMX og viðaukans skuli áfram halda gildi sínu án tillits til þess hvort viðskiptasamningurinn og viðaukinn falli úr gildi, með ákveðnum breytingum. Afleiðing slíks samkomulags er að NASDAQ og OMX hafa komið sér saman um eftirfarandi breytingar. Við lúkningu OMX viðskiptasamningsins (skv. skilgreiningu hér að neðan) mun nafni samstæðunnar verða breytt í „NASDAQ OMC Group, Inc.“, verði slíkt samþykkt af hluthöfum NASDAQ. Við lúkningu OMX viðskiptasamningsins skal stjórn OMX heimilt að stinga upp á til tilnefningar fjóra stjórnarmenn til að starfa í stjórn NASDAQ OMX Group. Þrír hinna tilnefndu af hálfu stjórnar OMX skulu vera sjálfstæðir sökum staðla NASDAQ um sjálfstæði og OMX er heimilt að kjósa um að hafa einn ¼ meðlima hversrar stjórnarnefndar NASDAQ OMX Group skipaða þeim stjórnarmönnum eða tilnefndum stjórnarmönnum af hálfu stjórnar OMX. Varaformaður stjórnar NASDAQ OMX Group skal næstu tvö eftirfarandi ár, að lokinni lúkningu OMX viðskiptasamningsins, vera einn fjögurra einstaklinga úr stjórn OMX (eða sem stungið er upp á til tilnefningar) þegar að undangenginni lúkningu. Að lokinni lúkningu OMX viðskiptasamningsins skulu tveir einstaklingar sem tilnefndir eru af hálfu OMX verða meðlimir tilnefningarnefndar NASDAQ. Samsetning stjórnar OMX Exchanges Ltd. mun verða óbreytt að lokinni lúkningu OMX

⁴⁾ Miðað við lokagengi á hlutum í Nasdaq á genginu USD 33,19 og breytigengi SEK/USD 6,83 þann 23. maí 2007.

⁵⁾ Þann 23. ágúst 2007 tók SFSA ákvörðun um að fréttatilkynning Borse Dubai um viðskiptasamningana (eins og skilgreint í þessu tilboðsskjal), útgefið að morgni 9. ágúst 2007, hafi falið í sér opinbert tilboð til hluthafa OMX. Úrskurðinum var áfrýjað af Borse Dubai þann 7. september 2007. Borse Dubai dró áfrýjun sína til baka þann 21. desember 2007. Tilvitnanir í þessu tilboðsskjali til tilboðsins vísa til tilboðsfyrirsýningarinnar þann 17. ágúst 2007.

viðskiptasamningsins. Ekki er búist við breytingum á stjórnendahópi 2. The NASDAQ Stock Market LCC („NASDAQ hlutabréfamarkaðurinn“), eins og skilgreindur er hér síðar, vegna lúkningarinnar. Forstjóri NASDAQ (nú Robert Greifeld) mun starfa sem forstjóri NASDAQ OMX Group og forstjóri OMX (nú Magnus Böcker) mun starfa sem forseti NASDAQ OMX Group. NASDAQ og OMX hafa einnig samþykkt að tiltekin ákvæði er varða bætur fyrir stjórnendur og starfsmenn, tryggingar fyrir stjórnendur og starfsmenn og fjármögnun í viðskiptasamningnum milli NASDAQ og OMX skulu eiga við að gefnum tilteknum aðstæðum án tillits til riftunar viðskiptasamningsins og að NASDAQ skuli beita sér eftir bestu viðskiptalegu getu að skrá NASDAQ OMX Group á OMX Nordic Exchange Stockholm markaðinn. OMX hefur samþykkt að innan ákveðinna tímamarka muni félagið mæla með að hluthafar OMX hluta samþykki tilboðið. Þar að auki hafa NASDAQ og OMX samþykkt að þeir sem eigi réttindi samkvæmt kaupréttaráætlunum og annars konar áætlunum um hluti í OMX (e. stock option and share matching plans) skuli hljóta ákveðnar bætur í tengslum við lúkningu OMX viðskiptasamningsins sem þýðir í raun að slíkum aðilum verði boðin sanngjörn meðferð með tilliti til réttinda þeirra í viðkomandi áætlun, í samræmi við skilyrði og skilmála slíkra áætlana.

Hinn 20. september 2007 tilkynntu Borse Dubai og NASDAQ röð af viðskiptum („viðskiptin“), sem – ef af þeim verður – leiða til stofnunar fjármálamarkaðar á heimsvísu með einstæða fótfestu í Bandaríkjunum, Evrópu, Austurlöndum nær og tilteknum öðrum mikilvægum vaxandi mörkuðum. Viðskiptin eru háð ýmsum skilyrðum samkvæmt viðskiptasamningunum. Svo fremi að fullnægt verði öðrum skilyrðum samkvæmt viðskiptasamningunum eða veittar undanþágur frá þeim og viðskiptin ganga eftir (i) verður Borse Dubai eigandi 19,99% hlutar í NASDAQ (með að hámarki 5% atkvæðisrétti samkvæmt samþykktum NASDAQ) og mun jafnfram vera rétthafi tiltekins sjóðs (e. trust) („sjóðurinn“) með um það bil 8% eignarhlut í NASDAQ (ii) NASDAQ mun eignast öll OMX-hlutabréf sem Borse Dubai mun kaupa samkvæmt

tilboðinu um OMX og hvers konar OMX-hlutabréf sem aflað er með markaðsviðskiptunum; (iii) NASDAQ verður stefnumótandi hluthafi og meginviðskiptafélagi DIFX; og (iv) DIFX verður heimilað að nota NASDAQ-vörumerkið og heimilað að nota tækni frá NASDAQ OMX samstæðunni. Viðskiptin og viðskiptasamningarnir eru nánar útskýrðir í kaflanum „Meginsamningar sem gerðir eru í tengslum við tilboðið“ hér að neðan.

Hinn 26. september 2007 tilkynnti Borse Dubai að það hefði hækkað tilboð sitt í 265 sænskar krónur fyrir hvern hlut í OMX og einnig lækkað skilyrði um samþykkishlutfall samkvæmt tilboðinu úr meira en 90% í meira en 50% af OMX-hlutabréfum. Afleiðingin af tilkynningunni um aukninguna var sú að verðið í kaupréttarsamningunum hækkaði upp í 265 sænskar krónur fyrir hvern hlut í OMX.

Borse Dubai og NASDAQ hafa einnig tekið á sig óafturkræfar skuldbindingar gagnvart hinum seljandi hluthöfum sem eiga samtals u.þ.b. 23,3 milljónir OMX-hlutabréfa sem eru u.þ.b. 19,3% af útgefnum hlutabréfum og atkvæðum OMX.

Beint eignarhald Borse Dubai í OMX, kaupréttirnir og óafturkræfar skuldbindingar hinna seljandi hluthafa, mun sameiginlega valda því að Borse Dubai á (beint eða óbeint) u.þ.b. 58,3 milljónir OMX-hlutabréfa sem eru u.þ.b. 48,3% af útgefnum hlutabréfum og atkvæðum OMX við lúkningu tilboðsins eða stuttu síðar, án þess að tekið sé tillit til hvers konar viðbótarhlutabréfa í OMX sem kunna að vera boðnar í tilboðinu.

Opnun tilboðsins til samþykktar hefur verið háð því að tiltekin skilyrði séu uppfyllt eða veitt undanþága frá þeim eins og fram kemur í viðskiptasamningunum. Öllum slíkum skilyrðum hefur nú verið fullnægt eða frá þeim fallið og tilboðið verður opnað til samþykkis þann 8. janúar 2008 og verður opið til 23.59 að New York tíma þann 5. febrúar 2008. Viðskiptasamningarnir og framkvæmd viðskiptanna njóta einróma stuðnings stjórnna bæði NASDAQ og Borse Dubai. Einnig er mælt með tilboðinu af hálfur stjórnar OMX, sjá bls. 28–32.

Ástæður fyrir tilboðinu og viðskiptunum (Meginfyrirkomulag – main scenario)

Að gefinni lúkningu tilboðsins og svo fremi öðrum skilyrðum samkvæmt viðskiptasamningunum hafi verið fullnægt eða frá þeim fallið, mun Borse Dubai að lokinni lúkningu tilboðsins ljúka viðskiptunum við NASDAQ eins og þau eru skilgreind í viðskiptasamningunum, þ.e. að fylgt verði meginfyrirkomulagi tilboðsins. Meginfyrirkomulagi tilboðsins er lýst í þessum kafla, á bls. 8–11.

ÁSTÆÐUR BORSE DUBAI FYRIR TILBOÐINU OG VIÐSKIPTUNUM

Fordæmislausar breytingar eru að verða á kauphallaiðnaðinum. Breytingarnar stafa af áframhaldandi alþjóðavæðingu verðbréfamarkaðarins sem veldur vaxandi samkeppni, verulega auknum tækifærum vegna reglugerðarbreytinga og sifeldri þróun nýrra markaða. NASDAQ OMX samstæðan í samvinnu við Borse Dubai, mundi skapa stefnumótandi undirstöðu í fararbroddi þessara breytinga og möguleika á að skapa sveigjanlegan alþjóðlegan máttarstólpa innan hins ört vaxandi og stækkandi kauphallaiðnaðar.

NASDAQ OMX samstæðan ásamt Borse Dubai munu skapa leiðandi kauphöll á heimsvísu sem væri reiðubúin í öran vöxt og verðmætasköpun. Stjórnarmenn Borse Dubai telja að samvinna við Borse Dubai muni styrkja NASDAQ OMX samstæðuna, meðal annars með því að auðvelda aðgang að miklum sjóðum fjármagns sem ekki hafa verið nýttir og vaxtarmöguleikum á svæði sem spannar um það bil 40 lönd í Norður- og Austur Afríku, Austurlöndum nær, Kaspíahafssvæðinu og suðurhluta Mið-Asíu („Borse Dubai svæðinu”) og opna útgefendum aðgang að miklum sjóði fjármagns sem ekki hefur verið nýtt í Sameinuðu arabísku furstadæmunum („UAE“), Bahrain, Sádi Arabíu, Óman, Katar og Kúveit („GCC Svæðið“)⁶⁾ sem nemur liðlega 3.000 milljörðum Bandaríkjadala⁷⁾ á því svæði eingöngu sem stendur. Gert er ráð fyrir að þessi fjármagnssjóður eigi eftir að stækka eftir því sem svæðið þróað.

Borse Dubai myndi enn fremur veita alþjóðlegum (þ.m.t. norrænum) fjárfestum beinan aðgang að nýjum fjármálaafurðum svo sem sukuk (skammtíma- og langtímalánum með tryggðum eignaveðum, svipuðum skuldabréfum), sérsniðnum verðbréfasjóðum, sjóðum og vísitölubundnum verðbréfum á svæði sem er í mjög örum vexti í heiminum. Sem dæmi mætti nefna að DIFX er stærsta kauphöll heims með sukuk sem nemur 44% af heimsmarkaðshlutdeild.⁸⁾ Í dag er talið að markaður fyrir íslamska fjármálaþjónustu eingöngu nemi allt að 400 milljörðum (400 billion)

bandaríkjadala á heimsvísu⁹⁾ en muni vaxa í 4.000 milljarða (4 trillion) bandaríkjadala.¹⁰⁾

Kaup NASDAQ með áskriftum sem nema 33 1/3 prósent af útistandandi hlutafé í DIFX í fullnýttum hlutabréfum samkvæmt DIFX viðskiptasamningunum (eins og þeir eru skilgreindir að neðan) („DIFX viðskiptin”) munu beina athygli að NASDAQ OMX samstæðunni og veita aðgang að einum af leiðandi og örast vaxandi fjármálamarkaði af þeim sem nú eru að koma fram. Þetta einstaka tækifæri mun gera NASDAQ OMX samstæðunni kleift að hagnýta vörumerki sitt og dreifa vörum og þjónustu gegnum DIFX.

Stjórnarmenn Borse Dubai telja að hin fyrirhugaða NASDAQ OMX samstæða sé ákjósanleg samstæða kauphalla á heimsvísu til að fá til samvinnu með það endanlega markmið í huga að gera Dubai að einni helstu fjármálamiðstöð heims. Stjórnarmenn Borse Dubai telja að NASDAQ OMX samstæðan muni búa yfir (i) vörumerki í fremstu röð í heiminum, (ii) heimsþekktum tæknigrunni, (iii) stórum hópi viðskiptavina á heimsvísu, (iv) viðamikilli þekkingu og hæfni í greininni, (v) öflugri safni af fjármálaafurðum og (vi) starfsumhverfi þar sem nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi fá að njóta sín. Þessi samvinna mun veita Borse Dubai tækifæri til að nýta þessa styrkleikaþætti fyrir innri og ytri vöxt til ná stækkunaráformum sínum.

ÁSTÆÐUR NASDAQ FYRIR TENGINGU VIÐ OMX

Ef skilyrðum viðskiptasamninganna, þar með talið að Borse Dubai eigi meira en 67 prósent hlutafjár OMX í kjölfar lúkningar tilboðsins, er fullnægt eða fallið er frá þeim, mun NASDAQ kaupa alla hluti í OMX sem eru í eigu Borse Dubai. Ástæður NASDAQ fyrir slíkri tengingu við OMX, sem einnig er lýst í Proxy Statement NASDAQ sem lögð hefur verið fram hjá SEC og dagsett er 19. nóvember 2007, eru meðal annars þær sem að neðan er getið. Engin fullvissa er fyrir því að þau mögulegu samlegðaráhrif eða tækifæri sem NASDAQ hefur litið til muni nást með því að ljúka nefndri tengingu NASDAQ og OMX.

Fyrsta flokks alþjóðleg kauphöll

Með NASDAQ OMX samstæðunni yrði til fyrsta flokks alþjóðleg kauphöll með 6,5 milljón viðskipti að meðaltali daglega, sem fela í sér verðmæti sem nema um það bil 65 milljörðum bandaríkjadala og með um það bil 4.000 skráð félög frá meira en 40 löndum með samanlagt markaðsvirði upp á um það bil 5.600 milljarða bandaríkjadala.¹¹⁾ NASDAQ OMX samstæðan myndi hafa mörg af stærstu fyrirtækjum heims

⁶⁾ 18. www.gcc-sg.org/eng/Index.php?action=GCC, 3 January 2008

⁷⁾ GCC states' liquidity, Canada's International Market Access report (CIMAR), 2007.

⁸⁾ Af markaðsvirði

⁹⁾ Fitch Ratings – 'Demystifying Corporate Sukuk', 5 March 2007 (markaðsstærðin vísar til íslamsks fjármagnsmarkaðar).

¹⁰⁾ Standard & Poor's RatingsDirect – 'The Islamic financial industry comes of age', BusinessWeek, 27. október 2006.

¹¹⁾ Upplýsingar frá OMX og NASDAQ, World federation of Exchanges, upplýsingar miðaðar við fyrstu 9 mánuðina/30. september 2007.

skráð á mörkuðum sínum með leiðandi markaðshlutdeild skráninga í tækni-, hugbúnaðar-, fjarskiptatækni- og kvoðu- og pappírsmarkaðunum um allan heim. Útgefendur verðbréfa sem skráðir væru hjá NASDAQ OMX samstæðunni yrðu tengdir nýjungagjarnri, framtíðarmiðaðri alþjóðlegri kauphöll með jafnokum öflugustu fyrirtækja heims í öllum iðngeirum og hefðu aðgang að breiðum hópi fjárfesta og mikilli uppsprettu lausafjár og auðseljanlegra eigna. Þetta, auk mikils hraða í framkvæmd viðskipta og geta til að framkvæma samræmd viðskipti milli landa myndi færa útgefendum aukinn sýnileika og aðgengi að alþjóðlegu fjármagni.

Veitandi kauphallartækni (e. exchange technology) í fremstu röð
NASDAQ OMX samstæðan yrði leiðandi í því að veita kauphallartækni í heiminum. OMX hefur verið frumkvöðull í sköpun sannkallaðs samræmds verðbréfamarkaðar þvert á landamæri og hefur einnig myndað heimsþekktan hóp viðskiptavina á tæknisviðinu sem samanstendur af kauphöllum sem hafa viðskipti með hlutafé, skuldir og afleiður en kerfi þess er notað á meira en 60 mörkuðum í meira en 50 löndum um allan heim, þar á meðal Hong Kong, Singapúr, Ástralíu og í Bandaríkjunum. Sem heimsins fyrsta rafræna kauphöll var NASDAQ frumkvöðull að rafrænum viðskiptum og hefur haldið áfram að koma með nýjungar undanfarin 30 ár og hefur nú fljótverkustu og öflugustu viðskiptamiðstöð í Bandaríkjunum. Sameiginlega gætu NASDAQ og OMX séð fjármagnsmörkuðum heimsins fyrir tæknilausnum, þar sem samkeppni eykst stöðugt og sem verða stöðugt kröfuharðari fyrir tækni, en fjármagnsmarkaðirnir krefjast þess í auknum mæli að kauphallir geti undantekningalaust tryggt besta verðið fyrir fjárfesta og viðskiptavinum, sem er náttúrlegur styrkur öflugrar tækni og viðskiptamiðstöðvar NASDAQ og OMX. Viðtæk reynsla og sérþekking í að veita fyrsta flokks kauphallartækni OMX á heimsvísu til þróaðs og breiðs hóps viðskiptavina, ásamt framúrskarandi tækni NASDAQ og heimsþekktu vörumerki þess og þróaðri þjónustu og stuðningur þess við vaxandi nýsköpunarfyrirtæki veitir afar mikla möguleika til vaxtar og til að bæta sameiginlegan tæknipátt starfsemi þeirra. Áhersla NASDAQ OMX samstæðunnar á að vera leiðandi afl í tæknivæðingunni og blandan af sérþekkingu og vörumerkjum NASDAQ og OMX myndi skapa vaxtatekifæri og aukna sölu á tækni og tengdri þjónustu um allan heim.

Afar samkeppnishæft útboð á afleiðumarkaði

NASDAQ OMX samstæðan myndi skapa mjög samkeppnishæfan afleiðumarkað. OMX Nordic Exchange er þriðji stærsti markaður Evrópu fyrir viðskipti og greiðslujöfnun (e. clearing) með hlutafjártengdar afleiður með dagleg viðskipti sem nema að meðaltali 656.880 samningum.¹²⁾ Dreifikerfi OMX Nordic nær til alþjóðlegs netkerfis tenginga við kauphallir og greiðslumiðlunarstofnanir og tæknilausnir OMX eru einnig notaðar hjá öðrum leiðandi afleiðukauphöllum víðs vegar um heiminn og yrðu lykilþáttur í viðleitni NASDAQ OMX samstæðunnar til að ná hlutdeild í hinum mikla vexti í afleiðuviðskiptum um allan heim.

Aukin viðskipti með upplýsingar með meira innihaldi og bættri alþjóðlegri dreifingu

NASDAQ OMX samstæðan fengist við aukin viðskipti með upplýsingar með auknu innihaldi og bættri alþjóðlegri dreifingu. NASDAQ OMX samstæðan hefur í hyggju að nýta dreifingarmöguleika hvernar stofnunar til að stækka hóp viðskiptavina fyrir núverandi upplýsingavörur NASDAQ og OMX og að veita bætta upplýsingar sem innihalda virðisaukandi þjónustu (e. value-added services) til markaðsaðila. Í gegnum dreifingarnet NASDAQ sem inniheldur yfir 250 upplýsingamiðlara (e. data vendors) og dreifingarnet OMX sem inniheldur yfir 100 upplýsingamiðlara, yrði NASDAQ OMX samstæðunni kleift að bæta gagnsæi á alþjóðlegum mörkuðum. Markaðsupplýsingar myndaðar af NASDAQ OMX samstæðunni myndu nýta sérþekkingu og þróa nýjungagjarnar upplýsingavörur og sameinaðar vísitölur sem myndu innihalda og/eða falla vel að hlutabréfum og afleiðum NASDAQ og OMX.

Aukin stefnumarkandi tækifæri

NASDAQ OMX samstæðan hefði aukin stefnumarkandi tækifæri. NASDAQ OMX samstæðan með aukin fjárhagsleg og stjórnumarleg úrræði yrði fyrsti kostur aðila með tilliti til framtíðar-, samstarfs-, og sameiningarmöguleika og yrði í góðri stöðu til að keyra áfram innri vöxt og halda áfram að taka frumkvæði í sameiningu sviða (e. sector consolidation) í Evrópu, á nýjum mörkuðum, Ameríku og Asíu. Bæði NASDAQ og OMX myndu njóta góðs af auknum landfræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytileika í vörum og sviðum og hvort um sig myndu njóta góðs af mikilvægum eignum hvors annars í atvinnugreininni.

¹²⁾ OMX upplýsingar, janúar-september 2007.

Verulegir möguleikar til samlegðaráhrifa

NASDAQ OMX samstæðan myndi hafa umtalsverð samlegðartækifæri í ljósi þess að gert er ráð fyrir að kaupin á OMX skapi umtalsverð verðmæti fyrir hluthafa, en heildarverðmæti samlegðaráhrifa fyrir skatta eru áætluð 150 milljónir bandaríkjadala (þar af eru 100 milljónir bandaríkjadala vegna samlegðaráhrifa til sparnaðar á kostnaði (e. cost synergies) og 50 milljónir bandaríkjadala áætlaðar vegna samlegðaráhrifa til aukningar á tekjum (e. revenue synergies)) fyrir 2010. Áætlað er að kostnaðarsparnaðurinn upp á 100 milljónir bandaríkjadala sem samlegðaráhrifin hafa í för með sér samanstandi af 66 milljónum bandaríkjadala í hagræðingu upplýsingatækniþerfa og gagnasetra og 34 milljónir bandaríkjadala í hagræðingu á starfsemi sem ekki varðar upplýsingatækni, auk lækkaðra fjárfestingarútgjalda og kostnaðar við öflun aðfanga. Áætlað er að tekjuaukningin upp á 50 milljónir bandaríkjadala sem samlegðaráhrifin hafi í för með sér verði fölginn í 30 milljónum bandaríkjadala vegna viðskiptaþjónustu, 10 milljónum dala vegna þjónustu við útgefendur og 10 milljónum dala vegna upplýsingaþjónustu. Auknum tekjum vegna samlegðaráhrifa yrði náð fram með greiðari aðgangi að lausafé og auðseljanlegum eignum, auknum viðskiptum á milli landa, auknum alþjóðlegum skráningum, tilbúnum upplýsingavörum og bættri sölu á tækni.

ÁLIT NASDAQ Á ÁVINNINGI HAGSMUNAAÐILA AF TENGINGU NASDAQ OG OMX

NASDAQ hefur bent á eftirfarandi ávinning fyrir hagsmunaaðila í OMX ef NASDAQ tengist OMX með áðurgreindum hætti.

Starfsmenn OMX

Áætlun NASDAQ OMX samstæðunnar er sú að vaxa og fjölga viðskiptavinum. Í því samhengi hafa bæði starfsmenn NASDAQ og OMX aukin atvinnutækifæri sem starfsmenn samstæðunnar.

NASDAQ gerir ekki ráð fyrir því, til skamms tíma, að samtengingin við OMX muni hafa veruleg áhrif á skilyrði atvinnu mikils meirihluta núverandi starfsmanna OMX (þ. á m. Yfirstjórnar). Sumir starfsmenn munu þó sjá breytingar í ábyrgð, sérstaklega til miðlungs og lengri tíma, með samtengingu fyrirtækjanna tveggja.

Fjármálamiðstöðin Stokkhólmur (Finansplats Stockholm)

NASDAQ leggur áherslu á Fjármálamiðstöðina Stokkhólm og Norðurlönd og Eyrstrasaltssvæðið, þ.m.t. regluverk og starfsgrundvöll og starfshætti á Norðurlöndum og á Eyrstrasaltssvæðinu. NASDAQ gerir sér grein fyrir því að fjármálamarkaður Stokkhólms er ein helsta drifljöður sænsks efnahagslífs. Stefna NASDAQ OMX samstæðunnar á Norðurlöndum og Eyrstrasaltssvæðinu er sú að byggja á öflugum núverandi fyrirtækjum, markaðslíkönunum og áhrifum hagsmunaaðila OMX.

NASDAQ OMX samstæðan og Borse Dubai, munu styðja núverandi rannsóknir og þróun í Stokkhólmi og efla Stokkhólm sem framúrskarandi alþjóðlega þekkingarmiðstöð á sviði fjármálatækni. NASDAQ OMX samstæðan hefur í huga að veita Norðurlöndum og Eyrstrasaltssvæðinu og Fjármálamiðstöðinni Stokkhólmi nauðsynlegan styrk og uppbyggingu til að auka umsvif sem líklegt er að stuðli að fleiri atvinnutækifærum í Stokkhólmi og leitast við að tryggja að Stokkhólmur verði viðurkenndur sem fjármálamiðstöð í fremstu röð í Norður-Evrópu 2010. Í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu Fjármálamiðstöðvarinnar Stokkhólms styður NASDAQ vel við núverandi þróun eftirfarandi sviða:

- **Reglur og eftirlit** – NASDAQ OMX samstæðan mun styðja núverandi regluverk og starfsgrundvöll, starfshætti og virkt eftirlit á Norðurlöndum og Eyrstrasaltssvæðinu. NASDAQ mun halda áfram virkri samvinnu við SEC, fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna (Treasury Department) og bandaríska alríkisþingið (Congress) til að leitast við að tryggja að engin bandarísk lög eða reglugerðir hafi bein eða óbein áhrif sem afleiðing viðskipta þessara. Fjármálaeftirlitið í öllum lögsagnarumdæmunum sjö hefur fengið skriflega staðfestingu frá SEC þess efnis.
- **Samkeppni** – NASDAQ OMX samstæðan hefur í hyggju að viðhalda samkeppnisstöðu Norðurlandanna og Eyrstrasaltssvæðisins í kjölfar innleiðingar tilskipunar um markaði með fjármálagerninga (Directive on Markets in Financial Instruments – „MiFID“) með aukinni hagkvæmni og nýju verklagi í viðskiptum og markaðsuppbyggingu í allri Evrópu
- **Hagkvæmni og gagnsæi** – NASDAQ OMX samstæðan mun halda áfram að leggja áherslu á lágan kostnað, gagnsæi og markaðshagkvæmni til hagsbóta fyrir hlutabréfamarkaði á Norðurlöndum og Eyrstrasaltssvæðinu
- **Menntun og rannsóknir** – NASDAQ OMX samstæðan mun styðja við menntun og rannsóknir, m.a. með námskeiðum og akademískum nefndum innan Fjármálamiðstöðvar Stokkhólms

Enn fremur staðfestir NASDAQ OMX samstæðan skuldbindingu sína við:

- að höfuðstöðvar NASDAQ OMX samstæðunnar fyrir Evrópu verði í Stokkhólmi; að höfuðstöðvar NASDAQ OMX samstæðunnar á sviði tæknilegra heimsviðskipta verði í Stokkhólmi;
- að stöður lykilstjórnenda verði í Stokkhólmi, þ.m.t. staða yfirmanns tækniviðskipta, staða yfirmanns tækniframkvæmda og staða yfirmanns norrænna markaða;
- að mælt verði með að fjórir stjórnarmenn OMX taki sæti í stjórn NASDAQ OMX samstæðunnar, þ.m.t. varaformaður stjórnar; og
- að stjórn OMX Nordic Exchange Group Oy starfi áfram með óbreyttum hætti með núverandi norrænni samsetningu.

NASDAQ er þess fullvisst að NASDAQ og Borse Dubai geti veitt NASDAQ OMX samstæðunni mikla vaxtarmöguleika innan evrópskra fjármálamarkaða með Stokkhólm sem starfsmiðstöð fyrir starfseminu um alla Evrópu, svo og á nýjum mörkuðum, með því að beita tækni og þekkingu NASDAQ OMX samstæðunnar í Stokkhólmi til að aðstoða við uppbyggingu fjármagnsmarkaða á þeim svæðum í heiminum þar sem vöxtur er mikill.

Fjárfestar og meðlimir

Í kjölfar þess að kaup NASDAQ á OMX yrðu klárð myndu fjárfestar og meðlimir hafa hag af auknu aðgengi að lausafé og auðseljanlegum eignum og auknum viðskiptum, sameiginlegu stoðkerfi í upplýsingatækni og tölvutengslum beggja kauphallanna, aðgengi að fleiri vörutegundum og jákvæðri fjölbreytni í eignasöfnum.

Útgefendur

Í kjölfar þess að kaup NASDAQ á OMX yrðu klárð myndu útgefendur í OMX-kauphöllum hafa hag af auknum sýnileika og beinum aðgangi að stærsta fjárfestahópi heims vegna tengsla við NASDAQ og búist er við að meiri viðskipti og meira fjármagn muni draga úr fjármagnskostnaði fyrir slíka útgefendur.

Viðskiptavinir á sviði tækni

Í kjölfar þess að kaup NASDAQ á OMX yrðu klárð myndu viðskiptavinir á sviði tæknilausna halda áfram að hagnast á þeirri innsýn í markaði sem NASDAQ OMX Group fær með þátttöku í fjármagnsmörkuðum og sameiginleg sérfræðiþekking myndi flýta fyrir þróun næstu kynslóðar kauphallartækni þegar fjárfestar og meðlimir krefjast þess æ meir að hafa aðgang að viðskiptum með fjölbreytta eignaflokka (multi-asset class trading platforms).

Upplýsingaveitendur og upplýsingasalar

Í kjölfar þess að kaupum NASDAQ á OMX yrði lokið, myndu upplýsingaveitendur- og miðlarar fá meira úrval og bætta dreifingu á alþjóðavísu og markaðsupplýsingar munu gera NASDAQ OMX samstæðunni kleift að nýta sér vörubekkingu sína og stuðla að þróun ýmissa samþættra vísitalna sem myndu innihalda hlutabréf og afleiður úr núverandi vísitölum sem féllu vel saman.

SKÝRLSA FRÁ STJÓRN BORSE DUBAI

Þetta tilboðsskjal hefur verið tekið saman af stjórn Borse Dubai í tengslum við tilboðið. Að undanskildum upplýsingum um OMX, á blaðsíðum 39–76 og upplýsingum er varða NASDAQ og tengingu NASDAQ og OMX í köflum: „Ástæður NASDAQ fyrir tengingu við OMX“ á bls. 8–10, „Álit NASDAQ á ávinningi hagsmunaaðila af tengingu NASDAQ og OMX“ á bls. 10–11, „Yfirtökuskylda og hugsanleg afskráning (meginfyrirkomulag tilboðs)“ á bls. 16 og „NASDAQ yfirlit (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)“ á bls. 88 – 89 skal fullýrt að samkvæmt bestu vitund stjórnar Borse Dubai að þær upplýsingar sem birtar eru í þessu tilboðsskjali lýsa raunverulegum aðstæðum.

Lýsingu á OMX á bls. 39–76 hefur stjórn OMX farið yfir og upplýsingarnar í tengslum við NASDAQ og tengingu NASDAQ við OMX í fyrrgreindum köflum hafa stjórnendur NASDAQ sem hafa til þess heimild frá stjórn NASDAQ farið yfir.

Þar sem samhengið krefst þess eða leyfir, felur tilvísun í þessu tilboðsskjali til „Borse Dubai“ í sér tilvísun til dótturfyrirtækja annarra en OMX og dótturfyrirtækja þess.

Dubai, 4 janúar 2008

Borse Dubai

Stjórn

SKÝRSLA FRÁ NASDAQ

Upplýsingarnar sem lúta að NASDAQ og tengingu NASDAQ og OMX í köflum: „Ástæður NASDAQ fyrir tengingu við OMX“ á bls. 8–10, „Álit NASDAQ á ávinningi hagsmunaaðila af tengingu NASDAQ og OMX“ á bls. 10–11, „Yfirtökuskylda og hugsanleg afskráning (megin fyrirkomulag tilboðs)“ á bls. 16 og „NASDAQ yfirlit (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)“ á bls. 88–89 í þessu tilboðsskjali hefur verið yfirfarin af stjórnendum NASDAQ sem hafa til þess heimild frá stjórn NASDAQ. Það er álit þessara stjórnenda NASDAQ að upplýsingarnar sem þar koma fram séu réttar, þó þær veiti ekki heildarmynd af NASDAQ og tengingu NASDAQ við OMX.

New York, 4. janúar 2008

NASDAQ

Skilmálar og skilyrði

TILBOÐIÐ

Borse Dubai býður, í gegnum dótturfélag sitt, BD Stockholm, sem er að fullu í eigu Borse Dubai, 265 sænskar krónur, í kjölfar aukningarinnar hinn 26. september 2007, fyrir hvern hlut í OMX. Tilboðsverðið er háð öllum leiðréttingum sem svara til verðmætis hvers konar arðgreiðslna eða annarra úthlutana af hálfu OMX áður en tilboðið er gert upp.¹³⁾

Engin umboðslaun verða tekin í tengslum við tilboðið.

SKILYRÐI TILBOÐSINS

Lúkning tilboðsins er háð því:

- (i) að tilboðið sé samþykkt þannig að Borse Dubai eignist hluti sem nema meira en 50% af OMX-hlutabréfunum¹⁴⁾
- (ii) að öll nauðsynleg leyfi opinberra stjórnvalda eða annarra yfirvalda, þ.m.t. samkeppniseftirlita og fjármálaeftirlita, í tengslum við tilboðið, fullnustu þess og kaup Borse Dubai á OMX, hafi fengist með skilmálum sem Borse Dubai getur fallist á, eða viðkomandi tímafrestir eða biðtími í tengslum við þau hafi runnið út eða verið lokið og engin boð hafi borist um að til standi að afturkalla, fresta, takmarka, leggja á neinar kvaðir í því sambandi, breyta, lagfæra eða endurnýja ekki hvers konar heimildir, vottorð, starfsleyfi, leyfi eða samþykktir í þágu OMX eða einhvers dótturfélags þess;
- (iii) að hvorki tilboðið, framkvæmd þess né kaup allra OMX-hlutabréfanna hafi verið að hluta eða öllu leyti gerð ómöguleg eða verulega heft sökum lagasetningar, setningar reglugerðar eða úrskurðar dómstóls, stjórnvalds eða annarra eftirlitsaðila eða af völdum annarra sambærilegra ráðstafana sem Borse Dubai fær ekki ráðið við;
- (iv) að ekki hafi orðið nein alvarleg neikvæð breyting (e. material adverse change) á fjárhagsstöðu eða starfsemi OMX eftir að tilkynnt var um tilboðið, sem hefur alvarleg neikvæð áhrif eða eðlilegt er að búast við að hún hafi slík áhrif á lausafjárstöðu OMX, sölu, afkomu eða eigið fé og ekki er eðlilegt að Borse Dubai hafi vitað um eða getað gert ráð fyrir á þeim tíma þegar tilboðið var kynnt;
- (v) að engar upplýsingar, sem OMX hefur opinberað eða OMX hefur tilkynnt Borse Dubai, séu efnislega rangar, ófullnægjandi eða villandi og að OMX hafi ekki látið hjá líða að opinbera hvers konar efnislegar upplýsingar sem OMX hefði átt að birta opinberlega;
- (vi) að enginn annar aðili geri tilboð eða NASDAQ hækki tilboð sitt til að kaupa hluti í OMX með skilmálum sem eru hagstæðari hluthöfum OMX en tilboðið; og
- (vii) að OMX geri engar ráðstafanir sem að jafnaði er ætlað að skaða forsendur fyrir fullnustu tilboðsins.

Borse Dubai áskilur sér rétt til að afturkalla tilboðið ef ljóst þykir að einhverju ofangreindra skilyrða hefur ekki verið fullnægt eða ekki er unnt að fullnægja einhverju ofangreindra skilyrða. Hins vegar, hvað varðar skilyrði (ii)-(v) og (vii), verður tilboðið því aðeins afturkallað að vanefnd slíks skilyrðis skipti miklu máli við kaup Borse Dubai á hlutum í OMX.

Borse Dubai áskilur sér rétt til að veita undanþágu, að öllu leyti eða að hluta, frá einu eða fleiri ofangreindra skilyrða, þ. m.t., hvað varðar skilyrði (i) hér að ofan, að láta tilboðið gilda þrátt fyrir að samþykkishlutfall sé lægra.

SAMÞYKKISTÍMABIL

Samþykkistímabilið samkvæmt tilboðinu hefst 8. janúar 2007 og endar kl. 23:59 að New York tíma þann 5. febrúar 2008, sem er kl. 05.59 þann 6. febrúar að sænskum tíma („Samþykkistímabilið“). Samþykkistímabilið kann þó að vera framlengt í samræmi við neðangreint.

SAMÞYKKI

Svíþjóð

Hluthöfum OMX, sem eiga hluti sem skráðir eru á nöfn þeirra hjá VPC AB („VPC“) (Sænsku verðbréfaskráningunni – Swedish Central Securities Depository) og óska eftir að taka tilboðinu, ber á samþykkistímabilinu að senda rétt útfyllt samþykkiseyðublað til:

Avanza Bank AB

Heimsóknarstaðsetning: Klarabergsgatan 60
Svarspost 20116880
SE-120 20 Stokkhólm
Svíþjóð
Sími: +46 8 562 251 20

Samþykkiseyðublaðið ber að afhenda eða póstsenda, helst í meðfylgjandi fyrirframgreiddu umslagi, með nægilegum fyrirvara fyrir lokadag samþykkistímans svo að Avanza Bank AB fái það í hendur fyrir lok samþykkistímabilsins. Samþykkiseyðublaðið má einnig senda bönkum eða öðrum verðbréfastofnunum í Svíþjóð svo að nægur tími gefist til að senda það áfram til Avanza Bank AB fyrir lok samþykkistímabilsins.

Upplýsingar um VP-reikningsnúmer og núverandi hlutabréfaeign eru tilgreindar á samþykkiseyðublaðinu sem sent er samhliða þessu tilboðsskjali. Hluthafar ættu að ganga úr skugga um að áprentaðar upplýsingar á samþykkiseyðublaðinu séu réttar.

¹³⁾ Í því tilviki að greiddur er út arður eða annars konar úthlutun (Sw. värdeöverföring) í reiðufé á sér stað, þá mun tilboðsverðið lækka til samræmis við þá fjárhæð sem greidd er eða úthlutað er af hverjum hlut. Eigi úthlutun sér stað með annars konar verðmætum skal lækkun tilboðsverðsins samsvara markaðsviði þeirrar úthlutunar fyrir hvert OMX-hlutabréf.

¹⁴⁾ Þann 26. september 2007 breytti Borse Dubai samþykkishlutfallinu úr meira en 90% í meira ein 50%.

Ef hlutabréf eru skráð á nafn tilnefnds umboðsaðila (e. nominee) fá hluthafar ekki sent þetta tilboðsskjal eða samþykkiseyðublað. Þess í stað er samþykki veitt í samræmi við fyrirmæli frá tilnefndum umboðsaðila. Ef hlutabréf hafa verið veðsett verður veðhafi einnig að undirrita samþykkiseyðublaðið sem sent er.

Vinsamlegast athugið að ef samþykkiseyðublaðið er ekki fyllt út með tæmandi upplýsingum eða ranglega fyllt út er heimilt að hafa viðkomandi samþykki að engu.

Finnland

Hluthöfum OMX, sem eiga hlutabréf sem eru skráð á þeirra eigin nöfn í finnska verðbréfareikningskerfinu (e. Finnish book-entry securities system, og óska eftir að taka tilboðinu, ber á samþykkistímabilinu að afhenda fyllilega útfyllt samþykkiseyðublað til umsýjaraðila verðbréfareiknings (e. book entry account) eða Evli Bank. Samþykkiseyðublaðið verður að berast umsýjaraðila verðbréfareiknings eða Evli bank fyrir lok samþykkistímabilsins.

Hluthafar OMX, sem eiga hlutabréf sem eru skráð á þeirra eigin nöfn í finnska verðbréfareiknings-kerfinu, munu fá tilboðsýfirlit þetta og hinn finnska viðauka þess sent á það heimilisfang sem skráð er hjá hlutaskrá Verðbréfasráningar Finnlands (fi. *Suomen Arvopaperikeskus OY* („APK“)). Hluthafarnir mun fá samþykkiseyðublað annað hvort frá umsýjaraðila verðbréfareiknings síns eða Evli Bank. Hluthafar ættu að ganga úr skugga um að áprentaðar upplýsingar á samþykkiseyðublaðinu séu réttar og ef ekki, leiðrétta rangar upplýsingar. Ef OMX-hluthafa berst ekki viðeigandi samþykkiseyðublað frá umsýjaraðila verðbréfareiknings síns er unnt að panta slíkt samþykkiseyðublað hjá uppgjörfulltrúa í Evli Bank eða á heimasíðu Evli www.evli.com, í síma +358 9 476 9931 eða með pöntun með pósti eða með tölvupósti:

Evli Bank Plc/Orpation

Heimsóknarstaðsetning: Aleksanterinkatu 19A
P.O. Box 1081
FIN-00101 Helsinki
Finnland
Sími: +358 9 4766 9931

Ef hlutabréf eru skráð á nafn tilnefnds umboðsaðila fá hluthafar ekki sent þetta tilboðsskjal eða samþykkiseyðublað. Þess í stað er samþykki gert í samræmi við fyrirmæli frá tilnefndum umboðsaðila. Ef hlutabréf hafa verið veðsett verður veðhafi einnig að undirrita samþykkiseyðublaðið sem sent er.

Vinsamlegast athugið að ef samþykkiseyðublaðið er ekki fyllt út með tæmandi upplýsingum eða ranglega fyllt út er heimilt að hafa viðkomandi samþykki að engu.

Danmörk

Hluthafar í OMX með hlutabréf skráð á eigin nafni hjá Verðbréfasráningu Danmerkur (Da. *Værdipapircentralen A/S*) („danska VP“), og vilja taka tilboðinu innan samþykkistímabilsins skulu hafa samband við sinn eigin vörslubanka eða verðbréfamiðlara og óska þess að samþykki fyrir tilboðinu sé sent til Danske Bank:

Danske Bank

Corporate Actions
Holmens Kanal 2–12
DK-1092 Kaupmannahöfn
Danmörk
Sími: +45 45 143694
Fax: +45 43 55 12 23

Hluthafar, sem óska eftir að taka tilboðinu, eru beðnir að nota samþykkiseyðublaðið, sem fylgir þessu tilboðsskjali. OMX-hluthafar ættu að gefa gaum að því að samþykkið ber að senda eigin vörslubanka eða verðbréfamiðlara í tæka tíð til þess að gera vörslubankanum eða verðbréfamiðlaranum kleift að vinna og senda samþykkið til Danske Bank þannig að það berist til Danske Bank fyrir lok samþykkistímabilsins.

Upplýsingar um VP-reikningsnúmer og fjölda samþykktra hlutabréfa ber að skrá á samþykkiseyðublaðið. Hluthafar ættu að ganga úr skugga um að áprentaðar upplýsingar á samþykkiseyðublaðinu séu réttar. Hluthafar sem skráðir eru eigendur í hlutaskrá, hjá VP Investor Service, munu fá þetta tilboðsskjal og samþykkiseyðublað.

Vinsamlegast athugið að ef samþykkiseyðublaðið er ekki fyllt út með tæmandi upplýsingum eða ranglega fyllt út er heimilt að hafa viðkomandi samþykki að engu.

Ísland

OMX-hluthöfum, sem eiga hlutabréf skráð á eigin nafn hjá Verðbréfasráningu Íslands og óska eftir að taka tilboðinu, ber að senda rétt útfyllt samþykkiseyðublað innan samþykkistímabilsins til:

H.F. Verðbréf hf.

Skólavörðustíg 11
IS-101 Reykjavík
Ísland
Sími: +354 585 1700

Samþykkiseyðublaðið ber að afhenda eða póstsenda, helst í meðfylgjandi umslagi, sem burðargjald hefur verið greitt fyrir, í tæka tíð fyrir lokadag samþykkistímabilsins svo að það berist til H.F. Verðbréfa fyrir lok samþykkistímabilsins.

Upplýsingar um VS-reikningsnúmer og núverandi hlutabréfaeign eru tilgreindar á samþykkiseyðublaðinu sem hefur verið sent ásamt þessu tilboðsskjali. Hluthafar ættu að ganga úr skugga um að áprentaðar upplýsingar á samþykkiseyðublaðinu séu réttar.

Ef hlutabréf eru skráð á nafn tilnefnds umboðsaðila fá hluthafar ekki sent þetta tilboðsskjal eða samþykkiseyðublað. Þess í stað er samþykki veitt í samræmi við fyrirmæli frá umboðsaðila. Ef hlutabréf hafa verið veðsett verður veðhafi einnig að undirrita samþykkiseyðublaðið sem sent er.

Borse Dubai áskilur sér rétt til að líta svo á að ranglega útfyllt samþykkiseyðublað sé gilt samþykki tilboðsins. Vinsamlegast athugið samt að ef samþykkiseyðublað er ekki fyllt út með tæmandi upplýsingum eða ranglega fyllt út er heimilt að hafa viðkomandi samþykki að engu.

SAMÞYKKI VIÐURKENNT**Svíþjóð**

Eftir að samþykkiseyðublaðið hefur verið mótttekið verða hlutabréfin flutt á nýopnaðan, lokaðan VP-reikning (flutningsreikning án peninga) (non-cash transfer account) í nafni handhafa hlutabréfanna. Í sambandi við þetta mun VPC senda yfirlit („VP-yfirlit“) þar sem lýst er flutningi af upphaflegum VP-reikningi og VP-yfirlit sem sýnir flutning inn á nýopnaðan VP-reikning í nafni eiganda.

Finnland

Eftir að samþykkiseyðublaðið hefur borist í hendur umsjónaraðila verðbréfareiknings eða Evli Bank verður skráð framsalsbann um OMX-hlutabréfin á viðkomandi verðbréfareikning.

Danmörk

OMX-hluthafar, sem hafa samþykkt tilboðið, fá afhentan uppgjörssæðil eigi síðar en þrem virkum dögum eftir uppgjör tilboðsins.

Ísland

Hluthafar OMX sem hafa samþykkt tilboðið munu fá afhentan uppgjörssæðil eigi síðar en þrem virkum dögum eftir uppgjör tilboðsins.

UPPGJÖR

Uppgjör tilboðsins hefst ekki fyrr en Borse Dubai hefur tilkynnt að skilyrðum tilboðsins hafi verið fullnægt eða undanþága veitt frá þeim.

Svíþjóð

Að því gefnu að Borse Dubai tilkynni að skilyrðum tilboðsins hafi verið fullnægt eða undanþága veitt frá þeim eigi síðar en 8. febrúar 2008 er gert ráð fyrir að uppgjör varðandi hluthafa, sem eiga OMX-hlutabréf hjá VPC, muni hefjast 15. febrúar 2008. eða um það leyti.

Uppgjör tilboðsins fer fram með því móti að sendur verður uppgjörssæðill til þeirra sem hafa samþykkt tilboðið. Tilboðsfjárhæðin verður lögð inn á innlánsreikning sem tengdur er VP-reikningi sem hlutirnir í OMX voru skráðir á. Ef innlánsreikningur er ekki fyrir hendi eða ef um er að ræða bankagíróreikning fer greiðsla fram með plúsgírótilkynningu. Í tengslum við uppgjör tilboðsins verða hlutirnir teknir út af hinum lokaða VP-reikningi sem þá er felldur niður. Ekkert VP-yfirlit verður sent út varðandi þetta.

Ef hlutir eru skráðir á nafn umboðsaðila verður yfirlit sent umboðsaðilanum. Hafa ber í huga að jafnvel þótt hlutirnir séu veðsettir fer greiðsla fram inn á innlánsreikning eða með plúsgírótilkynningu.

Finnland

Að því gefnu að Borse Dubai tilkynni að skilyrðum tilboðsins hafi verið fullnægt eða undanþága veitt frá þeim eigi síðar en 8. febrúar 2008 er gert ráð fyrir að uppgjör varðandi hluthafa, sem eiga OMX-hlutabréf skráð í finnska verðbréfaskráningarkerfinu (Finnish book-entry securities system) muni hefjast 15. febrúar eða um það leyti.

Uppgjör tilboðsins fer fram með því að eignfæra tilboðsfjárhæðina á bankareikning, sem hluthafi eða umsjónarmaður verðbréfareiknings hans hefur tilgreint, eða, ef hlutabréfin eru skráð á umboðsaðila, á þann bankareikning sem tilgreindur er á samþykkiseyðublaðinu og með því að taka OMX-hlutabréfin út af viðkomandi verðbréfareikningi. Tilboðsfjárhæðinni verður breytt úr sænskum krónum í evrur á gildandi gengi sænskra króna gagnvart evrum á deginum sem viðskiptin áttu sér stað að því er varðar hina framboðnu hluti í OMX.

Ef hlutabréfin eru skráð á nafn umboðsaðila verður yfirlitið sent umboðsaðilanum. Athugið að jafnvel þótt hlutabréfin hafi verið veðsett verður greiðslan innt af hendi inn á innlánsreikninginn.

Danmörk

Að því gefnu að Borse Dubai tilkynni að skilyrðum tilboðsins hafi verið fullnægt eða undanþága veitt frá þeim eigi síðar en 8. febrúar 2008 er gert ráð fyrir að uppgjör varðandi hluthafa, sem eiga OMX-hlutabréf hjá danska VP muni hefjast 15. febrúar 2008 eða um það leyti.

Uppgjör tilboðsins fer fram á vegum vörslubanka hluthafa eða verðbréfamiðlara til þeirra sem hafa samþykkt tilboðið. Tilboðsfjárhæðin verður eignfærð á ávöxtunarreikning (e. yield account) sem tengist danska VP reikningi hluthafans. Ef ekki er um ávöxtunarreikning að ræða verður greiðsla innt af hendi samkvæmt fyrirmælum á uppgjörssæðli. Tilboðsfjárhæðinni verður breytt úr sænskum krónum í danskar krónur á gildandi gengi sænskra króna miðað við danskar krónur á deginum sem viðskiptin áttu sér stað að því er varðar hina framboðnu hluti í OMX.

Ef hlutabréfin eru skráð á nafn umboðsaðila verður yfirlitið sent til umboðsaðilans. Athugið að jafnvel þótt hlutabréfin hafi verið veðsett verður greiðslan innt af hendi inn á innlánsreikninginn.

Ísland

Að því gefnu að Borse Dubai tilkynni að skilyrðum tilboðsins hafi verið fullnægt eða undanþága hafi verið veitt frá þeim eigi síðar en 8. febrúar 2008 er gert ráð fyrir að uppgjör varðandi hluthafa, sem eiga OMX-hlutabréf hjá Verðbréfaskráningu Íslands muni hefjast 12. febrúar 2008 eða um það leyti.

Tilboðsfjárhæðin verður greidd þeim OMX-hluthafa, sem hefur samþykkt tilboðið með gildum hætti, inn á bankareikning sem tilgreindur er á samþykkiseyðublaðinu. Tilboðsfjárhæðinni verður breytt úr sænskum krónum í íslenskar krónur á gildandi gengi sænskra króna miðað við íslenskar krónur á deginum sem viðskiptin áttu sér stað að því er varðar hina framboðnu hluti í OMX.

Ef hlutabréfin eru skráð á nafn umboðsaðila verður yfirlitið sent umboðsaðilanum. Athugið að jafnvel þótt hlutabréfin hafi verið veðsett verður greiðslan innt af hendi inn á innlánsreikninginn.

RÉTTUR TIL AÐ AFTURKALLA SAMÞYKKI TILBOÐSINS

Eigendur OMX-hlutabréfa hafa rétt til að afturkalla samþykki sitt við tilboðið meðan upphaflega samþykkistímabilið varir í samræmi við neðangreinda skilmála. Ef einhver skilyrði fyrir lúkningu tilboðsins, sem Borse Dubai áskilur sér rétt til að falla frá, eru í gildi á meðan á framlengingu samþykkistímabilsins stendur gildir réttur til að afturkalla samþykki með sama hætti allan framlengingartíma slíks samþykkistímabils.

Svíþjóð

Eigendur OMX-hlutabréfa, sem skráð eru í þeirra eigin nafni hjá verðbréfaskráningunni (VPC) sem óska eftir að afturkalla samþykki sitt ber, til þess að afturköllunin teljist gild, að afhenda afturköllunina skriflega þannig að hún berist til Avanza Bank AB (á ofangreindu pósthafi) áður en tilkynnt er að skilyrðum fyrir lúkningu tilboðsins hafi verið fullnægt eða frá þeim fallið eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið send á samþykkistímabilinu, fyrir lok samþykkistímabilsins samþykkistímabilsins. OMX-hluthöfum, sem eiga hlutabréf sem skráð eru á nafn umboðsmanns og óska eftir að afturkalla samþykki sitt, ber að gera það samkvæmt fyrirmælum umboðsmanns.

Finland

Ef eigendur OMX-hlutabréfa, sem skráð eru á eigin nafni hjá finnska verðbréfaskráningarkerfinu, óska eftir að afturkalla samþykki sitt, ber þeim, svo að afturköllunin teljist gild, að afhenda afturköllun sína skriflega til þess umsjónaraðila verðbréfareiknings sem upphaflega samþykkiseyðublaðið var sent til, þannig að hún hafi borist honum áður en tilkynnt er að skilyrðum fyrir lúkningu tilboðsins hafi verið fullnægt eða frá þeim fallið eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið birt á samþykkistímabilinu, fyrir lok samþykkistímabilsins. OMX-hluthafa ber að hlíta fyrirmælum umsjónaraðila verðbréfareiknings eða sjóðstjóra (e. asset manager) síns. Umsjónaraðili verðbréfareiknings viðkomandi OMX-hluthafa hefur rétt til að krefjast gjalds fyrir afturköllun samkvæmt samkomulagi hluthafa og viðkomandi umsjónaraðila. Hluthafar í OMX sem eiga hluti skráða á nafni umboðsmanns og vilja afturkalla samþykki verða að gera það í samræmi við fyrirmæli frá viðkomandi umboðsmanni.

Danmörk

Eigendum OMX-hlutabréfa, sem skráð eru hjá danska VP og óska eftir að afturkalla samþykki sitt, ber, til þess að afturköllunin teljist gild, að senda skriflega afturköllun til vörslubanka síns eða verðbréfamiðlara þannig að afturköllunin berist til Danske Bank (á pósthafi sem að framan er getið) áður en tilkynnt er að skilyrðum fyrir lúkningu tilboðsins hafi verið fullnægt eða frá þeim fallið eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið birt á samþykkistímabilinu, fyrir lok samþykkistímabilsins. Ef hlutabréfaeign er skráð á nafn umboðsmanns í banka eða hjá öðrum vörsluaðila verður afturköllun samþykkis að berast frá slíkum umboðsmanni.

Ísland

Vilji eigendur OMX-hlutabréfa, sem skráð eru á þeirra nöfn hjá Verðbréfaskráningu Íslands afturkalla samþykki sitt ber þeim, svo að afturköllunin teljist gild, að afhenda skriflega afturköllun H.F. Verðbréfum svo að afturköllunin berist H.F. Verðbréfum (á pósthafi sem að ofan er getið) áður en tilkynnt er að skilyrðum fyrir lúkningu tilboðsins hafi verið fullnægt eða frá þeim fallið eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið birt innan samþykkistímabilsins, fyrir lok samþykkistímabilsins. OMX-hluthöfum, sem eiga hlutabréf sem eru skráð á umboðsaðila og vilja afturkalla samþykki sitt, verða að gera það í samræmi við fyrirmæli frá viðkomandi umboðsmanni.

TILBOÐSSKJALID OG VIÐSKIPTASAMNINGARNIR

Tilboðsskjal þetta er hægt að hala niður af slóðinni www.borsedubai.com, www.avanza.se, www.evli.com eða hfv.is og er einnig hægt að fá ókeypis hjá Borse Dubai, Avanza Bank, Elvi Bank/Operations eða H. F. Verðbréfum. Ennfremur er hægt að fá OMX viðskiptasamninginn án endurgjalds hjá Borse Dubai eða hægt er að hala honum niður af slóðinni www.borsedubai.com.

SPURNINGAR UM TILBOÐID

Spurningum um tilboðið má beina til:

Svíþjóð:	Avanza Bank AB	+46 8 562 251 20
Finland:	Evli Bank	+358 9 4766 9931
Danmörk:	Danske Bank	+45 45 14 36 94
Ísland:	H.F. Verðbréf	+354 585 1700

RÉTTUR TIL AÐ FRAMLENGJA TILBOÐID

Borse Dubai áskilur sér rétt til að framlengja samþykkistímabilið og fresta uppgjörstíð.

YFIRTÖKUSKYLDA OG HUGSANLEG AFSKRÁNING

Meginfyrirkomulag tilboðs

Að gefinni lúkningu tilboðsins, og, að því marki sem öðrum skilyrðum samkvæmt viðskiptasamningunum hafi verið fullnægt eða fallið frá þeim mun Borse Dubai, að lokinni lúkningu tilboðsins, ljúka viðskiptum við NASDAQ, eins og þau eru skilgreind í viðskiptasamningunum, þ.e. að fylgt verði meginfyrirkomulagi tilboðs eins og það hugtak er skilgreint hér að neðan.

Að því marki sem öðrum skilyrðum viðskiptasamninganna hefur verið fullnægt eða frá þeim fallið, þ.e. að viðskiptasamningarnir haldi gildi sínu og þeim framfylgt og farið eftir meginfyrirkomulagi tilboðsins hyggst NASDAQ, að því marki sem NASDAQ hefur aflað meira en 90% af, eins fljótt og kostur er í kjölfar þess að NASDAQ hefur eignast 90% eða meira af OMX-hlutabréfum, láta afskrá OMX hjá OMX Nordic Exchange Stockholm (og öllum öðrum kauphöllum þar sem OMX er skráð að því marki sem slíkt ferli er ekki þegar hafið) og hyggst NASDAQ hefja aðgerðir vegna yfirtökuskyldu á þeim minnihlutabréfum í OMX sem eru þá útistandandi.

Annar valkostur tilboðs

Að gefinni lúkningu tilboðsins, að því marki sem öðrum skilyrðum samkvæmt viðskiptasamningunum hefur hvorki verið fullnægt né frá þeim fallið mun Borse Dubai, að lokinni lúkningu tilboðsins, ekki ljúka viðskiptum við NASDAQ, eins og þau eru skilgreind í viðskiptasamningunum, þ.e. að fylgt verði öðrum valkosti tilboðs eins og það hugtak er skilgreint hér að neðan.

Að því marki sem öðrum skilyrðum viðskiptasamninganna hefur hvorki verið fullnægt né frá þeim fallið, þannig að viðskiptasamningarnir eru fallnir úr gildi og farið eftir öðrum valkosti tilboðs hyggst Borse Dubai, að því marki sem meira en 90% af hlutabréfunum í OMX hefur verið aflað í eða í sambandi við tilboðið, svo skjótt sem mögulegt er eftir að Borse Dubai hefur aflað meira en 90% af OMX-hlutabréfum, láta afskrá OMX hjá OMX Nordic Exchange Stockholm (og öllum öðrum kauphöllum þar sem OMX er skráð að því marki sem slíkt ferli er ekki þegar hafið) og hyggst Borse Dubai hefja aðgerðir til yfirtöskuskyldu á þeim minnihlutabréfum í OMX sem eru þá útistandandi ef hið gagnstæða gerist ekki.

Að því marki sem OMX fullnægir enn viðeigandi kröfum um skráningu á OMX Nordic Exchange Stockholm að lokinni lúkningu tilboðsins, hefur Borse Dubai í hyggju að láta OMX halda áfram að vera skráð á OMX Nordic Exchange Stockholm en Borse Dubai mun, eftir ítarlegar viðræður við hagsmunaaðila, kanna þann möguleika að láta afskrá OMX hjá einhverjum eða öllum öðrum kauphöllum. Sem sagt, svo fremi sem OMX sé skráð áfram verður OMX háð skráningar- og upplýsingareglum OMX Nordic Exchange Stockholm, þar með talið skyldunni til að fara eftir sænsku reglunum um stjórnunarhætti fyrirtækja (e. Swedish Corporate Governance Code).

FJÁRMÖGNUN

Sé gert ráð fyrir að tilboðið verði samþykkt í heild og markaðsviðskiptin verði framkvæmd að öllu leyti mun heildarendurgjaldið í reiðufé, sem Borse Dubai innir af hendi til hluthafa OMX, nema u.þ.b. 31,8 milljörðum sænskra króna fyrir allt hlutfé OMX.

Tilboðið er ekki háð neinum skilyrðum þess efnis að fjármögnun sé fyrir hendi.

Borse Dubai hefur fé til reiðu til að fjármagna heildargreiðslu í reiðufé samkvæmt tilboðinu og: (i) lánssamningi (Credit Agreement) við HSBC sem upphaflegan tilskipaðs meginskipuleggjanda og umboðsaðila, ábyrgðaraðila, vörsluaðila og upphaflegs útgáfubanka og við HSBC og aðra tiltekna banka og fjármálafyrirtæki sem upphaflega lánveitendur; og (ii) blöndu af hlutafjárframlagi í formi nýs hlutafjár, eða víkjandi lána á skilmálum sem eru ábyrgðaraðila ásætlanlegir, til Borse Dubai frá hluthöfum í Borse Dubai.

Í lánssamningnum er gert ráð fyrir fráteknunum fjármunum sem verða notaðir, m.a. til að fjármagna greiðslu tilboðsins, fjármagna kaupréttarsamninga við HSBC, endurfjármagna tiltekna hluta skulda og greiða viðskiptakostnað.

Úttekt (e. drawdown) samkvæmt lánssamningnum er háð

því að skilyrðum tilboðsins sé fullnægt eða undanþága sé veitt frá þeim þar sem slík undanþága er háð samþykki ábyrgðaraðilans (sem fer eftir tilmælum meirihluta lánveitenda) og að hvorki Borse Dubai né mikilvæg dótturfyrirtæki þess verði gjaldþrota eða tekin til gjaldþrotaskipta. Auk hins ofangreinda er úttekt háð takmörkuðum fjölda skilyrða svo sem venjan er um slíka fjármögnun. Önnur slík skilyrði eru m.a. að undirritaðir séu tryggingarsamningar (e. collateral agreements) af hálfu aðila að Borse Dubai eða samstæðunni og að tiltekna staðhæfingar, einkum hvað varðar stöðu Borse Dubai sem fyrirtækis og lögmæti og gildi fjármálagagna, séu réttar. Skilyrðin eru m.a. þau að Borse Dubai brjóti ekki gegn tilteknum venjubundnum skuldbindingum, einkum þess eðlis að Borse Dubai standi við skuldbindingar í tengslum við tilboðið og takmarkanir á því að dótturfélög Borse Dubai veiti tryggingar, geri ráðstafanir og taki á sig fjárhagslegar skuldbindingar.

ÖFLUN OMX HLUTABRÉFA UTAN TILBOÐSINS

Samkvæmt sænskum markaðsvenjum áskilja Borse Dubai og fyrirtæki í eignartengslum við það og dótturfyrirtæki og sérhver ráðgjafi, miðlari eða önnur persóna, sem kemur fram sem umboðsmaður Borse Dubai eða fyrir hönd Borse Dubai, sér rétt til að kaupa eða gera ráðstafanir (hvort sem slíkt er fólgið í kaupréttarsamningum eða með öðrum hætti), beint eða óbeint, almenn hlutabréf í OMX eða hvers konar verðbréf, sem er tafarlaust unnt að breyta í, láta í skiptum fyrir eða beita í staðinn fyrir almenn hlutabréf OMX, önnur en þetta tilboð snýst um. Slík kaup geta farið fram annaðhvort á opnum markaði á gildandi verði eða í einkaviðskiptum á umsömdu verði. Sérhver slík kaup síðar skulu fara fram samkvæmt viðkomandi lögum, reglum og reglugerðum (þar með talið bandarískum lögum um verðbréfavíðskipti). Hvers konar upplýsingar um slík kaup skulu gefnar að því marki sem krafist er í lögum eða viðeigandi reglum eða reglugerðum.

SAMÞYKKI YFIRVALDA

Lúkning tilboðsins af hálfu Borse Dubai sem og lúkning Borse Dubai og NASDAQ á viðskiptasamningunum, er háð að samþykki tiltekinna yfirvalda liggi fyrir eins og nánar er lýst að neðan.

Lúkning tilboðsins og viðskiptasamninganna af hálfu Borse Dubai er háð samþykki yfirvalda í Svíþjóð, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Armeníu og Bretlandi. Í þessum lögsagnarumdæmum á OMX kauphallir og/eða fjárfestingarfélag sem búa við eftirlit. Beint eða óbeint eignarhald slíkra lögaðila krefst fyrirfram gefins samþykkis eða fyrirfram gefinna tilkynninga til viðkomandi yfirvalds við tiltekna kringumstæður. Samþykki viðkomandi yfirvalda hefur fengist í Svíþjóð, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Litháen og í Bretlandi.

Lúkning viðskiptasamninganna, þar sem þeir snúa að kaupum NASDAQ á hlutum í OMX af Borse Dubai, eru háðir því skilyrði að NASDAQ fái sömu samþykki yfirvalda sem lýst er hér að ofan fyrir Borse Dubai. NASDAQ hefur upplýst

stjórn Borse Dubai að frá og með dagsetningu þessa tilboðsskjals, hefur NASDAQ verið veitt heimild af öllum viðkomandi yfirvöldum.

NASDAQ og Borse Dubai hafa lagt inn tilkynningu um viðskiptasamninginn til nefndar um erlendar fjárfestingar í Bandaríkjunum (Foreign Investment in the United States ("CFIUS")). Heimild frá CFIUS fékkst þann 31. desember 2007.

Þann 2. janúar 2008 lagði NASDAQ þar að auki inn til SEC tilkynningu sem laut að tilteknum ákvæðum NASDAQ hluthafasamkomulagsins. Tilkynningin tók þegar gildi en almenningur mun hafa tækifæri til að senda inn almenningarathugasemdir til SEC. NASDAQ sendi inn tilkynninguna þar sem ákveðin ákvæði NASDAQ hluthafasamkomulagsins mætti túlka sem breytingu á reglum hlutabréfamarkaðar NASDAQ ef lítið yrði svo á að þau snertu þau áhrif sem verulegur hluthafi í NASDAQ gæti haft á almenna starfsemi hlutabréfamarkaðar NASDAQ.

Auk þessa krefjast kaup Borse Dubai á almennu hlutafé NASDAQ þess að hefðbundið samþykki bandarískra samkeppnisyfirvalda liggi fyrir skv. breytingarlögum frá árinu 1976 (Hart-Scott-Rodino Antitrust Improvement Act). Heimild bandaríska samkeppniseftirlitsins fékkst þann 19. desember 2007.

Þá er fjárfesting NASDAQ í DIFX einnig háð samþykki DFSA. Búist er við slíku samþykki fyrir lúkningu viðskiptasamninganna. Auk ofangreinds, eru Borse Dubai og NASDAQ nú að kanna hvort nýleg kaup OMX í Noregi og Armeníu krefjist annarra samþykkja yfirvalda til að lúkning tilboðsins og viðskiptasamninganna geti farið fram.

ÚRSKURÐUR SFSA OG YFIRLÝSINGAR VERÐBRÉFANEFNDAR (SECURITIES COUNCIL) Úrskurður Sænska fjármálaeftirlitsins (SFSA)

Að morgni 9. ágúst 2007 tilkynnti Borse Dubai í fréttatilkynningu að fyrirtækið væri að kaupa OMX-hlutabréf og gera kaupréttarsamninga um OMX-hlutabréf í uppbyggingu hagsmuna með tilteknum völdum fjárfestum. Hinn 17. ágúst 2007 tilkynnti Borse Dubai, fyrir tilstilli BD Stockholm, opinbert tilboð til allra hluthafa OMX um kaup á OMX-hlutabréfum þeirra. SFSA lýsti yfir í ákvörðun sinni hinn 23. ágúst 2007 að fréttatilkynningin frá Borse Dubai að morgni 9. ágúst 2007 jafngilti opinberu tilboði til OMX-hluthafa og að Borse Dubai hefði ekki, áður en tilkynningin var birt, skuldbundið sig til að hlíta reglum um yfirtöku og viðeigandi viðurlögum og hefði Borse Dubai með því brotið lög um yfirtöku. Hins vegar beitti SFSA ekki neinum viðurlögum vegna þess að SFSA taldi að Borse Dubai hefði bætt fyrir brotið með því þann 16. ágúst 2007 að skuldbinda sig til að hlíta reglunum um yfirtöku og tilkynna opinbert tilboð til OMX-hluthafa hinn 17. ágúst 2007.

Borse Dubai áfrýjaði úrskurði SFSA hinn 7. september 2007. Borse Dubai dró áfrýjun sína til baka þann 21. desember 2007.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:29

Tímamörkum fyrir afhendingu tilboðsskjalsins hefur verið flýtt um átta daga sökum ákvörðunar SFSA sem getið var um hér að ofan. Þess vegna óskaði Borse Dubai, hinn 31. ágúst 2007, framlengingar á fresti til að birta tilboðsskjalið um átta daga til viðbótar. Hinn 1. september 2007 veitti verðbréfanefndin hina umbeðnu framlengingu og tók fram að tilboðsskjalið skyldi sent til SFSA eigi síðar en 14. september 2007.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:30

Eins og tekið var fram hér að ofan tilkynnti Borse Dubai í fréttatilkynningu að morgni 9. ágúst 2007, að fyrirtækið væri að kaupa OMX-hlutabréf á 230 sænskar krónur við uppbyggingu hagsmuna ásamt tilteknum völdum fjárfestum og væri að gera kaupréttarsamninga um OMX-hlutabréf á 230 sænskar krónur. Óskað var eftir því að verðbréfanefndin gæfi út yfirlýsingu þess efnis hvort þessi fréttatilkynning væri í samræmi við reglur um yfirtöku og góða viðskiptahætti á hlutabréfamarkaði.

Verðbréfanefndin vísaði til ofangreindrar ákvörðunar þar sem SFSA hafði komist að því að tilkynningin jafngilti tilboði um opinbera yfirtöku og, þar af leiðandi hefði Borse Dubai brotið lög um yfirtöku með því að Borse Dubai hefði ekki, áður en tilkynningin var birt, sent orðsendingu þess efnis að Borse Dubai hygðist hlíta reglum um yfirtöku og hvers konar viðurlögum. Verðbréfanefndin, með tilliti til þess að Borse hafði áfrýjað ákvörðun SFSA, lýsti því yfir að aðgerð, sem fylgin er í broti á lögum um yfirtöku, brýtur alltaf í bága við góða viðskiptahætti á hlutabréfamarkaði.

Að höfðu samráði við eftirlitsdeild OMX Nordic Exchange Stockholm lýsti verðbréfanefndin því yfir að það væri jákvætt ef fjárfestir veitti öllum hlutabréfamarkaðnum upplýsingar um uppbyggingu hagsmuna í því skyni að jafna aðstöðu manna en slíkar upplýsingar ættu að vera skýrar og endurspegla vel fyrirætlanir upplýsingagjafans. Verðbréfanefndin sagðist vera þeirrar skoðunar að Borse Dubai hefði átt, í fréttatilkynningu sinni, að hafa einnig upplýsingar um þá staðreynd að kaupréttarsamningarnir tengdust hugsanlegri opinberri yfirtöku í sama skilningi og að kauprétt væri því aðeins unnt að framkvæma í raun ef opinbert tilboð yrði gert og að lausnarverð fyrir kauprétt gæti verið herra en 230 sænskar krónur ef herra verð yrði í boði. Verðbréfanefndin komst að þeirri niðurstöðu að fréttatilkynningin yrði að þessu leyti að teljast brot á góðum viðskiptaháttum á hlutabréfamarkaði.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:31

Áður en tilboðið var gert, í sambandi við ofangreint ferli um uppbyggingu hagsmuna, gerði dótturfyrirtæki sem er að öllu í eigu Borse Dubai gagnvirka kaup- (e. back-to-back call options) og söluréttarsamninga við HSBC sem hefur gert valréttarsamning við tiltekna OMX-hluthafa (sjá kaflann „Meginsamningar sem gerðir hafa verið í tengslum við tilboðið“ hér að neðan þar sem er að finna upplýsingar um tilhögun valréttar fyrirkomulagsins). Þess var óskað að verðbréfanefndin gæfi út yfirlýsingu um það hvort tilhögun valréttar fyrirkomulagsins væri í samræmi við reglur um jafna

meðferð hluthafa samkvæmt reglum um yfirtöku og góða viðskiptahætti á hlutabréfamarkaði. Verðbréfanefndin komst að þeirri niðurstöðu að þar eð efnahagsleg heildaráhrif tilhögunar um valréttar fyrirkomulagsins sé hin sama og þegar hlutabréf eru keypt gegn staðgreiðslu áður en kemur til utanaðkomandi tilboðs þá hafi tilhögun valréttarfyrirkomulagsins verið í samræmi við góða viðskiptahætti á hlutabréfamarkaði.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:32

NASDAQ og Borse Dubai lögðu fram sameiginlega beiðni til verðbréfanefndar og fengu skorið úr um það hvort samningar milli NASDAQ og Borse Dubai samræmdust góðum viðskiptaháttum á hlutabréfamarkaði í Svíþjóð og reglum um yfirtöku. Í yfirlýsingu verðbréfanefndarinnar kemur fram (i) að ekki sé gerð athugasemd við hugsanlega frestun í u.þ.b. einn eða tvo mánuði, vegna nýrra aðstæðna, á samþykkestímabilum og uppgjörsdögum í tilboði Borse Dubai og NASDAQs í OMX; (ii) að hvorki öflun NASDAQ á OMX-hlutabréfum frá Borse Dubai eftir lúkningu á tilboði Borse Dubai, öflun Borse Dubai á hlutafjáreign í kauphöllinni í London (London Stock Exchange – „LSE“) né fjárfesting NASDAQ í DIFX væri brot á reglum um yfirtöku eða góðum viðskiptaháttum á hlutabréfamarkaði í Svíþjóð; (iii) að NASDAQ væri veitt undanþága frá reglu um skyldu til að leggja fram yfirtökutilboð sem annars hefði átt við varðandi öflun NASDAQ á hlutabréfum í OMX frá Borse Dubai; (iv) veitti NASDAQ frest til að undirbúa og sækja um samþykki fyrir tilboðsskjali varðandi opinbert tilboð NASDAQ til OMX-hluthafa fram til 15. janúar 2008, og (v) að Borse Dubai væri veittur frestur til að undirbúa og sækja um samþykki fyrir tilboðsskjali varðandi opinbert tilboð Borse Dubai til OMX-hluthafa til 1. nóvember 2007.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:33

Varðandi hina sameiginlegu beiðni hefur verðbréfanefndin lýst yfir: Að því marki sem viðskipti NASDAQ, sem fyrirhuguð eru samkvæmt viðskiptasamningunum, yrðu framkvæmd og NASDAQ yrði ekki eigandi að meira en 90% af OMX-hlutabréfum, yrði lægsta verð í hugsanlega opinberu yfirtökutilboði frá NASDAQ, í því skyni að ná meira en 90% marki í OMX, að vera í samræmi við verðmæti greiðslunnar á þeim degi, sem var 19. september 2007, þegar bindandi samkomulag var gert um öflun NASDAQs á hlutabréfum frá Borse Dubai.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:40

Viðmiðunardagur (e. trigger date) til að tilboðið yrði opnað fyrir samþykki samkvæmt viðskiptasamningunum var háður því að uppfyllt væru allmörg skilyrði eða frá þeim yrði fallið, þ.m.t. að Borse Dubai aflaði nauðsynlegra heimilda samkvæmt reglugerðum og viðurkenningar m.a. bandarískra stjórnvalda. Búist var við slíku samþykki eða synjun samþykkis í byrjun janúar 2008. Til þess að vera gert kleift að undirbúa tilboðsskjal, þar sem greinilega og nákvæmlega kemur fram í hverju tilboðið er fólgið og hvaða áhrif tilboðið hefur fyrir OMX-hluthafa, hefur Borse Dubai óskað eftir fresti til þess að geta frestað kynningu á tilboðsskjalinu fyrir OMX-hluthöfum þangað til skilyrðin fyrir viðmiðunardegi hafa verið uppfyllt eða fallið frá þeim. Borse Dubai var veittur frestur til 15. janúar 2008 til að undirbúa tilboðsskjalið og senda og óska eftir skráningu hjá SFSA.

Yfirlýsing verðbréfanefndar (Securities Council) 2007:43

Borse Dubai óskaði eftir því að nefndin gæfi út yfirlýsingu um hvort kaup Borse Dubai samkvæmt þeim kaupréttarsamningum, sem gengið var til áður en tilboðið var gert, gætu gert það að verkum að hinar sænsku yfirtökureglur ættu við eður ei. Nefndin taldi að líta bæri á hlutabréf, sem keypt væru samkvæmt viðkomandi kaupréttarsamningum, kaup er gerð væru samkvæmt tilboðinu og því ættu viðkomandi yfirtökureglur ekki við. Borse Dubai óskaði einnig eftir undanþágu við að láta alla enska útgáfu OMX viðskiptasamningsins fylgja með hinu sænska tilboðsskjali. Nefndin veitti slíka undanþágu með því skilyrði að sænskur útdráttur af OMX viðskiptasamningnum yrði látinn fylgja með tilboðsskjalinu og að heildarútgáfa OMX viðskiptasamningsins yrði gerð aðgengileg á vefsíðu og að veffang slíkrar vefsíðu kæmi fram í tilboðsskjalinu.

Meginsamningar sem gerðir hafa verið í tengslum við tilboðið

NASDAQ og Borse Dubai tilkynntu hinn 20. september 2007 að fyrirtækin hefðu gert með sér samninga sem síðan var breytt hinn 26. september 2007, þar sem þau, svo fremi sem tilteknum skilyrðum í hinum bindandi viljayfirlýsingum er fullnægt eða undanþága frá þeim veitt, myndu hafa í för með sér röð af viðskiptum af hálfu NASDAQ og Borse Dubai. Þann 15. nóvember 2007 staðfestu félögin skuldbindingar sínar frekar með því að gera með sér endanlega samninga auk þess sem gerðar voru tilteknar frekari breytingar á samningi þeirra dags. 20. september 2007. Nálágast má OMX viðskiptasamninginn gjaldfrjálst frá Borse Dubai eða með því að hala honum niður af www.borsedubai.com.

VIÐSKIPTASAMNINGUR OMX

Skilyrði lúkningar samningsins

Skilyrðum fyrir viðmiðunardegi (e. Trigger date) samkvæmt kaupsamningi hlutabréfa vegna sölu Borse Dubai á OMX hlutabréfum til NASDAQ, sem Borse Dubai, NASDAQ og BD Stockholm gerðu með sér þann 15. nóvember 2007 („OMX viðskiptasamningurinn“) hefur nú verið fullnægt eða fallið frá þeim og tilboðið mun þann 8. janúar verða opið til samþykktar. Lúkning viðskiptanna, sem fyrirhuguð eru með OMX-viðskiptasamningnum, er einnig háð því að eftirfarandi skilyrðum verði fullnægt eða að fallið verði frá þeim af hálfu þess félags sem hefur hagsmuna að gæta varðandi slík skilyrði: (i) að ekki sé um að ræða alvarlega neikvæð áhrif varðandi DIFX og nákvæmni yfirlýsinga og ábyrgða Borse Dubai og DIFX sem fram koma í, framfylgni Borse Dubai og DIFX við skuldbindingar sem felast í, og að fengnum tilteknum heimildum yfirvalda sem tengjast áskriftarsamningi um hlutabréf er varðar kaup NASDAQ á hlutum í DIFX samkvæmt samningi NASDAQ og Borse Dubai dags. 15. nóvember 2007 og tengdum samningum (þar sem NASDAQ er hagsmunaaðili), þrátt fyrir að þessu skilyrði verði ekki fullnægt kemur það ekki í veg fyrir að tilboðið verði opnað til samþykktar heldur myndi leysa NASDAQ frá skuldbindingum sínum varðandi DIFX-samninginn; (ii) samtímis lúkning DIFX-samningsins (með Borse Dubai sem hagsmunaaðila); (iii) að ekki sé um að ræða nein alvarlega neikvæð áhrif varðandi OMX og nákvæmni tiltekinna upplýsinga sem OMX hefur opinberað (með bæði Borse Dubai og NASDAQ sem hagsmunaaðila); (iv) að ekki séu nein neikvæð efnisleg áhrif varðandi NASDAQ (með bæði Borse Dubai og NASDAQ sem hagsmunaaðila); (v) áframhaldandi nákvæmni allra yfirlýsinga og ábyrgða ásamt fylgni aðila við tilteknar skuldbindingar (með NASDAQ sem hagsmunaaðila varðandi yfirlýsingar, ábyrgðir og samninga Borse Dubai og Borse Dubai sem hagsmunaaðila varðandi yfirlýsingar, ábyrgðir

og samninga NASDAQ); (vi) að ekki sé um að ræða lagalegar hindranir eða bann af hálfu yfirvalda sem kemur í veg fyrir kaup á OMX-hlutabréfum og almennum hlutabréfum NASDAQ af hálfu Borse Dubai, og gegn kaupum OMX-hlutabréfa af hálfu NASDAQs (þar sem bæði Borse Dubai og NASDAQ eru hagsmunaaðilar); og (vii) að enginn aðili hafi gert herra tilboð í OMX en tilboðið (með Borse Dubai og NASDAQ sem hagsmunaaðila).

Skilyrði tilboðsins sem lýtur að því að tiltekið lágmarkssamþykki þurfi að liggja fyrir var lækkað niður í meira en 50% þann 26. september. NASDAQ er hins vegar heimilt að rifta samningum sínum við Borse Dubai ef minna en 67% af OMX-hlutabréfum eru lögð fram í tilboðinu.

Yfirfærsla í kjölfar lúkningar

Eftir lúkningu er Borse Dubai skylt að láta Borse Dubai (Cayman) Limited (Borse Dubai Cayman) að nýta alla kauprétti, því næst ber Borse Dubai að selja og sjá til þess að dótturfélög þess selja og láta dótturfélög sín selja NASDAQ öll OMX-hlutabréf í eigu Borse Dubai eða dótturfélaga þess hvernig sem þeirra hefur verið aflað. Samtímis afhendingu Borse Dubai á OMX-hlutabréfum mun NASDAQ greiða Borse Dubai allt að 12,582,952,392 sænskra króna í reiðufé og afhenda u.þ.b. 42,7 milljónir af almennum hlutabréfum NASDAQ (en nákvæmur fjöldi hlutabréfa á að jafngilda 19,99% af útbýntum útistandandi hlutabréfum NASDAQ á þeim tíma). Sú fjárhæð í reiðufé, sem NASDAQ afhendir, lækkar um 265 sænskar krónur fyrir hvern útgefinn OMX hlut frá þeim degi sem Borse Dubai afhendir ekki NASDAQ.

Sem viðbótargreiðsla fyrir afhendingu OMX-hlutabréfa til NASDAQ af hálfu Borse Dubai mun NASDAQ afhenda u.þ.b. 18 milljónir af almennum hlutabréfum sínum sem leggja skal í vörslusjóð í þágu Borse Dubai og lúta skal stjórn óháðs vörsluaðila. Samtals verða 60,561,515, hlutir af almennum NASDAQ-hlutabréfum útgefin til Borse Dubai og vörslusjóðsins.

Samþykki yfirvalda

Aðilar hafa komið sér saman um að gera sitt besta til að tryggja að viðskiptin á grundvelli OMX-viðskiptasamningsins hljóti samþykki yfirvalda. Ekki er þó unnt að krefjast þess að Borse Dubai samþykki skilyrði, sem opinber stofnun setur, sem Borse Dubai telur sig hafa ástæðu til að ætla að stríði með alvarlegum neikvæðum hætti gegn fjárfestingu þess í NASDAQ, þ.m.t. hvers konar skilyrði sem gætu hindrað Borse Dubai í að hljóta endurskoðun vegna reikningshalds út frá eigin fé vegna fjárfestingar í NASDAQ, en aðeins eftir að Borse Dubai hefur íhugað aðrar ráðstafanir sem aðilar semja um í góðri trú.

Yfirlýsingar og ábyrgðir

OMX-viðskiptasamningurinn inniheldur yfirlýsingar og ábyrgðir sem aðilar hafa gefið hvorum öðrum. Þær fullyrðingar sem fólgnar eru í þessum yfirlýsingum og ábyrgðum voru aðeins hafðar uppi í sambandi við OMX-viðskiptasamninginn og eru háðar mikilvægum fyrirvörum og takmörkunum sem aðilar hafa komið sér saman um í samningaumleitunum um skilmála OMX-viðskiptasamningsins. Auk þess voru tilteknar yfirlýsingar og ábyrgðir hafðar uppi á tilteknum degi og kunna að vera háðar samningsstaðli sem er efnislega frábrugðinn því sem telja má skipta máli fyrir hluthafa eða kann að hafa verið notaður til að dreifa áhættu milli aðila fremur en að setja fram staðreyndir.

Í OMX-viðskiptasamningnum hefur NASDAQ uppi ýmsar yfirlýsingar og ábyrgðir gagnvart Borse Dubai og BD Stockholm, m.a. varðandi eftirtalin atriði: tilurð og heimildir félagsins; heimildir og aðfararhæfni félagsins; samþykki yfirvalda; að ekki sé um brot að ræða á skuldbindingum félagsins; 203. kafli almennra hlutafélagalaga Delaware (DGCL); eigið fé; dótturfélög; skýrslur og ársreikningar SEC tilteknar breytingar sem ekki eru gerðar; lögsóknir og lögbrot; hugverkaréttindi; friðindi starfsmanna, skattar; fjármögnun; hvorki miðlarar né milligöngumenn (no brokers or finders); NASDAQ er ekki „fjárfestingafélag“; almenn beiðni um viðskipti (solicitation) og engin samþætting (integration); og skráning (documentation).

Í OMX-viðskiptasamningnum gefa Borse Dubai og BD Stockholm ýmsar yfirlýsingar og ábyrgðir til NASDAQ, m.a. varðandi eftirfarandi atriði: lokað útboð; tilurð og heimildir félagsins; heimildir; samþykki yfirvalda; að ekki sé um að ræða brot á skuldbindingum félagsins; takmarkaður tilgangur BD Stockholm og Borse Dubai Cayman; eignarhald á OMX-hlutabréfum; kaupréttir; fjármögnun; skráning; og hvorki miðlarar né milligöngumenn.

NASDAQ hefur samþykkt að bæta tjón og tryggja skaðleysi Borse Dubai og BD Stockholm, sem og viðkomandi stjórnarmanna þeirra, fjárvörslumanna, félaga, meðeigenda, stjórnenda, umboðsmanna og starfsmanna vegna hvers konar taps, krafna, skaðabóta, kostnaðar og ábyrgða sökum: (i) hvers konar brots á yfirlýsingum eða ábyrgðum af völdum NASDAQ í OMX-viðskiptasamningnum, skráningarréttarsamningnum, hluthafasamkomulagi NASDAQ eða fjárvörslusamningi (sbr. skilgreiningar hér að neðan); og (ii) hvers konar brot á skuldbindingum sem NASDAQ ber að halda samkvæmt OMX-viðskiptasamningnum, skráningarréttarsamningnum, hluthafasamningi NASDAQ eða fjárvörslusamningnum.

Borse Dubai og BD Stockholm munu ekki eiga rétt á bótum vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (öðrum en þeim sem snerta tilurð félagsins og heimildir, heimildir félagsins og aðfararhæfi, 203. kafli DGCL, eigið fé, NASDAQ er ekki fjárfestingafyrirtæki og almenn beiðni um viðskipti (solicitation) og engin samþætting (integration) (undanþegnar yfirlýsingar og ábyrgðir NASDAQ) nema heildarfjárhæð bótaskyldu nemi hærri fjárhæð en 29 milljónum

bandaríkjadala. Samanlögð bótaábyrgð NASDAQ vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum og skuldbindingum (öðrum en þeim sem teljast til undanþeginna yfirlýsinga og ábyrgða NASDAQ) nemur ekki hærri fjárhæð en 2,9 milljörðum bandaríkjadala.

Réttur Borse Dubai og BD Stockholm til að krefjast bóta vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (öðrum en þeim sem snerta yfirlýsingar og ábyrgðir NASDAQ sem teljast undanþegnar) mun vara í 12 mánuði frá lúkningu, og hvað varðar brot á undanþegnum yfirlýsingum og ábyrgðum NASDAQ sem tilgreindar voru, mun vara um ótakmarkaðan tíma.

Borse Dubai og BD Stockholm hafa samþykkt, hvort fyrir sig og sameiginlega, að bæta og halda NASDAQ skaðlausu ásamt stjórnarmönnum þess, fjárvörslumönnum, félögum, samstarfsaðilum, stjórnendum, umboðsaðilum og starfsmönnum vegna taps, krafna, skaðabóta, kostnaðar og ábyrgða sem stafa af: (i) hvers konar broti á yfirlýsingum eða ábyrgðum af hálfu Borse Dubai eða BD Stockholm í OMX-viðskiptasamningnum, skráningarréttarsamningnum, hluthafasamningi. NASDAQ eða fjárvörslusamningnum; og (ii) vegna hvers konar brots á skuldbindingu sem veitt er eða Borse Dubai eða BD Stockholm ber að framkvæma samkvæmt OMX-viðskiptasamningnum, skráningarréttarsamningnum, hluthafasamningi NASDAQ eða fjárvörslusamningnum. NASDAQ mun ekki eiga rétt á bótum vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (öðrum en þeim sem snúa að lokuðu útboði, tilurð og heimildum félagsins, heimild og eignarhaldi á OMX-hlutabréfum (annað en yfirlýsingar og ábyrgðir Borse Dubai og BD Stockholm sem teljast undanþegnar)) nema heildarfjárhæð bótaskyldu nemi hærri fjárhæð en 29 milljónum bandaríkjadala. Sameiginleg bótaábyrgð Borse Dubai og BD Stockholm vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum og skuldbindingum (öðrum en þeim sem teljast til undanþeginna yfirlýsinga og ábyrgða Borse Dubai og BD Stockholm) nemur ekki hærri fjárhæð en 2,9 milljörðum bandaríkjadala.

Réttur NASDAQ til að krefjast bóta vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (öðrum en þeim sem snerta undanþegnar yfirlýsingar og ábyrgðir Borse Dubai og BD Stockholm) gildir í 12 mánuði eftir lúkningu, og hvað varðar brot á yfirlýsingum og ábyrgðum, sem sem teljast undanþegnar, mun slíkur réttur gilda um ótiltekinn tíma.

HLUTHAFASAMKOMULAG NASDAQ

Samkvæmt OMX-viðskiptasamningnum munu NASDAQ og Borse Dubai gerast aðilar að hluthafasamkomulagi NASDAQ við lúkningu OMX-viðskiptasamningsins.

Samkvæmt ákvæðum hluthafasamkomulags NASDAQ er Borse Dubai óheimilt að framselja almenn NASDAQ-hlutabréf, sem aflað hefur verið með viðskiptunum, í eitt ár frá dagsetningu samningsins, með fyrirvara um tilteknar undanþágur, m.a. framsals til dótturfélaga þess, NASDAQ og til vörslusjóðsins við tilteknar aðstæður. Auk þess er Borse Dubai aldrei heimilt að framselja eða að láta fjárvörslusjóðinn

framselja almenn hlutabréf NASDAQ til samkeppnisaðila NASDAQ, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða breytingu á yferráðum yfir NASDAQ, opinbert tilboð eða sölu skv. 144. grein laga um verðbréf eða, í undantekningartilvikum, sem nær ekki til meira en 5% af útistandandi almennum hlutabréfum NASDAQ. Í 18 mánuði eftir að hluthafafundur NASDAQ hefur verið haldinn, er Borse Dubai heimil hlutfallsleg þátttaka í hvers konar endurkaupum NASDAQ á almennum hlutabréfum NASDAQ eða heimilt að ráðstafa almennum hlutabréfum NASDAQ til fjárvörslusjóðsins, í hvoru tilviki til að viðhalda eignarhluta sínum í 19,99%.

Á meðan fjárvörslusjóðurinn varðveitir einhver almenn NASDAQ hlutabréf hefur Borse Dubai samþykkt að gera sitt besta til að sjá til þess að sjóðurinn selji slík hlutabréf þótt Borse Dubai sé ekki skylt að hlutast til um að sjóðurinn selji hlutabréf ef sú nettófjárhæð, sem sjóðurinn fengi við sölu slíkra hlutabréfa, er lægri en umsamið lægsta gangverð sem er jafnt meintu verði á almennum hlutabréfum NASDAQ, sem Borse Dubai greiddi sem nam 49,20 bandaríkjadöllum í viðskiptasamningunum. Ofangreint er háð gengisaðlögum byggðri á gengi sænskrar krónu gagnvart bandaríkjadöllum (SEK/USD) við lúkningu eins og fyrirhugað er samkvæmt OMX viðskiptasamningnum auk eðlilegs kostnaðar vörslusjóðsins og 6% fjármagnskostnaðar og að frádreginni hvers konar úthlutun af hálfu NASDAQ. Aðilar hafa trú á því að yferráð Borse Dubai yfir umráðum vörslusjóðsins á almennum hlutabréfum NASDAQ í samræmi við hluthafasamkomulag NASDAQ hafi ekki áhrif á hlutleysi fjárhaldsmanns sjóðsins í ljósi þess að atkvæðisréttur sjóðsins með tilliti til almennra hlutabréfa NASDAQ og að öðru leyti heimild til að framkvæma í samræmi við NASDAQ kemur fram í vörslusamningi sem Borse Dubai er óheimilt að breyta án þess að hafa áður aflað skriflegs samþykkis frá NASDAQ.

Svo fremi að Borse Dubai viðhaldi a.m.k. helmingnum af upphaflegri 19,99% fjárfestingu sinni hefur Borse Dubai rétt til að leggja til nöfn tveggja stjórnarmanna til tilnefningar til kjörs í stjórn NASDAQ, og NASDAQ mun gera sitt besta til að tryggja að einn einn tilnefndur stjórnarmann af hálfu Borse Dubai verði tilnefndur í endurskoðunar-, framkvæmda-, fjárhags- og stjórnunarnefnd stjórnar NASDAQ og einn fulltrúi Borse Dubai sem má ekki vera einn tilnefndur af hálfu Borse Dubai, verði tilnefndur í tilnefninganefnd til setu í stjórn NASDAQ, í hverju tilviki samkvæmt viðeigandi lögum, reglugerð, skráningarreglum kauphallarinnar eða staðli um samsetningu nefnda.

Svo fremi að Borse Dubai viðhaldi a.m.k. 25% af upphaflegri 19,99% fjárfestingu sinni hefur Borse Dubai rétt til að tilnefna einn stjórnarmann til kjörs í stjórn NASDAQ en hefur ekki rétt til að tilnefna menn í nokkrar nefndir stjórnar NASDAQ.

Samkvæmt ákvæðum hluthafasamnings NASDAQ, eftir því sem gerist fyrst, endalok samkomulags (e. Standstill Termination Date), (i) þegar 10 ár eru liðin frá gerð hluthafasamnings NASDAQ; (ii) Borse Dubai á minna en 10%

af útistandandi almennum hlutabréfum NASDAQ; (iii) NASDAQ gerir endanlegan samning um breytingu á yferráðum yfir því; (iv) breyting verður á yferráðum yfir NASDAQ; (v) stjórnarmenn tilnefndir af Borse Dubai eru ekki kjörnir af hluthöfum á tveim hluthafafundum í röð við kjör á stjórn NASDAQ; og (vi) NASDAQ á minna en 25% af upphaflegu eignarhaldi sínu í DIFX, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, mun

Borse Dubai verða hindrað í því að (i) afla fleiri hlutabréfa en nemur 19,99% af full útþynntum hlutabréfum NASDAQ, (ii) að leita umboða varðandi NASDAQ, (iii) að leggja til eða leita eftir samruna eða breytingum á breytingu á yferráðum yfir NASDAQ, (iv) að gefa opinberar yfirlýsingar eða með öðrum beinum eða óbeinum hætti að hafa stjórn á stefnumótun og taka út stjórnarmenn og leitast við að bæta við stjórnarmeðlimum, (v) að mynda „hóp“ varðandi NASDAQ eða (vi) með öðrum hætti að hafa samvinnu við aðra um eitthvert fyrrnefndra atriða.

Auk þess, ef einhver þriðji aðili gerir kauptilboð eða tilboð um skipti sem stjórn NASDAQ mælir ekki gegn er Borse Dubai heimilt að ganga inn í það tilboð eftir 10 virka daga.

Hvenær sem er fyrir endalok samkomulags (e. Standstill Termination Date), ef NASDAQ gefur út almenn NASDAQ-hlutabréf eða hvers konar verðbréf sem unnt er að skipta fyrir eða skipta í, almenn NASDAQ-hlutabréf við hvers konar viðskipti sem snúast um að auka hlutafé, forgangur útgefina bréfa (preemptive issuance), sem gæti valdið því að Borse Dubai ætti minna en 19,99% (sem kann að minnka við tilteknar aðstæður) af almennum NASDAQ-hlutabréfum reiknuðum á útþynntum grundvelli, hefur Borse Dubai rétt til að kaupa verðbréf í slíkri útgáfu til að viðhalda sama heildaratkvæðastyrk og Borse Dubai hafði rétt á fyrir upphaf slíkrar útgáfu. Kaupréttur Borse Dubai á ekki við um eftirtaldir útgáfur: (i) við umreikning (conversion) á hlutabréfum af núverandi eða síðar útgefnum kauprétti NASDAQ, ábyrgð eða svipuðum verðbréfum, sem eru nýtanleg, umreiknanleg eða skiptanleg fyrir hlutafé í NASDAQ; (ii) hvers konar skipting hlutabréfa í nokkra hluti eða undirskipting eða sams konar viðskipti varðandi hlutafé NASDAQ; (iii) forgangur til útgefina bréfa (e. preemptive issuance) sem leiddi til þess að þátttaka Borse Dubai myndi útheimta samþykki hluthafa NASDAQ burtséð frá fjölda hlutabréfa sem eru í boði og NASDAQ mun gera sitt besta til að afla, nema samþykkis hluthafa hafi verið aflað (en slík undantekning á ekki við ef samþykkis hluthafa NASDAQ hefur verið nauðsynleg af einhverri annarri ástæðu); (iv) forgangur til útgefina bréfa sem Borse Dubai mun þurfa að fá samþykki eftirlitsaðila fyrir og NASDAQ mun gera sitt besta á viðskiptalegum grunni til að afla, nema og þangað til slíkt samþykki eftirlitsaðila hefur fengist; (v) hvers konar útgáfa NASDAQ á hlutafé til starfsmanna, stjórnenda, stjórnarmanna, ráðgjafa, viðskiptavina og seljenda til NASDAQ; (v) í tengslum við öflun NASDAQ, hvort sem er með samruna, sameiningu, hlutabréfaskiptum eða annars konar endurskipulagningu

rekstrarforms; og (vii) við nýtingu verðbréfa sem gefin hafa verið út í samræmi við réttindi handhafa hlutabréfa NASDAQ almennt.

SKRÁNINGARRÉTTARSAMNINGUR

Samkvæmt OMX-viðskiptasamningnum munu NASDAQ, Borse Dubai og vörslusjóðurinn gera með sér skráningarréttarsamning við lok samningsins. Að 12 mánuðum liðnum frá lúkningu viðskiptanna hafa Borse Dubai og vörslusjóðurinn, hvor um sig, rétt til að krefjast skráningar almennra hlutabréfa NASDAQ sem fengin eru sem hluti af viðskiptunum. Samkvæmt skráningarréttarsamningnum geta Borse Dubai, og vörslusjóðurinn, hvor um sig, krafist skráningar vegna sölu á almennum hlutum í NASDAQ ef samanlagt heildarvirði þeirra er ekki minna en 50 milljónir bandaríkjadala (miðað við lokasöluverð hvers almenns hlutabréfs NASDAQ síðustu 10 virka daga áður en skráningar er óskað). Borse Dubai hefur rétt til sex kröfuskraðinga og vörslusjóðurinn hefur rétt til þriggja kröfuskraðinga, að teknu tilliti til tiltekinna undanþága. Skráningarréttarsamningurinn veitir Borse Dubai og vörslusjóðnum einnig rétt til aðgangs að skráningu með jöfnum rétti til skráningar hluta í opinberu útboði (e. piggyback registration rights), svo að ef NASDAQ leggur til að skráð verði skráningarskjal varðandi eitthvert sölutryggt tilboð í verðbréf (e. underwritten offering of its securities) sín á eigin reikning eða á reikning einhvers hluthafa sem hefur verðbréf undir höndum (með tilteknum undanþágum), ber NASDAQ að senda skriflega tilkynningu um slíka fyrirhugaða skráningu til Borse Dubai og vörslusjóðsins, og tilkynning verður að veita Borse Dubai og vörslusjóðnum færi á að skrá þann fjölda af skráningarskyldum verðbréfum sem hvor aðili um sig, Borse Dubai og vörslusjóðurinn, kunna að óska eftir skriflega. Sá skráningarréttur, sem veittur er með skráningarréttarsamningnum, er háður hefðbundnum takmörkunum, svo sem frestunartímabili (e. blackout period) og takmörkunum á fjölda hlutabréfa sem mega vera í hinu sölutryggða tilboði (e. underwritten offering) samkvæmt ákvörðun þess ábyrgðaraðila (underwriter) sem stjórnar sölunni. Auk þess eru í skráningarréttarsamningnum aðrar takmarkanir á tímasetningu og möguleikum Borse Dubai og vörslusjóðsins til að setja fram kröfur.

VÖRSLUSAMNINGUR

Samkvæmt OMX viðskiptasamningnum munu NASDAQ, Borse Dubai og vörsluadilinn ganga til vörslusamningsins við lúkningu OMX viðskiptasamningsins. Í samningnum er gert ráð fyrir útgáfu almennra hlutabréfa NASDAQ til sjóðsins sem varðveiti bréfin til hagsbóta fyrir Borse Dubai í stað þess að gefa bréfin beint út á Borse Dubai. Með þessum hætti er tryggt að beint eignarhald Borse Dubai í NASDAQ verði í minnihluta og án yfirráða. Þessi háttur varpar ljósi á meðvitund aðila með tilliti til mögulegra lagalegra málefna um að þriðji aðili gæti náð yfirhöndinni með tilliti til NASDAQ. Að auki er um að ræða

vilja til að draga úr möguleikum á slíkum vandamálum en á sama tíma að tryggja að aðilar nái markmiðum sínum með samningnum.

Sem viðmið fyrir skiptingu almennra hlutabréfa NASDAQ á milli Borse Dubai og vörslusjóðsins töldu aðilar að samkvæmt reglum meðlima NASDAQ hlutabréfamarkaðarins væri verðbréfamiðlurum sem meðlimir væru í NASDAQ hlutabréfamarkaðnum óheimilt að eiga meira en 20% af almennum hlutabréfum NASDAQ. Að auki að útgáfa meira en 20% af almennum hlutabréfum NASDAQ krefjist oft atkvæðagreiðslu hluthafa samkvæmt skráningarreglum hlutabréfamarkaðarins. Þrátt fyrir að þessi skilyrði ættu ekki beint við um eignarhald Borse Dubai, töldu aðilar þau engu að síður mikilvæga viðmiðun í viðræðum þeirra og við endanlegan samning.

Vörslusamningurinn nær til vörslusjóðsins sem stofnaður er til að varðveita tiltekin almenn hlutabréf NASDAQ sem gefin eru út á vörslusjóðinn við framkvæmd viðskiptanna. Í samningnum um vörslusjóðinn segir að ábyrgðaraðilinn muni varðveita almenn hlutabréf NASDAQ til fjárvörslu til hagsbóta fyrir Borse Dubai og síðan selja almenn hlutabréf NASDAQ sem varðveitt eru af sjóðnum samkvæmt fyrirmælum Borse Dubai. Af og til, samkvæmt tilkynningu frá Borse Dubai og staðfestingu NASDAQ um að eignarhald Borse Dubai á almennum hlutabréfum NASDAQ nemi ekki meira en 19,99% af fullnýttum almennum hlutabréfum NASDAQ, mun ábyrgðaraðilinn framselja þann fjölda af almennum hlutabréfum NASDAQ til Borse Dubai líkt og fram kemur í slíkri tilkynningu. Það tilvik getur komið upp að almennum hlutabréfum NASDAQ sem varðveitt eru af sjóðnum fylgi réttur til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um hvers konar málefni, sem lögð eru fyrir hluthafa NASDAQ eða hvers konar aðgerð sem hluthafar NASDAQ hafa veitt skriflegt samþykki fyrir. Í slíku tilviki mun ábyrgðaraðilinn gefa út umboð, varðandi almenn hlutabréf NASDAQ, sem sjóðurinn varðveitir, til ritara fyrirtækisins eða annars aðila sem NASDAQ tilnefnir, til að greiða atkvæði eða aðhafast með skriflegu samþykki. Slíkum atkvæðum verður beitt eða þau notuð til samþykkis hlutfallslega miðað við aðra hluthafa NASDAQ (aðra en Borse Dubai).

DIFX-VIÐSKIPTASAMNINGUR

Forsaga

NASDAQ og Borse Dubai tilkynntu einnig hinn 20. september 2007 að þau hefðu gert með sér samning þar sem NASDAQ verður mikilvægur hluthafi í DIFX, alþjóðlegri kauphöll Dubai, svo fremi skilyrðum samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum hafi annaðhvort verið fullnægt eða fallið frá þeim. Þann 15. nóvember 2007 staðfestu aðilar skuldbindingar sínar með því að gera samninga að viðbættum tilteknum breytingum við samningana frá 20. september 2007. Samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum og við lúkningu hans, mun NASDAQ gegn greiðslu 50 milljóna bandaríkjadala eignast nýútgefið hlutafé í DIFX og mun þar með eiga 33 1/3% af útpýntu útistandandi hlutafé DIFX.

Skilyrði lúkningar

Skilyrði fyrir gerð DIFX-viðskiptasamningsins eru eftirfarandi: (i) OMX viðskiptasamningsgerðinni skal lokið á sama tíma og DIFX samningsgerðinni (samningslúkning er skilyrði allra aðila); (ii) DIFX skal hafa fengið í hendur fyrir fram skriflegt samþykki DFSA með samþykki fyrir þeim viðskiptum sem fyrirhuguð eru með DIFX-viðskiptasamningnum (og eru skilyrði allra aðila fyrir gerð hans); (iii) engin alvarleg neikvæð áhrif varðandi DIFX skulu hafa komið fram og vera fyrir hendi (og eru skilyrði allra aðila fyrir gerð hans); (iv) Ekki mega vera fyrir hendi bráðabirgðalögbann eða varanlegt lögbann eða annar úrskurður útfinnur af þar til bærum dómstól eða aðrar lagalegar hömlur eða bann, sem kemur í veg fyrir framkvæmd viðskiptanna sem fyrirhuguð eru með DIFX-viðskiptasamningnum, (og eru skilyrði allra aðila fyrir gerð hans); (v) nákvæmni yfirlýsinga og ábyrgða NASDAQ, framkvæmd NASDAQ á samkomulagi sínu, afhending NASDAQ á skírteini um slík skilyrði og afhending NASDAQ á undirrituðum eintökum af DIFX-hluthafasamningi, vörumerkjaleyfissamningi og tæknilegu leyfi og markaðssamningi (og eru skilyrði Borse Dubai og DIFX fyrir lúkningu samningsins); og (vi) nákvæmni yfirlýsinga og ábyrgða Borse Dubai og DIFX, framkvæmd Borse Dubai og DIFX á samkomulagi hans, afhending Borse Dubai og DIFX á skírteini um slík skilyrði og afhending Borse Dubai og DIFX á undirrituðum eintökum af DIFX-hluthafasamningi, vörumerkjaleyfissamningi og tæknilegum samningi og markaðssamningi (og er skilyrði lúkningar samningsins af hálfu NASDAQ).

Yfirlýsingar og ábyrgðir

DIFX-viðskiptasamningurinn inniheldur yfirlýsingar og ábyrgðir sem aðilar hafa gert sín á milli. Fullyrðingar, sem felast í þessum yfirlýsingum og ábyrgðum, voru einungis settar fram varðandi DIFX-viðskiptasamninginn og eru háðar mikilvægum fyrirvara og takmörkunum, sem fyrirtækin hafa samþykkt í tengslum við samningsgerðina. Auk þess voru tilteknar yfirlýsingar og ábyrgðir settar fram á tilteknum degi og kunna að vera háðar samningsstaðli sem er efnislega frábrugðinn því sem telja má að skipti máli fyrir hluthafa eða kunna að hafa verið notaðir til að dreifa áhættu milli fyrirtækjanna fremur en að setja fram staðreyndir.

Samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum setja DIFX og Borse Dubai fram tilteknar yfirlýsingar og ábyrgðir gagnvart NASDAQ, m.a. varðandi eftirtalin atriði: heimildir félagsins og aðfararhæfni; samþykki yfirvalda; að ekki sé um brot að ræða á skuldbindingum félagsins, eigið fé; ársreikninga; ekki hafi verið gerðar tilteknar breytingar; málaferli og lögbrot; hugverkaréttindi; friðindi starfsmanna; skatta; enga miðlara né milligönguaðila; DIFX er ekki „fjárfestingafyrirtæki“; almenn beiðni um viðskipti og engin samþætting; lögbundin skjöl; leyfi og heimildir; gjaldþrot; upplýsingatæknikerfi; mikilvæga samninga; og upplýsingar.

Í DIFX-viðskiptasamningnum hefur NASDAQ ýmsar

yfirlýsingar og ábyrgðir á hendur Borse Dubai og DIFX, m.a. varðandi eftirtalin atriði: lokað útboð; tilurð félagsins og heimildir; samþykki yfirvalda; ekki sé um brot að ræða á skuldbindingum félagsins; eigið fé; og enga miðlara né milligönguaðila.

Borse Dubai og DIFX hafa samþykkt að bæta tjón og tryggja skaðleysi NASDAQ sem og viðkomandi stjórnarmanna þess, fjárvörsluaðila (trustees), félaga, meðeigenda, stjórnenda, umboðsaðila og starfsmanna og að tryggja að umræddir aðilar verði ekki fyrir tjóni eða kröfum, skaðabótum, kostnaði og skaðabótaskyldu sem stafar af: (i) hvers konar broti á yfirlýsingum eða ábyrgðum af hálfu Borse Dubai eða DIFX í DIFX-hluthafasamningnum, vörumerkjaleyfissamningnum, tækni samningnum og markaðssamningnum; og (ii) hvers konar broti á skuldbindingum af hálfu Borse Dubai eða DIFX samkvæmt DIFX-samningnum eða DIFX-hluthafasamningnum.

NASDAQ á ekki rétt á skaðabótum vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum öðrum en þeim sem varða heimild félagsins og aðfararhæfni, eigið fé, þar eð DIFX er ekki fjárfestingafélag, og almennri beiðni um viðskipti og engin samþætting, nema heildarfjárhæð skaðabóta, sem slíkur aðili stofnar til og bætur fást fyrir, nemi hærri fjárhæð en 1,8 milljón bandaríkjadala. Heildarfjárhæð bótaábyrgðar Borse Dubai og DIFX vegna skaðabóta af völdum brota á yfirlýsingum, ábyrgðum og samkomulagi (annarra en þeirra sem varða undanþegnar yfirlýsingar og ábyrgðir Borse Dubai og DIFX) fyrirtækis og aðfararhæfni, fjárfestingu og ábyrgð (öðrum en þeim sem varða undanþegnar yfirlýsingar og ábyrgðir Borse Dubai og DIFX) nemi ekki hærri fjárhæð en 180 milljónum bandaríkjadala.

Réttur NASDAQ til að gera kröfur um skaðabætur vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (öðrum en þeim sem varða undanþegnar yfirlýsingar og ábyrgðir Borse Dubai og DIFX) gildir í 12 mánuði eftir lúkningu samningsins. Að því er varðar brot á undanþegnum yfirlýsingum og ábyrgðum Borse Dubai og DIFX mun sá réttur gilda um ótakmarkaðan tíma. NASDAQ hefur samþykkt að bæta tjón og tryggja skaðleysi Borse Dubai og DIFX sem og stjórnarmanna þeirra, fjárvörsluaðila, félaga, meðeigenda, umboðsmanna og starfsmanna og að tryggja að umræddir aðilar verði ekki fyrir tjóni eða kröfum, skaðabótum, kostnaði og skaðabótaskyldu sem stafa af: (i) broti á hvers konar yfirlýsingum eða ábyrgðum af hálfu NASDAQ í DIFX-samningnum eða DIFX-hluthafasamningnum og (ii) á hvers konar samkomulagsbrotum sem NASDAQ ber að framkvæma samkvæmt DIFX-samningnum eða DIFX-hluthafasamningnum. Borse Dubai og DIFX eiga ekki rétt á bótum vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (öðrum en þeim sem snerta óskráða verðbréfaútgáfu, tilurð félags og heimildir samkvæmt undanþegnum yfirlýsingum og ábyrgðum NASDAQ samkvæmt DIFX-samningnum) nema heildarfjárhæð skaðabótaábyrgðar sem stofnað er til nemi hærri fjárhæð en 1,8 milljón bandaríkjadala. Heildarfjárhæð bótaábyrgðar NASDAQ vegna brots á yfirlýsingum og ábyrgðum, (annarra en undanþeginna

NASDAQ yfirlýsinga og ábyrgða samkvæmt DIFX-samningnum) nemi ekki hærri fjárhæð en 180 milljónum bandaríkjadala.

Réttur Borse Dubai og DIFX til að krefjast bóta vegna brota á yfirlýsingum og ábyrgðum (annarra en undanþeginna yfirlýsinga og ábyrgða samkvæmt DIFX-samningnum) mun gilda í 12 mánuði eftir lúkningu samningsins og að því er varðar brot á undanþegnum yfirlýsingum og ábyrgðum samkvæmt DIFX samningnum mun sá réttur gilda um ótakmarkaðan tíma.

HLUTHAFASAMKOMULAG DIFX

Samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum munu NASDAQ, Borse Dubai og DIFX við lúkningu samningsins gera með sér DIFX – hluthafasamkomulagið. Samkvæmt DIFX-hluthafasamkomulaginu er NASDAQ meinað að framselja nokkuð af eignarhaldi sínu í DIFX í sjö ár frá dagsetningu samningsins, með tilteknum undantekningum.

Að auki hefur NASDAQ gagnkvæman sölurétt (e. co-sale right) til að selja hlutfallslegan hluta af eignarhaldi sínu í DIFX ef Borse Dubai selur þá fjárhæð sem, ásamt þeim hagsmunum sem NASDAQ selur, nemur 25% eða meira af útistandandi eignarhaldi í DIFX. Borse Dubai hefur drag-along rétt sem myndi gera það að verkum að NASDAQ bæri að selja hlutfallslegan hlut af eignarhaldi sínu í DIFX ef til þess kæmi að Borse Dubai seldi fyrir fjárhæð sem myndi valda breytingu á stjórn DIFX ef fjárhæðin yrði lögð saman við fjárhæð NASDAQ. Varðandi annað en gagnkvæman sölurétt, framangreinda drag-along skyldu eða að teknu tilliti til annarrar undanþágu hefur Borse Dubai rétt til forgangs að kaupum í tilboð ef NASDAQ selur eignarhald sitt í Borse Dubai. Loks, við tilteknaðar aðstæður, hefur NASDAQ sölurétt sem myndi skylda DIFX til að endurkaupa eignarhald NASDAQ í DIFX á sanngjörnu markaðsverði.

Svo fremi að NASDAQ haldi a.m.k. helmingi af upphaflegu eignarhaldi sínu í DIFX hefur NASDAQ rétt til að tilnefna tvo fulltrúa NASDAQ sem stjórnarmenn í stjórn DIFX. DIFX mun gera sitt besta til að sjá til þess að einn NASDAQ-stjórnarmaður verði tilnefndur í markaðseftirlits-, tilnefninga-, og þóknananefndir stjórnar DIFX og einn fulltrúa NASDAQ (ekki einn tilnefndur af NASDAQ) í skráningarnefnd DIFX, í hverju tilviki samkvæmt viðeigandi lögum, reglugerðum, skráningarstaðli kauphallarinnar eða samsetningarstaðli nefndarinnar.

Svo fremi að NASDAQ haldi a.m.k. 25% af upphaflegu eignarhaldi sínu í DIFX hefur NASDAQ rétt til að tilnefna einn stjórnarmann í stjórn DIFX en hefur ekki rétt til að tilnefna menn til nefnda stjórnar DIFX.

Svo fremi að NASDAQ hafi rétt til að tilnefna fulltrúa NASDAQ er ekki heimilt að grípa til eftirfarandi aðgerða án samþykkis a.m.k. eins fulltrúa NASDAQ: (i) hvers konar efnislegar breytingar eða útvíkkun á viðskiptamarkmiðum DIFX; (ii) hvers konar viðskipti eða raðir viðskipta við fyrirtæki tengt DIFX (með tilteknum undantekningum); (iii) sala hlutabréfa í DIFX (nema samkvæmt upphaflegu opinberu

tilboði) til samkeppnisaðila NASDAQ; (iv) hvers konar viðskipti DIFX utan tiltekinna landfræðilegra svæða við samkeppnisaðila NASDAQ; (v) hvers konar breytingar á stofnskjöllum DIFX sem væru neikvæðar fyrir NASDAQ samkvæmt DIFX-samningnum; og (vi) breytingar á stjórnun DIFX.

DIFX hefur samþykkt að afhenda NASDAQ tiltekna ársreikninga. Auk þess munu DIFX og dótturfyrirtæki þess hlíta reglum sem varða starfsemi þeirra og fylgja að öllu leyti bandarískum lögum sem snerta DIFX og dótturfyrirtæki þess. Við sérstakar aðstæður kann NASDAQ að vera skylt að leggja fram 25 milljónir bandaríkjadala sem viðbótarhlutafé í DIFX.

Annað en í tengslum við opinbert tilboð, ef DIFX gefur út DIFX-hlutabréf eða hvers konar verðbréf sem eru skiptanleg fyrir eða unnt er að skipta eða breyta í DIFX-hlutabréf í hvers konar hlutafjárútboði, hefur NASDAQ rétt til að kaupa verðbréf á grundvelli hlutfallslegs eignarhalds síns í DIFX. Kaupréttur NASDAQ nær ekki til eftirtalinna útgáfa: (i) hvers konar skiptingar hlutabréfa eða undirskiptingar eða svipaðra viðskipta varðandi hlutafé NASDAQ; (ii) forgangur til útgefna bréfa þar sem þátttaka Borse Dubai væri háð samþykki yfirvalda nema og þar til slíks samþykkis hefði verið aflað; (iii) hvers konar útgáfu hlutafjár NASDAQ til starfsmanna, stjórnenda, stjórnarmanna, ráðgjafa, viðskiptavina og seljenda til DIFX; (iv) í sambandi við öflun DIFX, hvort sem er með samruna, sameiningu, hlutabréfaskiptum eða aðra endurskipulagningu eða viðskiptasamsetningu; og (v) við nýtingu útgefna verðbréfa samkvæmt rétti sem veittur hefur verið handhafa DIFX-hlutabréfa almennt.

VÖRUMERKJALEYFISSAMNINGUR

Samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum munu NASDAQ og DIFX taka þátt í vörumerkjaleyfissamningnum við lúkningu DIFX samningsins.

Samkvæmt vörumerkjaleyfissamningnum mun NASDAQ veita DIFX óafturkræft (háð tilteknum riftunarrétti NASDAQ), alþjóðlegt, varanlegt, óframsalshæft, óyfirfæranlegt, þóknunarlaust og fullgreitt leyfi til að nota og sýna tiltekin NASDAQ-merki, („merkin“), í tengslum við viðskipti DIFX. Notkun DIFX á merkjunum skulu vera einskorðuð við tiltekin svæði, en um undantekningar getur verið að ræða þar sem notkun NASDAQ er heimil við tilteknaðar aðstæður. Heimilt er að framselja leyfið til tiltekinna dótturfyrirtækja DIFX. DIFX ber að tileinka sér gæðastaðla NASDAQ hvað varðar notkun merkjanna, og DIFX ber að varast hvers konar notkun sem er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á viðskiptavild merkjanna. NASDAQ hefur rétt til að endurskoða notkun DIFX á merkjunum til að tryggja að fylgt sé gæðastöðlum.

Hvorum aðila ber að bæta hinum tilteknar skaðabótakröfur þriðja aðila vegna notkunar DIFX á merkjunum. Auk þess mun hvor aðili bæta hinum tilteknar kröfur þriðja aðila vegna sameiginlegrar notkunar aðila á merkjunum. NASDAQ er heimilt að rifta vörumerkjaleyfissamningnum ef (i) DIFX hefur

neikvæðar hreinar tekjur í 7 ár samfelld; (ii) DIFX lætur hjá liða að gera tímanlegar ráðstafanir til leiðréttingar varðandi hvers konar aðgerð sem veldur efnislegum skaða; eða (iii) DIFX lætur hjá liða að gera ráðstafanir til leiðréttingar vegna hvers konar efnislegra brota á viðeigandi lögum. Við tilteknað aðstæður er DIFX heimilt að vefengja tilraun til riftunar í gerðardómsmeðferð.

TÆKNILEYFIS- OG MARKAÐSSAMNINGUR

Samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum munu NASDAQ og DIFX gera með sér tæknileyfis- og markaðssamninginn við DIFX-samningsgerðarlokin. Samkvæmt tæknileyfis- og markaðssamningnum mun NASDAQ veita Borse Dubai varanlegt, óafturkræft, óframsalshæft, óyfirfæranlegt og fullgreitt leyfi (i) til að nota, þótt ekki sé um einkaleyfi að ræða, alla tækni og aðstöðu NASDAQ og OMX („N/O-tækni“) í sambandi við viðskipti Borse Dubai á tilteknum svæðum í Asíu, Evrópu (aðallega Albaníu, Grikklandi, Tyrklandi og Úkraínu) og í Afríku; (ii) til að framselja tiltekna N/O-tækni sem einkaleyfi til DIFX og DFM á sömu svæðum; og (iii) að framselja tiltekna N/O-tækni án einkaleyfis á tilteknum svæðum þar sem fyrirtækið leitar eftir fjármögnunartækifærum. Samkvæmt sérstökum þjónustusamningnum mun NASDAQ veita, gegn sanngjarnri þóknun, þá þjónustu sem Borse Dubai eða undirleyfishafar kunna að þarfnast til þess að nýta N/O-tæknina að fullu þ.á m uppsetningu, viðhald og aðstoð.

Í tæknileyfis- og markaðssamningnum er einnig gert ráð fyrir tilteknum takmörkunum og skyldum varðandi fjárfestingar NASDAQ á tilteknum svæðum. Auk þess munu NASDAQ og DIFX, gera umboðssölusamning en samkvæmt honum mun fyrirtækið koma fram sem söluaðili tiltekinnna fjármálavara og -þjónustu gagnaðilans gegn sanngjarnri þóknun. Söluumboðssamningur DIFX's vegna NASDAQ vöru og -þjónustu er háður einkaleyfi á tilteknum svæðum í Asíu, Evrópu (aðallega Albaníu, Grikklandi, Tyrklandi og Úkraínu) og Afríkuríkjum í þrjú ár. Að loknu því tímabili verður einkaleyfið framlengt svo lengi sem ekki hefur komið til óbætanlegra brota á söluumboðssamningnum á þriggja ára tímabilinu.

NASDAQ og Borse Dubai munu tryggja að skaðlausu hvorn annan gegn tilteknum kröfum þriðja aðila að því er varðar brot á hugverkarétti. Borse Dubai er heimilt að rifta tæknileyfis- og markaðssamningnum hvort sem er til þæginda eða af einhverri tiltekinni ástæðu. Ef til riftunar kemur af hálfu Borse Dubai falla niður öll réttindi þess varðandi N/O-tæknina. NASDAQ er ekki heimilt að rifta tæknileyfis- og markaðssamningnum. Ef Borse Dubai brýtur samninginn efnislega er NASDAQ heimilt að breyta tæknileyfis- og markaðssamningnum með því að: (i) takmarka leyfið við þá N/O-tækni sem Borse Dubai er að nota þegar brotið á sér stað; (ii) fella niður rétt Borse Dubai til að veita nokkur frekari undirleyfi (sublicences); og (iii) veita Borse Dubai uppfærslur af N/O-tækninni á sanngjörnu gangverði.

EIGNARHALD BORSE DUBAI Á HLUTABRÉFUM OG KAUPRÉTTUM

Borse Dubai hefur beint eða með aðstoð dótturfélags í einkaeigu aflað 5.880,130 OMX hluta sem nemur 4,9% af útgefnu hlutafé og atkvæðum OMX. Auk þess hefur HSBC fengið kauprétt hjá tilteknum völdum alþjóðlegum fjárfestum („gagnaðilum“) til að afla til viðbótar 29.171.741 OMX-hlutabréfa sem nema 24,2% af útgefnu hlutafé og atkvæðum OMX og eru háð gagnkvæmum kaupréttarsamningi (e. back-to-back option agreement) við Borse Dubai (Cayman) Limited („Borse Dubai Cayman“), dótturfélag í einkaeigu Borse Dubai.

Í þessu yfirliti er kaupréttum lýst eins og þeir gagnast í tengslum við tilboðið.

Kaupréttirnir eru fölgir í frágangi kaupréttar ásamt rétti Borse Dubai til að velja staðgreiðslu sem Borse Dubai Cayman er kaupandi að og staðgreiddur (cash-settled) kaupréttur þar sem HSBC, eða ef um er að ræða gagnkvæman kaupréttarsamning, Borse Dubai Cayman er seljandi.

Kaupréttinn getur kaupandinn nýtt frá upphafsdegi til lokadags (að báðum dögum meðtöldum). Ef staðgreiðsla er ekki valin er upphafsdagur kaupréttar áætlaður viðskiptadagur á OMX Nordic Exchange Stockholm strax eftir því sem síðar verður: (i) móttaka Borse Dubai (eða tengds fyrirtækis) á öllu samþykki yfirvalda sem þörf er fyrir í sambandi við tilboðið, og (ii) fyrsti dagur samþykktar tilboðsins. Ef kaupandi velur staðgreiðslu samkvæmt kaupréttinum skal upphafsdagur kaupréttarins vera sá dagur þegar slíkt er valið. Það þýðir að kaupréttinn má nýta og staðgreiða hvenær sem er frá þeim degi þegar hann var samþykktur til og að meðtöldum lokadegi kaupréttarins. Lokadagur kaupréttarins er sá sem fyrr verður: (i) sá dagur sem nemur tveimur áætluðum viðskiptadögum á OMX Nordic Exchange Stockholm eftir upphafsdag kaupréttarins, (ii) sá dagur (ef um það er að ræða) þegar Borse Dubai tilkynnir opinberlega að hætt sé við tilboðið og (iii) fyrsti dagur eftir að ár er liðið frá því að kaupréttarsamningurinn var gerður.

Ef kauprétturinn er ekki nýttur á eða fyrir lokadaginn fer sjálfkrafa fram staðgreiddur kaupréttur á áætluðum viðskiptadegi á OMX Nordic Exchange Stockholm strax að loknum lokadegi kaupréttarins. Ef kauprétturinn er nýttur fellur sölurétturinn strax niður og engin greiðsla er gjaldfallin í því sambandi.

Lausnarverð fyrir sölurétt og kauprétt er jafnt því sem reynist 230 sænskar krónur eða tilboðsverðið við lok samþykkistímans, sem er fyrsti dagur samþykktar tilboðsins. Til þess að slíkt gildi, ef kaupréttur er nýttur fyrir lok samþykkistímans, verður lausnarverðið tilboðsverðið í raun þegar hann er nýttur. Vegna hækkunarinnar hefur lausnarverð kaupréttarsamninganna aukist í 265 sænskar krónur fyrir hvert OMX-hlutabréf.

Ef tilboðsverðið er hækkað eftir að kaupréttur hefur verið nýttur og á eða áður en á þeim degi þegar eitt ár er liðið frá því að kauprétturinn komst á, mun HSBC greiða til gagnaðila kaupréttarins (eða, ef um er að ræða gagnkvæman

kaupréttarsamning greiðir Borse Dubai Cayman til HSBC) fjárhæð sem endurspeglar fjárhæð slíkrar hækkunar. Ekki þarf að greiða neitt aukagjald samkvæmt kaupréttarsamningunum.

Ef kaupréttur er nýttur og staðgreiddur verður greiðsla fyrir hvert OMX hlutabréf, sem kauprétturinn á við um, að teknu tilliti til lausnarverðsins og uppgjörsverðsins, sem er magnstýrt (volume-weighted) meðalverð hlutabréfa í OMX Nordic Exchange Stockholm (samkvæmt tilkynningu Bloombergs) á því tímabili sem tiltekið er í kaupréttarsamningunum. Ef kauprétturinn er nýttur og uppgjörsverðið er hærra en lausnarverðið ber gagnaðilanum að greiða HSBC fjárhæð sem endurspeglar umframverðið (eða, ef um er að ræða gagnkvæman kaupréttarsamning, skal HSBC greiða Borse Cayman). Ef kauprétturinn er nýttur og lausnarverðið er hærra en uppgjörsverðið ber HSBC að greiða gagnaðila fjárhæð sem endurspeglar umframverðið (eða, ef um er að ræða gagnkvæman kaupréttarsamning, ber Borse Dubai Cayman að greiða HSBC).

ÓAFTURKRÆFAR SKULDBINDINGAR

Borse Dubai og NASDAQ hafa gert óafturkræfar skuldbindingar við seljanda hluthafa sem sameiginlega eiga u.þ.b. 23,3 milljónir OMX – hlutabréfa sem eru u.þ.b. 19,3% af heildarfjölda atkvæða og hlutabréfa í OMX.

Hinar óafturkræfu skuldbindingar fela í sér að hluthafarnir sem selja skuldbinda sig til að leggja fram alla OMX hluti sína

frá og með upphafi skuldbindingarinnar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Hinum óafturkræfu skuldbindingum lýkur ef tilboðinu lýkur, það er afturkallað eða ef lágmarksskilyrði tilboðsins er lækkað niður fyrir 50% og í hvaða tilviki sem er eigi síðar en 1. apríl 2008. Ef, áður en tilboðið er lýst óskilyrt, óháður þriðji aðili gerir tilboð í OMX sem nemur jafnvirði eða meira en 303 sænskar krónur fyrir hvern OMX hlut (hvort sem slíkt tilboð er í peningum, hlutum eða blanda af hvorutveggja) getur Borse Dubai kosið að jafna slíkt tilboð innan 15 bankadaga. Hinum óafturkræfu skuldbindingum lýkur ef Borse Dubai kys að jafna ekki tilboðið innan tímabilsins.

Ef OMX samningnum er lokið verður hinum óafturkræfu skuldbindingum haldið eftir af Borse Dubai eða framseldar til NASDAQ eftir því hvaða ástæður liggja til grundvallar því að honum lýkur.

Sambland beinnar eignar Borse Dubai í OMX, kaupréttarsamninga og óafturkræfra skuldbindinga, leiða til þess að Borse Dubai á (beint eða óbeint) u.þ.b. 58,3 milljónir OMX-hlutabréfa sem er u.þ.b. 48,3% af útgefnum hlutabréfum OMX og atkvæðum við eða stuttu eftir lúkningu tilboðsins án þess að tekið hafi verið tillit til viðbótar OMX hlutabréfa sem geta verið lögð inn í tilboðið. Með þessum hætti er gert ráð fyrir að tilboði Borse Dubai sé lokið og að fullnægt hafi verið skilyrðum í kaupréttarsamningum og óafturkræfum skuldbindingum.

Yfirlýsing stjórnar OMX

STATEMENT OF THE BOARD OF DIRECTORS OF OMX AB (PUBL) IN RELATION TO THE PUBLIC OFFER FROM BORSE DUBAI LIMITED AND THE AGREED, SUBSEQUENT ACQUISITION OF OMX SHARES BY THE NASDAQ STOCK MARKET, INC.

Summary

The Board of Directors of OMX AB (publ) ("OMX") unanimously recommends the public offer from Borse Dubai Limited ("Borse Dubai"), taking into account the agreed, subsequent acquisition of OMX shares by The NASDAQ Stock Market, Inc. ("NASDAQ").

Urban Bäckström, Chairman of OMX:

"The combination of OMX and NASDAQ will create a new leader in the exchange industry, establish a strong platform for future growth and reinforce the Nordic and Baltic region as a financial centre. Linking trading centres in the US, Europe and the Middle East will provide members, issuers and all other market participants with considerable opportunity in the changing global capital markets. The Borse Dubai offer and the agreed, subsequent acquisition of OMX shares by NASDAQ, is also attractive to our shareholders."

Background

This statement is issued by the Board of Directors of OMX pursuant to section II.14 of the OMX Nordic Exchange Stockholm Takeover Rules.

OMX býður skráningar í kauphöllinni í Stokkhólmi, Helsinki, Kaupmannahöfn og á Íslandi. Viðskiptavinir gefa út verðbréf í formi hlutabréfa og innlánsbréfa, kaupheimilda, sjóðseininga, vísitölusjóða, breytanlegra viðskiptabréfa, réttinda, kaupréttar, skuldabréfa og annarra vaxtatengdra vara. Sem dæmi um þjónustu í þágu skráðra fyrirtækja býður Nordic Exchange í Stokkhólmi og Helsinki einnig þá þjónustu að tryggja aukinn seljanleika hlutabréfa í félögum þar sem viðskipti eru almennt færri. Með því að leita til slíkra aðila, oftast banka eða verðbréfamíðlara, geta fyrirtæki tryggt sér betri grundvöll verðmyndunar fyrir hlutabréf sín. Í árslok höfðu 127 fyrirtæki hjá Nordic Exchange gert slíka samninga. Fyrirtækjum í vexti veitir Nordic Exchange aðgang að fjármálamarkaðnum með öðrum markaði, First North, sem býður upp á einfaldari reglur en meginmarkaður OMX.

Markaðurinn

Markaðurinn fyrir skráningarþjónustu er einkum háður efnahag, aðgangi að og kostnaði við aðra fjármögnunarkosti, svo og hve áhugavert þykir að fá skráningu í kauphöll og njóta fjármögnunar þar. Heildarmarkaðsvirði fyrirtækja hjá Nordic Exchange við árslok 2006 nam 8.306 milljörðum sænskra

króna, hið sjötta mesta á evrópskum mörkuðum. Jafnframt því er Nordic Exchange fremsta fyrirtæki í heimi á tilteknum sviðum. Miðað við markaðsvirði skráðra fyrirtækja er Nordic Exchange stærsta kauphöll Evrópu fyrir upplýsinga-tæknifyrirtæki, hin stærsta í heiminum í pappírsiðnaðinum, önnur stærsta í heimi í smásölu tískufatnaðar og þriðja stærsta í heimi í iðnaðarvélum.

Viðskiptavinir

Viðskiptavinir OMX eru stofnanir svo sem fyrirtæki, sjóðir eða ríkisstjórnir sem gefa út og skrá verðbréf hjá Nordic Exchange. Ein vísbending um markaðsstarfsemi er fjöldi nýrra fyrirtækja sem bættust við á árinu. Á árinu 2006 urðu ný fyrirtæki tvöfalt fleiri en 2005. Samtals voru 103 (42) ný fyrirtæki¹⁶⁾ skráð, þar af 58 (32) sem skráðu sig hjá meginmarkaðnum og 45 (10) hjá First North. Nokkrir stærstu viðskiptavinanna meðal skráðra fyrirtækja eru Nokia, Ericsson, A.P. Møller-Mærsk, Nordea, Hennes & Mauritz, TeliaSonera, Danske Bank og Volvo.

Keppinautar

Samkeppnin snýst aðallega um það hvaða kauphallir standa opnar fyrirtækjum sem eru að íhuga nýskráningu eða viðbótarskráningu. Stærstu kauphallir heims eru m.a. kauphöllin í Lúndúnum (LSE), Deutsche Börse, Borsa Italiana, spænska kauphöllin, svissneska kauphöllin, NYSE Euronext, NASDAQ, kauphöllin í Tokyo og kóreska kauphöllin. Í Svíþjóð er einnig NGM og lögbundni markaðurinn Aktietorget. Kauphallir, sem svipar til First North, eru t.d. AIM hjá LSE og Alternext hjá NYSE Euronext. Virkur fjármálamarkaður býður einnig upp á ýmsar mismunandi aðferðir til að afla fjármagns auk kauphalla, t.d. með bankalánum eða einkafjármagni.

Tekjumódel

Tekjur af skráningarþjónustu eru fylgnar í upphaflegri þóknun og áframhaldandi þóknun sem sérhvert fyrirtæki greiðir fyrir áframhaldandi skráningu. Þóknunin ákvarðast af markaðsvirði fyrirtækis. Tekjumódel hjá First North er með sama hætti og hjá meginmarkaðnum, en fyrirtæki hjá First North eru að jafnaði minni og skila minni tekjum.

Samvinna og samstarfsaðilar

Með samvinnu og samstarfsaðilum tekur OMX virkan þátt í þróun fjármagnsmarkaða, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Linked Exchanges and Clearing („LEC“) er staðsett í Lúndúnum og Osló og er tengiliður fyrir viðskipti og greiðslujöfnun með afleiður. OMX er einnig meðeigandi EDX-afleiðukauphallarinnar í London (EDX London Derivatives Exchange) (ásamt LSF) sem með hjálp LEC býður upp á viðskipti með norrænar og rússneskar hlutabréfatengdar afleiður með staðbundinni greiðslujöfnun í Bretlandi. Með hjálp Eurex hefur OMX samvinnu um þá finnsku afleiðusamninga, sem mest viðskipti eru með, svo og kauprétt og framvirka samninga hjá OMXH25.

¹⁶⁾ Þar á meðal kauphallir í Eyrstrasaltöndunum.

Kerfi og tækni

Tæknilausnir OMX voru forsenda stofnunar Nordic Exchange og þess að tryggja skilvirk viðskipti með verðbréf. Nordic Exchange hefur tekist að stuðla að verulega aukinni veltu á undanförunum árum og nýtur nú mikils álits fyrir tæknilegan stöðugleika, afköst, getu og virkni. Reynsla sem hefur fengist, þökk sé viðskiptavinum um allan heim, tryggir áframhaldandi þróun bæði í tækni og þjónustu. Nordic Exchange er einn af kröfuhörðustu viðskiptavinum OMX um tækni og hefur hvatt OMX áfram til frekari þróunar núverandi og nýrra kerfa.

Markaður og eftirlit

Trú á fjármálamörkuðum skiptir meginmáli til þess að viðskiptin gangi eðlilega. Nordic Exchange gegnir virku markaðseftirliti á vegum sjálfstæðrar einingar sem er algjörlega aðskilin frá öðrum rekstri. Eftirlitsdeildin ber ábyrgð á formlegri skráningu hinna ýmsu verðbréfa og að skráð fyrirtæki og félagar í kauphöllinni fari að reglum kauphallanna. Í Stokkhólmi og Helsinki sjá skráningarnefndir kauphallanna um að skrá ný fyrirtæki. Í Kaupmannahöfn sér forstjóri kauphallarinnar um að ákvarða skráningu, verkefni sem stjórn kauphallarinnar í Kaupmannahöfn hefur falið honum. Vakni grunur um að skráð fyrirtæki eða kauphallaraðili hafi brotið reglugerðir kauphallarinnar fer málið inn á borð eftirlitsdeildarinnar. Sérstakar aganefndir í Stokkhólmi og Helsinki taka á alvarlegum brotum. Í Kaupmannahöfn er tekið

á öllum málum af eftirlitsdeildinni. Ef grunur leikur á að um innherjaviðskipti sé að ræða er slíkt tilkynnt tilteknu yfirvaldi í hverju ríki. Haldið er áfram að samræma uppbyggingu og framkvæmd markaðseftirlits á Norðurlöndum. Við stofnun Nordic Exchange voru skráningarkröfur OMX-kauphallanna í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Helsinki samræmdar. Fyrirhugað er að stofna fyrirtækjanefnd og aganefnd í Kaupmannahöfn 2007. Á sama tíma verður skráningarferlið einnig samræmt milli kauphallarinnar í Stokkhólmi, kauphallarinnar í Helsinki og kauphallarinnar í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir að samræmdar reglugerðir um skráð fyrirtæki taki gildi 2008.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG NÝIR MARKAÐIR


Upplýsingaþjónusta er mikilvægur þáttur hjá Nordic Exchange. Kauphallirnar í Eystrasaltslöndunum, sem falla undir þjónustu Nordic Exchange og OMX varðandi umsjón verðbréfa, er einnig að finna á þessu viðskiptasviði.

Viðskiptasviðið Upplýsingaþjónusta og nýir markaðir (Information Services & New Markets) nær til Upplýsingaþjónustu (Information Services), Eystrasaltmarkaðarins (Baltic Market) og þjónustu OMX í umsjón með verðbréfum, miðlaraþjónustu (Broker Services). Hið síðastnefnda var kynnt á viðskiptasviðinu í febrúar 2006 og náði einnig til tæknilausna frá 1. janúar 2007. Viðskiptasviðið hyggst einnig leita að viðskiptatækifærum með miklum vaxtamöguleikum, bæði hvað


Mynd 4: Viðskiptayfirlit yfir upplýsingaþjónustu OMX og nýja markaði

ÞJÓNUSTA OG VÖRUR	VIÐSKIPTAVINIR	TEKJULINDIR
Upplýsingaþjónusta (Upplýsingaþjónusta)	• Upplýsingamiðlarar • Kauphallaraðilar og útgefendur • Fagfjárfestar og almennir fjárfestar	• Tekjur af upplýsingum á grundvelli fjölda notenda • Áskriftartekjur • Tekjur af þjálfun
Markaðsskráning, viðskipti, greiðsluþjónun og skráning á Eystrasaltssvæðinu (Eystrasaltmarkaðurinn)	• Kauphallaraðilar og útgefendur • Sjóðsstjórar og umsjónaraðilar reikninga	• Tekjur vegna viðskipta, greiðsluþjónunar og uppgjors á grundvelli fjölda og virðist
Umsjón með verðbréfum (Miðlaraþjónusta)	• Bankar • Verðbréfamiðlarar	• Færslutekjur á grundvelli fjölda • Fastar tekjur á hvern viðskiptavin

Mynd 5: Skipting tekna OMX vegna upplýsingaþjónustu og þjónustu við nýja markaði (New Markets).



Mynd 6: Fjöldi rauntímaútsstöðva



¹⁾ Endurreiknað í samræmi við nýja uppbyggingu Norrænna vara 2006.

varðar vörur, þjónustu og svæðisbundna markaði. Nordic Exchange nær til viðskipta og skráningarþjónustu í Eystrasaltslöndunum og upplýsingasölu frá öllum mörkuðum OMX ásamt kauphallarrekstri á Norðurlöndum (sem skipulagður er undir merkjum Nordic Marketplaces).

Upplýsingaþjónusta

Upplýsingaþjónusta nær til allra upplýsingavara OMX. Upplýsingar eru vaxandi og mikilvægur þáttur í þágu allra þátttakenda í Nordic Exchange. Viðskiptasviðið stuðlar að þróun ýmissa vara og þjónustu á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum, sem ætlað er að auka gagnsæi og auðvelda fjárfestum þar að nýta sér fjárfestingartækifæri á öllu svæðinu og jafnframt að gefa alþjóðlegum fjárfestum aukna innsýn í verðbréfamarkaðinn á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum.

Vörur og þjónusta

Upplýsingavörur og þjónusta byggjast á viðskiptaupplýsingum frá Nordic Exchange um þrjá flokka verðbréfa: hlutabréf, skuldabréf og afleiður. OMX veitir upplýsingar byggðar á óunnum og unnum gögnum á rauntíma, eftir tímatöf eða í lotum. Vörur og þjónusta eru hönnuð jafnt fyrir þá sem starfa á markaðnum sem og einstaklinga og fela í sér rauntímaupplýsingar um pöntunarbækur, tiltekin viðskipti og verðþróun hlutabréfa, samantekt og útreikninga tilvísana, svo sem vísitalna, og staðtölur. Upplýsingaþjónusta hjálpar einnig skráðum fyrirtækjum að birta fjölmiðlum, sérfræðingum, fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum samtímis, upplýsingar sem hafa áhrif á verðmyndun hlutabréfa. Á árinu 2006 tengdist upplýsingaþjónustan sex kauphöllum og frá 2007 bættist Kauphöll Íslands við. Viðskiptasviðið nær einnig til þjálfunarþjónustu OMX til handa miðlurum og námskeiða um viðskipti með hlutabréf og afleiður handa fagaðilum og einkafjárfestum. Gildistaka væntanlegrar tilskipunar Evrópusambandsins um gagnsæi (2007) (EU Transparency Directive (2007)) mun valda aukinni samkeppni í upplýsingagjöf. Í ljósi þess hefur OMX stuðlað að þróun viðtækra samskiptaþjónustu handa skráðum fyrirtækjum um sem nefnist Company News Service (Fréttþjónusta fyrirtækja). Fréttþjónustan hófst á fyrsta ársfjórðungi 2007.

Markaðurinn

Kauphallþjónusta þróast ört og hafa markaðsupplýsingar aukist verulega á undanförunum árum. Eftirspurn er mikil frá fjárfestum eftir bestu upplýsingum til þess að geta stundað sem hagstæðastar fjárfestingar. Þar eð vaxandi hluti viðskipta fer nú fram með sjálfvirkum hætti og með miklu meiri hraða en menn ráða við hefur þörfin fyrir skjótar upplýsingar vaxið mjög. Með auknum kröfum um afhendingu skjótra upplýsinga gefast frábær tækifæri til að bæta markaði, auka veltu, hækka tekjur og stuðla að betri samkeppnisstöðu. Lög, reglugerðir og meiri kröfur fjárfesta um skjótar og áreiðanlegar upplýsingar eru öfl sem ýta undir þróun markaðar fyrir samskiptatæki. Fyrirtæki beita slíkum tækjum til að dreifa upplýsingum til fjölmiðla, greiningaraðila, atvinnumanna í viðskiptum og einkafjárfesta með skilvirkum hætti. Á markaðnum er háð hörð samkeppni milli margra stórra alþjóðlegra fyrirtækja og minni og

staðbundinna fyrirtækja sem hafa haslað sér völl hvert á sínum stað. OMX leitast við að verða fyrsti kostur um slíka þjónustu á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum.

Viðskiptavinir

OMX veitir stórum hópi viðskiptavina upplýsingar. Mikilvægustu viðskiptavinirnir eru m.a. kauphallaraðilar (bankar og verðbréfamiðlarar), upplýsingamiðlarar að nokkru marki einkafjárfestar í markaðs- og sérfræðiupplýsingum, svo og skráð fyrirtæki vegna samskiptaþjónustu. Meðal upplýsingaseljenda á alþjóðamarkaði eru Reuters, Bloomberg og Thomson Financial og norræni markaðurinn SIX og Kauppalehti. Á árinu 2006 tókst OMX að fá til liðs við sig nýja söluaðila úr alþjóðlega fjárfestingabankageiranum og söluaðila sem beina athygli að norræna fjárfestingamarkaðnum. Litlir og meðalstórir bankar á viðkomandi svæðum hafa einnig látið í ljós áhuga.

Keppinautar

Upplýsingaþjónustan byggist að miklu leyti á upplýsingum frá Nordic Exchange. Því betur sem upplýsingarnar eru unnar þeim mun harðari verður samkeppnin vegna þess að aðrir taka að bjóða svipaða þjónustu. Helstu keppinautar OMX Company News Service eru Observer og Hugin (í eigu Euronext).


Tekjumódel

Tekjur OMX af upplýsingaþjónustu fást einkum með því að selja og dreifa markaðsupplýsingum þar sem tekjur fara eftir fjölda endanlegra notenda. Auk þess selur upplýsingaþjónusta OMX samskiptaþjónustu til seljenda upplýsinga, kauphallaraðila, útgefenda verðbréfa og atvinnufjárfesta. Þjálfunarnámskeið eru annar tekjustofn sem byggist á fjölda þátttakenda á námskeiðum.

Markaðurinn í Eystrasaltsríkjum

Starfsemin á markaðnum í Eystrasaltsríkjum fer fram í kauphöllinni í Tallin (Eistlandi), kauphöllinni í Riga (Lettlandi) og kauphöllinni í Vilnius (Litháen). OMX er eigandi kauphallanna í Riga og Vilnius og á 62% í kauphöllinni í Tallinn. Enn fremur á OMX verðbréfaskráninguna í Eistlandi og Lettlandi og 40% verðbréfaskráningarinnar í Litháen. Í starfsemi sinni á markaðnum í Eystrasaltsríkjum hyggst

Mynd 7: Hlutabréf – dagleg velta og fjöldi viðskipta á dag í Eystrasaltsríkjum



OMX draga úr mismun milli þessara þriggja þjóðarkauphalla og gera þessa markaði að sérstökum og áhugaverðum hluta af Nordic Exchange.

Vörur og þjónusta

Á markaðnum í Eyrstrasaltslöndunum býður OMX Nordic Exchange aðildarfélagum sínum viðskipta-, greiðsluþjónunar-, greiðslu- og vörsluþjónustu. Útgefendum verðbréfa, einkum stórum fyrirtækjum, er boðin skráning og dreifingarkerfi fyrir hinar ýmsu tegundir verðbréfa sinna. Verðbréfin í boði eru einkum hlutabréf, skuldabréf og ríkisvixlar. Greiðsluþjónunar-, greiðslu- og vörsluþjónusta er boðin á vegum meginvörsluhafa í eigu OMX í Eistlandi og Lettlandi og meginvörsluhafa að hluta í eigu OMX í Litháen. Auk þess býður OMX í Eistlandi og Lettlandi viðhald skráningar sjóðseininga sem eru hluti skyldubundinna lífeyrissjóða og í Eistlandi að viðhalda hluthafaskrár fyrir skráð fyrirtæki ef þess er óskað. Eyrstrasaltsmarkaðurinn mun styrkja stöðu sína með því að bjóða einkaaðilum og stofnanafjárfestum viðtækari þjónustu og verðbréf. Lögð verður mest áhersla á að stofna annan markað fyrir fyrirtæki í vexti og nýja kynningu fyrir skráð fyrirtæki samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Markaðurinn

Á árinu 2006 varð mestur hagvöxtur í Eyrstrasaltsríkjum af öllum ríkjum Evrópusambandsins. Hagvöxturinn byggðist á mikilli áframhaldandi eftirspurn innanlands í öllum þremur ríkjum, einkum í byggingariðnaði, fasteignum, verslun og viðskiptum. Mikill vöxtur í fjármálageiranum stafar af meiri verslun á svæðinu, fleiri skráðum fyrirtækjum og upplýstum fjárfestum. Í árslok 2006 voru 98 (103) fyrirtæki og 68 (80) skuldabréfaflokkar (bonds) skráðir í kauphöllum í Eyrstrasaltsríkjum. Meðtal daglegra hlutabréfaviðskipta hækkaði úr 903 í 996 á milli árunna 2005 og 2006. Heildarmarkaðsvirði skráðra fyrirtækjatekjum óx úr 113 milljörðum sænskra króna 2005 í 129 milljarða sænskra króna 2006.

Viðskiptavinir

Meðal viðskiptavina á markaðnum í Eyrstrasaltsríkjum (Baltic Market) eru kauphallaraðilar (bankar og verðbréfamiðlarar), útgefendur verðbréfa, forstöðumenn fjárfestingarsjóða, umsjónaraðilar reikninga og upplýsingamiðlarar. Á markaðnum í Eyrstrasaltsríkjum eru samtals 40 þátttakendur, þar á meðal 15 sem eru aðilar að öllum

þremur kauphöllum í Eyrstrasaltsríkjum. Stærstu viðskiptavinirnir eru Hansabank (deild í Swedbank), SEB og Suprema. Á árinu 2006 voru sex fyrirtæki kynnt til sögunnar í kauphöllum í Eyrstrasaltsríkjum.

Keppinautar

Kauphallir keppa hver við aðra um viðskipti og skráningar. Einnig er um aðra kosti að ræða til að afla fjármagns, svo sem með bankalánunum og einkafjármögnunarfyrirtækjum. Lánamarkaðurinn hefur löngum verið samkeppniskostur í Eyrstrasaltsríkjum fyrir fyrirtæki sem óska eftir að fjármagna vöxt sinn. Á undanförunum árum hefur einkafjármagn í framboði á svæðinu verið aukið.

Tekjumódel

Svipað og hjá Norrænum mörkuðunum myndast tekjur OMX af markaðnum í Eyrstrasaltsríkjum af verslunarviðskiptum, greiðsluskriptum og uppgjörum, þóknunum frá útgefendum verðbréfa, aðildargjöldum, en einnig sölu markaðsupplýsinga. Tekjur fást einnig af meginvörsluhöfum verðbréfa í Tallinn og Riga þar sem fjöldi skráðra reikninga og viðskipta er mikilvægasta mælistærðin.


Þjónusta verðbréfamiðlara

Frá 1. janúar 2007 sameinaði OMX tækni- og þjónustueiningar í verðbréfastjórnun í eina einingu. Tækniþjónustan var áður í starfsemi, sem lögð var niður, en eftir er aðeins starfsemi í verðbréfastjórnun í Bretlandi. OMX hefur einfaldað stjórnun verðbréfa í viðskiptum á Nordic Exchange með þjónustu miðlara (Broker Services). Til þess að þróa stjórnkerfalausrir og -þjónustu hefur OMX gert útivistunarsamning við HCL Technologies sem mun sjá um meginhluta þróunarstarfsins. Að bjóða upp á samkeppnishæfa þjónustu hjálpar- og vörslu-deilda er hluti af stefnumörkun OMX fyrir Nordic Exchange. Miðlaraþjónusta (Broker Services) er undir eftirliti Sænska fjármálaeftirlitsins (Financial Supervisory Authority).

Vörur og þjónusta

Ýmiss konar þjónusta er í boði. „Stoðdeild til leigu“ (Back Office for Hire) er ætluð fjármálamönnum sem óska eftir að útvista stjórnun verðbréfamála að öllu eða nokkru leyti. „Þjónusta við fjarstadda kauphallaraðila“ (Remote Member Service) býður fjarstöddum félögum í norrænum kauphöllum uppgjör- og vörsluþjónustu. „Þjónusta við umsjónaraðila reikninga“ (Account Operator Service) er ætluð fjármálamönnum sem hafa reikninga hjá norrænum verðbréfaskráningum (central securities depositories). „Umsjón fjármögnunar fyrirækja“ (Corporate Finance Administration) sér yfirmönnum fjármála hjá fyrirtækjum fyrir stjórnunarþjónustu við skráningu í kauphöllum, útgáfu hlutabréfa og skráningu hjá vörsluhöfum verðbréfa. Fyrir fjármálamenn með starfsemi á norræna markaðnum bjóða „Kerfislausnir“ (Systems Solutions) stjórnkerfislausnir fyrir verðbréf að því er varðar almenna skrifstofuþjónustu og stoðdeildir og vörslu. Kerfislausnir eru í boði annaðhvort sem heildarlausnir, m.a. rekstrarþjónusta, eða leyfisskyld þjónusta.

Mynd 8: Fjöldi viðskipta – verðbréfastjórnun



Markaðurinn

Margir aðilar, sem starfa á norræna markaðnum, óska ekki eftir að stjórna uppgjöri og vörslu verðbréfa og/eða reka eigin verðbréfakerfi. Orsökina kann að vera of lítil velta eða stefnumótun í ráðstöfun fjármuna. Margir aðilar stunda rekstur víða á Norðurlöndum en slíkt gerir tiltekna kröfur til þjónustu og stjórnunar.

Viðskiptavinir

Viðskiptavinir „Miðlaraþjónustu“ (Broker Services) eru norrænir og alþjóðlegir bankar, verðbréfamiðlarar og eignastjórar hjá stofnunum í verslunarviðskiptum (institutional trading operations), einkabanka- og vörsluþjónusta á Norðurlöndum. Miðlaraþjónustan sinnir u.þ.b. 50 viðskiptavinum á Norðurlöndum.

Keppinautar

Helsti kostur annar um stoðeildaþjónustu er innri starfsemi viðskiptavina. Auk þess eru í boði ýmis lítil fyrirtæki sem geta tekið að sér hluta þjónustunnar. Í kerfislausnum er um að ræða allmarga keppinauta bæði á heimsvísu og á hverju svæði.

Tekjumódel

Miðlaraþjónustan (Broker Services) aflar tekna með föstu grunnjaldi fyrir stjórnun eða leyfisveitingu, viðhald og rekstur,

svo og mismunandi hlutfall sem fer eftir fjölda viðskipta sem lokið hefur verið. Fyrir hreina þjónustu við leyfisveitingu er tekið leyfisgjald og mánaðarlegt viðhaldsgjald.

Nýir markaðir

OMX heldur áfram að leggja áherslu á algjörlega nýja verðbréfamarkaði, einkum í Austur-Evrópu. Margar kauphallir hyggja á samvinnu við aðrar, að bæta tæknilausnir og gera aðrar ráðstafanir til að stuðla að frekari þróun markaða sinna. Með reynslu sinni af þróun hins norræna markaðar og vegna forystu í tækniþúnaði kauphalla hefur OMX góða aðstöðu til að umbreyta slíkum kauphöllum. Eftir aðstæðum hverju sinni gæti framlag OMX verið fólgið í ráðgjöf og tæknilegri samvinnu eða sameiginlegum rekstri og eignarhaldi.


Samvinna og samstarf

OMX leggur stöðugt áherslu á samvinnu og samstarf. Á árinu 2006 stofnaði Nordic Exchange VINX-vísitöluna ásamt kauphöllinni í Ósló (Oslo Børs) og Kauphöll Íslands (Iceland Stock Exchange). Varðandi Fréttarþjónustu fyrirtækja (Company News Service) vinnur OMX einnig við PR Newswire, alþjóðlegu fyrirtæki í fremstu röð í dreifingu fréttar og upplýsinga. Síðan í janúar 2007 hefur OMX unnið með mikilsmetnu indversku hugbúnaðarfyrirtæki, HCL Technologies, að þróun og rekstri stjórnkerfa verðbréfa.

Mynd 9: Yfirlit yfir markaðstækni OMX

ÞJÓNUSTA OG VÖRUR	VIÐSKIPTAVINIR	TEKJUGRUNNUR
Tæknilausnir fyrir miðlun	• Kauphallir og markaðstorg	- Sala á kerfisleyfum - Tekjur vegna tækniverkefna - Tekjur vegna stoðþjónustu við uppsett kerfi
Tæknilausnir fyrir greiðslumiðlun og uppgjör	• Greiðslumiðlanir og verðbréfaskráningar	
Tæknilausnir fyrir dreifingu upplýsinga	- Kauphallir og markaðstorg - Upplýsingamiðlarar	
Vinnuumhverfisþjónusta, samþættingar- og ráðgjafarþjónusta	• Allir flokkar viðskiptavina	• Tekjur vegna vinnuumhverfisþjónustu, samþættingar- og ráðgjafarþjónustu

Mynd 10: Þróun tekna og verðmæti pantana og tekjuskípting í markaðstækni OMX



Kerfi og tækni

Tæknilausnir OMX voru forsenda stofnunar Nordic Exchange og forysta þess í heiminum á sviði kauphallartækni stuðlar að þróun nýrrar upplýsingaþjónustu. Sú reynsla, sem hefur fengist, þökk sé hópi viðskiptavina um allan heim, tryggir áframhaldandi þróun tækni og þjónustu. Upplýsingaþjónusta og nýir markaðir (Information Services & New Markets) er frumkvöðull í upplýsingaþjónustu og þess vegna mikilvægur drifkraftur þróunar nýrra vara og virkni.

MARKAÐSTÆKNI

OMX-lausrir auðvelda skilvirk viðskipti með verðbréf fleiri en 60 kauphalla og annarra markaða í fleiri en 50 ríkjum.

Tæknilausnir OMX eru kynntar á viðskiptasviði Markaðstækni (Market Technology). OMX mótar og selur lausrir í verðbréfavíðskiptum, greiðslujöfnun og uppgjöri og upplýsingadreifingu. Í dag stuðla OMX-lausrir að skilvirkum viðskiptum með verðbréf hjá fleiri en 60 viðskiptavinum – kauphöllum og öðrum mörkuðum – í fleiri en 50 ríkjum. OMX er helsti veitandi tæknilausna í heiminum fyrir kauphallarekstur. Meginþáttur í stefnu OMX er þróun næstu tæknikynslóðar – Genium.

Tæknilausnir í þágu viðskipta

Vörur og þjónusta

Tæknilausnir OMX eru seldar um allan heim og eru í notkun hjá kauphöllum, á öðrum vettvangi víðskipta og hjá bönkum og verðbréfamiðlurum sem sem bjóða markangsaðgang sjálfir. Kerfin styðja ýmsar tegundir gerninga, allt frá staðgreiðsluvíðskiptum með hlutabréf (cash equities trading) til flókinna afleiðugerninga. Enn fremur geta kerfin annast allar tegundir eigna, t.d. gjaldmiðla, ýmsar tegundir vaxtabréfa og orku.

Markaðurinn

Markaðurinn hjá kauphöllum einkennist af vaxandi breytingum. Geta til að takast á við breytingar með skjótum

hætti er orðin afar mikilvægur þáttur í velgengni kauphalla um allan heim. Á árinu bar einkum á samþættingu innan greinarinnar, áhrifum nýrra laga og reglugerða, afkastagetu og frammistöðu. Nú um stundir eru það einkum grónar kauphallir sem kaupa OMX-lausrir. Stöðugur vöxtur er í víðskiptum og upplýsingum vegna samþættingar fyrirtækja, nýrra víðskiptamynstra, reikniritsvíðskipta (algorithmic trading), vaxandi beins aðgangs að mörkuðum o.fl. Uppfærsla eða endurnýjun núverandi kerfa til að koma til móts við kröfur um sveigjanleika og skilvirkni eru oft meginhvatar að ákvörðunum um fjárfestingar. Margar kauphallir hafa í árána rás skapað sín eigin kerfi. Hins vegar er nú tilhneiging til þess að afla kerfa sem unnt er að laga að sérstökum aðstæðum hvers víðskiptavinar og koma til móts við allar þarfir. Á sama tíma er nú í vaxandi mæli verið að stofna nýjar kauphallir, einkum í þróunarrikjunum, þar sem þörfin er brýn fyrir stuðning við mótun og þróun skilvirkis fjármálamarkaðar. Hvað kerfin áhrærir er æskilegt að beitt sé þrautreyndum lausnum sem unnt er að nýta sem fyrst án þess að þurfa að verja miklum tíma í aðlögun. Ný lögjöf og reglugerðir sem hafa það að markmiði að örva samkeppni og auka gagnsæi í kauphallarvíðskiptum verður sífellt mikilvægari. Slíkar reglugerðir auðvelda einnig stofnun nýrra og frjálssari markaða sem geta starfað við hlið stærri kauphalla. Að slíkum mörkuðum standa grónar kauphallir, bankar og verðbréfamiðlarar auk nýrra aðila. Einkennandi fyrir slíkan markað er mikil eftirspurn eftir fulltílbúnum lausnum þar sem frammistaða og kostnaður stjórna einkum af ákvörðunum um fjárfestingar.

Víðskiptavinir

Víðskiptalausrir OMX eru, auk OMX Nordic Exchange, m.a. notaðar af áströlsku kauphöllinni, Borsa Italiana, kauphöllinni í Hong Kong and Clearing, ISE (International Securities Exchange), SWX svissnesku kauphöllinni, kauphöllinni í Singapore og Wiener Börse. Víðskiptavinir á öðrum mörkuðum eru m.a. TLX á Ítalíu. OMX sér einnig ICAP fyrir lausnum í vaxta- eigna- og skuldaskiptasamningum.

Mynd 11: Dæmi um víðskiptavini markaðstækni OMX

AMERÍKA	EVROPA	ASÍA OG ÁSTRALÍA
Canadian Trading & Quotation System ICAP ISE FINRA	Borsa Italia Istanbul Stock Exchange MICEX Nord Pool OMX Nordiska Börs Oslo Börs Polish Power Exchange SWX Swiss Exchange TLX Turkish Derivates Exchange Wiener Börse	Australian Securities Exchange Hong Kong Exchange and Clearing Jakarta Stock Exchange Philippine Dealing and Exchange corp. Singapore Exchange Thailand Futures Exchange
MIÐ-AUSTURLÖND OG AFRÍKA		
Abu Dhabi Securities Market Bahrain Stock Exchange Cairo & Alexandria Stock Exchanges Doha Securities Market Dubai Financial Market Saudi Stock Exchange – Tadawul		

Keppinautar

Margar kauphallir hafa í áranna rás mótað sín eigin kerfi, oft með aðstoð ráðgjafarfyrirtækja og staðbundinna birgja. Keppinautar, sem útvega viðskiptalausnir, eru m.a. Atos Euronext Market Solutions og Accenture. Dæmi um keppinauta á markaði í rekstri kaupahallarkerfa eru Accenture, HP og IBM.

Tæknilausnir fyrir greiðslujöfnun og uppgjör

Vörur og þjónusta

OMX býður samhæfðar kerfislausnir að loknum viðskiptum (post trade) í greiðslujöfnun (áhættustýringu) og uppgjöri (uppgjöri og afhendingu) á bæði staðgreiddum hlutabréfum og afleiðum (cash equities and derivatives). OMX býður einnig kerfi til að annast stjórnun verðbréfa hjá verðbréfaskráningum. Slík kerfi eru hönnuð til að geta haft samband við ýmis viðskiptakerfi og önnur greiðslujöfnunar- og verðbréfakerfi. Þau geta séð um stjórnun allra tegunda eigna, svo sem gjaldmiðla, ýmissa tegunda vaxtabréfa eða orku.

Markaðurinn

Nú á dögum einkennist markaðurinn í greiðslujöfnun, uppgjöri og verðbréfaskráningu af miklum kröfum viðskiptavina um skilvirkni vegna þess að kostnaður við greiðslujöfnun og uppgjör, sem hlutfall af heildarviðskiptakostnaði, er mjög hár. Helstu kaupendur OMX –lausna eru grónar kauphallarstofnanir sem bjóða einnig upp á greiðslujöfnun og uppgjör. Sá þáttur, sem verður æ mikilvægari þegar fjárfesting er ákvörðuð, er möguleiki á auðveldri samþættingu greiðslujöfnunar, uppgjors og vörsluþjónustu annars vegar og viðskiptakerfa hins vegar. Nú er í bígerð að setja lög og reglugerðir í þeim tilgangi að efla samkeppni að loknum viðskiptum. Vegna vaxandi viðskipta milli landa er einnig aukin þörf á því að kerfin styðji mismunandi gjaldmiðla og erlend verðbréf. Margar greiðslujöfnunarstofnanir og verðbréfaskráningar halda áfram að móta eigin kerfislausnir. Eftir því sem kröfur um skilvirkni aukast eykst einnig þörfin fyrir staðlaðar kerfislausnir sem aðlagðar eru kröfum meirihluta viðskiptavina.

Viðskiptavinir

Viðskiptavinir OMX á alþjóðavettvangi eru nú fleiri en 20 greiðslujöfnunarstofnanir og verðbréfaskráningar. Viðskiptavinirnir eru einkum kauphallir sem bjóða slíka þjónustu sem hluta af starfsemi sinni. Auk OMX Nordic Exchange og Verðbréfaþings Íslands (Icelandic Central Securities Depository) eru lausnirnar notaðar, m.a. af Abu Dhabi Securities Market, Australian Securities Exchange, Dubai Financial Market, Hong Kong Exchanges and Clearing, Korea Exchange, Nord Pol og Wiener Börse.

Keppinautar

Flestar kauphallir, greiðslujöfnunarstofnanir og verðbréfaskráningar hafa í áranna rás mótað eigin kerfi, oft með aðstoð ráðgjafarfyrirtækja og staðbundinna birgja. Keppinautar, sem útvega greiðslujöfnunar og uppgjörslausnir, eru m.a. Atos Euronext Market Solutions, Tata Consultancy Services og Clearstream.

Tæknilausnir fyrir dreifingu upplýsinga

Vörur og þjónusta

Kauphallir hafa mikla þörf fyrir að dreifa viðskiptagögnum. OMX býður stöðluð kerfi til að dreifa óunnum gögnum, t.d. um verð, viðskipti og fjárhæðir pantana, og einnig unnin gögn, svo sem vísitölur.

Markaðurinn

Markaðsgögn eru orðin æ mikilvægari tekjulind hjá kauphöllum og skipta meginmáli á vel virkum markaði. Til þess að móta slíka starfsemi frekar blasir við mörgum fyrirtækjum sá vandi að móta nýjar upplýsingavörur. Nú um stundir eru það einkum grónar kauphallir í Evrópu og Bandaríkjunum sem kaupa OMX-lausnir. Kröfur um hraðar sendingar upplýsinga fara vaxandi um leið og sjálfvirk reikniritviðskipti (algorithmic trading) aukast. Nýjar reglugerðir, svo sem tilskipun Evrópusambandsins um gagnsæi (EU's Transparency Directive) stuðla einnig að meiri samkeppni á þessu sviði. Þess vegna eykur þetta þörf fyrir sveigjanleg kerfi og strangari kröfur um getu og frammistöðu.

Viðskiptavinir

Auk OMX Nordic Exchange eru lausnir til upplýsingadreifingar einnig notaðar nú um stundir hjá fyrirtækjum svo sem ICAP, International Securities Exchange (ISE), Singapore Exchange (SGX) og Wiener Börse.

Keppinautar

Margar kauphallir og aðrir markaðir hafa í áranna rás mótað eigin kerfi til upplýsingadreifingar, oft með aðstoð ráðgjafarfyrirtækja og staðbundinna birgja. Auk þess selja allmörg fyrirtæki almenn upplýsingakerfi sem unnt er að nota á mörkuðum.

Stjórnun vinnuumhverfis, samhæfingar- og ráðgjafarþjónusta

Vörur og þjónusta

OMX býður upp á rekstur og stuðning við forrit, kerfisgrunna, netkerfi og aðra þætti fullbúinnar upplýsingatæknilausnar. Með því að færa rekstur kerfa og stuðnings við þau til OMX getur viðskiptavinurinn lagt megináherslu á meginrekstur sinn og dregið úr áhættu í rekstri. Jafnframt því nást fram kostir stærðarhagkvæmni þar eð viðskiptavinurinn fær aðgang að virkri tækni og innviðum sem eru þegar fyrir hendi. Meginþáttur margra verkefna er samþættingar- og ráðgjafarþjónusta. Slík þjónusta er byggð á margra ára reynslu OMX af rekstri og framkvæmd breytinga sem ná bæði til tæknilegra innviða og yfirstandandi reksturs. Með samþættingarþjónustu sinni getur OMX borið fulla ábyrgð á verkefnum sem felast í breytingu yfir í nýtt kerfi og stofnun algjörlega nýrra markaða. Með ráðgjafarþjónustu sinni getur OMX stuðlað að viðskiptaþróun viðskiptavinar síns með því að benda á ný tækifæri.

Tekjumódel

Í Markaðstækni (Market Technology) er einkum um að ræða þrjár megintekjulindir: tekjur af leyfisveitingum, verkefnum og stuðningi, tekjur af stjórnun vinnuumhverfis og aðrar tekjur. Viðskiptavinurinn fær leyfi til að nota kerfislausnir OMX. Leyfisþóknun, sem OMX fær, er oft fast gjald en getur einnig

verið tengd viðskiptum. Vinna við þróun og samþættingu við aðlögun að sérstökum þörfum viðskiptavinar í virkni og getu gefur verkefnisþóknun sem rúkað er fyrir jafnóðum eftir því hve mikið hefur verið unnið. OMX hefur frumkvæði að flestum verkefnum til að leita lausna, sem henta viðskiptavininum, og felast í sérþekkingu og kunnáttu, í formi kerfa og þjónustu. Þegar kerfislausn hefur verið afhent skuldbindur OMX sig til að viðhalda og þróa hana um árabíl og fær fyrir það áframhaldandi stuðningsþóknun. Leyfisveitingar, stuðningur og verkefnaþóknunir námu u.þ.b. 61% af tekjum sviðsins 2006.

Stjórnun OMX á vinnuumhverfi (Facility Management Services) gefur árlegar tekjur sem geta verið fastar eða magn-tengdar. Útivistunarþjónusta gaf u.þ.b. 33% tekna sviðsins á árinu. Aðrar tekjur, þ.m.t. fyrir ráðgjafarþjónustu, námu u.þ.b. 6% af tekjum sviðsins.

Samvinna og samstarfsaðilar

OMX styður og bætir tækniþjónustu sína með samvinnu og samstarfsaðilum. OMX er stærsti hluthafi, með 25,25% eignarhald í Orc Software sem er skráð í kauphöllinni í Stokkhólmi. Orc Software er hugbúnaðarfyrtæki sem þróar og selur viðskiptalausnir handa bönkum og verðbréfamíðlurum. OMX og Orc Software hófu virkt samstarf á árinu um þróun og sölu kerfislausna fyrir verðbréfa viðskipti og afgreiðslu pantana á markaðnum. OMX hefur einnig undirritað stefnumótandi samstarfssamning við HCL Technologies, eitt helsta upplýsingatæknifyrtæki Indlands sem leggur áherslu á tækni og útivistun í rannsóknnum og þróun. Samstarfið felur í sér útivistun, þróun og viðhald á tilteknum kerfislausnum OMX.

Nordic Exchange

Tæknilausnir OMX voru forsenda stofnunar Nordic Exchange og til að tryggja skilvirk viðskipti með verðbréf. Nordic Exchange, rekstur þess og tengd þjónusta við útvegum upplýsinga, er einn kröfuharðasti viðskiptavinur OMX í tækni. Sú staðreynd styður stöðu OMX sem forystufyrtækis á þessu sviði. Stofnun Nordic Exchange tók afar stuttan tíma, þökk sé tæknilegri sérþekkingu OMX. Þar eð OMX er frumkvöðull í samþættingu markaða er unnt að beita einstæðri reynslu þess um allan heim. Strangar kröfur um innri skilvirkni, tæknilegur stöðugleiki, frammistaða og geta, ásamt tækniþekkingu, hefur gert OMX að forystufyrtæki um útvegum kauphallartækni í heiminum.

Rannsóknir og þróun

OMX fjárfestir sífellt í þróun nýrra og núverandi vara til að tryggja stöðu sína sem markaðsleiðtogi og aflagjafi á kauphallarmarkaði. Ákvarðanir um fjárfestingar eru byggðar á þörfum viðskiptavina og almennri markaðsþróun. Á árinu stundaði OMX rannsóknir og þróunarstörf á sviði framtíðartækni – Genium (sjá hér að neðan). Markmiðið hefur verið að finna lausnir sem koma til móts við framtíðarkröfur um sveigjanleika, skilvirkni, stöðugleika og frammistöðu. Mikil áhersla var einnig lögð á að stuðla að stöðlun samskiptareglna og skila á verðbréfamarkaðnum. Fjárfestingar í rannsóknum og þróun á árinu námu 174 milljónum sænskra króna (229) sem samsvarar 13% (20) af tekjum sviðsins en útgjöld námu 13

milljónum sænskra króna (56). OMX gerir ráð fyrir að fjárfestingar í rannsóknum og þróun ættu að jafnaði að nema 10% af tekjum sviðsins.

Tækninýjungar – GENIUM

Örar breytingar eru að verða í kauphallarrekstri. Aukið gagnsæi, samkeppni, viðskipti milli landa og viðskiptalíkon í þróun krefjast nú meiri hraða, aðgengis og sveigjanleika. OMX hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem frumkvöðull og viðskiptahvati í þróun kauphallareksturs. Af þeim sökum kynnti OMX í byrjun 2007 Genium, nýja tækni í viðskiptum og þjónustu að loknum viðskiptum og í upplýsingaþjónustu. Þróun Genium byggist á reynslu OMX af rekstri Nordic Exchange og því að útvega fleiri en 60 kauphöllum um allan heim tæknibúnað. Genium opnar algjörlega nýjar viddir í rekstri kauphalla. Genium er ekki aðeins hannað til þess að vera fljótvírkasta viðskiptakerfi heims heldur einnig til að sameina nýja virkni og einingatækni til þess að taka á breytingum með skjóttum og skilvirkum hætti og skapa nýja kosti fyrir endanlega notendur. Genium gefur núverandi og nýjum viðskiptavinum samkeppnisforskot. Starfið við þróun viðskiptakerfis af næstu kynslóð er verulegur hluti af Genium. Fyrsta útgáfan felur í sér staðlað aðgengi að viðskipta- og markaðsgögnum og lausnum fyrir dreifingu og vinnslu markaðsgagna. Þessar lausnir munu vinna með núverandi búnaði sem OMX býður. Nordic Exchange verður fyrst til að nýta sér Genium með stöðluðum aðgangi að markaðsgögnum og viðskiptum. Síðan mun Nordic Exchange beita Geniumlausnum í viðskiptum með hlutabréf, afleiður og önnur viðskipti.

STARFSEMI HÆTT

Í ágúst 2005 tilkynnti OMX um breyttar áherslur í tæknilegri starfsemi með því að hætta að beita sér að bönkum og miðlurum innan viðskiptasviðsins Bankar og miðlarar (Banks & Brokers). Á árinu 2006 hélt starfsemi áfram sem hafði ekki enn verið hætt þrátt fyrir ákvörðunina. Hér var einkum um að ræða norræna starfsemi gagnvart bönkum og miðlurum sem bjóða þróun og viðhald kerfa fyrir verðbréfastjórnun, svo og starfsemi í Bretlandi varðandi verðbréfastjórnunarþjónustu. Í janúar 2007 undirritaði OMX samning við HCL Technologies, fyrtæki sem veitir upplýsingatækniþjónustu, um framlengt samstarf, sem merkir að OMX hættir engri starfsemi á Norðurlöndum. Samstarfið merkir að HCL Technologies ber ábyrgð á þróun kerfa fyrir verðbréfastjórnun gagnvart bönkum og miðlurum og að það, sem eftir er af starfseminni á Norðurlöndum, flyst til viðskiptasviðsins Upplýsingaþjónustu og nýrra markaða (Information Services & New Markets) og verður hluti af einingunni Miðlaraþjónusta (Broker Services). Yfirlýsingum um stöðvun starfsemi hefur verið breytt í samanburði við ársskýrslu 2006 þar er aðeins látið af sölustarfsemi varðandi verðbréfastjórnunarþjónustu í Bretlandi. Markmið OMX er að finna framtíðarlausn sem hefur augljósa kosti varðandi þá hluta starfsemi sem stóð til að hætta.

Í desember 2007 tilkynnti OMX að félagið hefði selt Lawshare Limited. Það fyrtæki var hluti af starfsemi OMX með verðbréfastjórnkerfi í Bretlandi. Hagnaður sölunnar var 3,4 milljónir sænskra króna.

Yfirlit yfir fjárhagslegar upplýsingar um OMX

Upplýsingarnar hér að neðan eru teknar úr Proxy Statement sem NASDAQ afhenti SEC í Bandaríkjunum hinn 19. nóvember 2007, er varða fyrirhuguð kaup NASDAQ á OMX af Borse Dubai við lúkninu tilboðsins og árs hlutaskýrslu OMX fram til 30. september 2007 þar sem við á.

Sænskar krónur (milljónir)	IFRS					Sænskar GAAP	
	Lok 9 mánaða 30. september (ekki endurskoðað)		Árslok 31. desember				
	2007 ¹⁾	2006 ¹⁾	2006 ¹⁾	2005 ¹⁾²⁾	2004 ¹⁾	2003 ³⁾⁴⁾	2002 ³⁾
TEKJUYFIRLIT							
<i>Niðurstöður starfsemi vegna viðvarandi starfsemi</i>							
Heildartekjur	3,021	2,497	3,486	3,094	2,769	2,655	2,637
Heildarútgjöld	-1,957	-1,657	-2,282	-2,182	-2,342	-3,181	-2,545
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	36	42	46	15	9	21	38
Rekstrartekjur	1,100	882	1,250	927	436	-505	130
Heildar kostnaðarliðir (e. financial items)	-51	-37	-53	-64	-50	-30	-31
Tekjur að teknu tilliti til kostnaðarliða	1,049	845	1,197	863	386	-535	99
Skattur fyrir tímabilið	-208	-197	-240	-303	-162	54	-15
Hreinn hagnaður vegna viðvarandi starfsemi á tímabilinu	841	648	957	560	224	-481	84
Hreinn hagnaður vegna starfsemi sem lögð hefur verið niður á tímabilinu⁵⁾	-55	-33	-46	-17	159	50	-155
Hreinn hagnaður vegna viðvarandi starfsemi og starfsemi sem lögð hefur verið niður á tímabilinu	786	615	911	543	383	-431	-71
þar af má rekja til hluthafa OMX	779	612	907	538	382	-431	-71
þar af má rekja til minni hagsmuna	7	3	4	5	1	-	-
EFNAHAGSREIKNINGUR							
Óáþreifanlegar eignir	4,721	4,127	4,350	3,832	2,385	2,234	1,247
Áþreifanlegir fastafjármunir	295	306	321	355	366	465	475
Fastar eignir	809	906	720	1,094	1,228	968	852
Núverandi heildareignir	7,862	5,998	7,137	5,331	2,641	3,079	2,346
Heildareignir	13,687	11,337	12,528	10,612	6,620	6,746	4,920
Heildar eigið fé	4,826	4,501	4,614	4,749	3,835	3,535	2,017
Heildar langtímaskuldir	1,663	1,711	1,643	1,608	808	827	354
Heildar skammtímaskuldir	7,198	5,125	6,271	4,255	1,977	2,384	2,549
Heildar eigið fé hluthafa og skuldir	13,687	11,337	12,528	10,612	6,620	6,746	4,920

¹⁾ Frá og með 1. janúar 2005 telur OMX fram í samræmi við IFRS (e. International Financial Reporting Standards). Endurbætur á samanburðartölum voru gerðar fyrir árið 2004 með tilliti til allra staða, nema IAS 39 (fjármálagæringar), sem var beitt í fyrsta skipti árið 2005. Ennfremur beitir OMX baktryggingarendurskoðun (e. hedge accounting), frá 1. janúar 2006, til að verjast áhættu (e. of hedging) vegna innri spár um flæði erlends fjármagns. Tekjur af baktryggingum vegna lausafjárflæðis (e. cash-flow hedging) eru taldar fram í eigin fé (e. shareholder's equity).

²⁾ Kauphöll Kaupmannahafnar sameinaðist OMX 1. janúar 2005.

³⁾ Tölurnar sem taldar hafa verið fram hafa verið útbúnar í samræmi við sænskar GAAP (e. Generally Accepted Accounting Principles). Sænskar GAAP vikur að vissu leyti umtalsvert frá IFRS og U.S. GAAP.

⁴⁾ HEX (Finnsk kauphallarsamtök) sameinaðist OMX 1. júlí 2003.

⁵⁾ Árin 2002 til 2006 hafa verið endurflokkuð (e. reclassified) til samanburðar vegna upplýsinga um starfsemi sem lögð hefur verið niður, í tengslum við sölustarfsemi OMX í Stóra-Bretlandi á verðbréfastjórnunarbýðunustu.

⁶⁾ Hagnaður á hvern hlut er reiknaður á grundvelli vegin meðaltals fjölda hluta á árinu. Upphæðin byggir á hlut hluthafa OMX í hreinum hagnaði/tapi yfir tímabilið að meðtalinni eða frátalinni starfsemi sem lögð hefur verið niður.

⁷⁾ Skilgreint sem eigið fé deilt með fjölda hluta við lok tímabilsins.

⁸⁾ Skilgreint sem hreinn hagnaður vegna viðvarandi starfsemi og starfsemi sem lögð hefur verið niður yfir tímabilið (fyrir níu mánuði við lok 30. september 2006 og 2007, veitandi (e. rolling) 12 mánaða hreinn hagnaður), deilt með meðal eigin fé yfir tímabilið.

⁹⁾ Skilgreint sem vaxtaberandi hrein skuld sem prósentuhlutfall af eigin fé.

¹⁰⁾ Skilgreint sem eigið fé sem prósentuhlutfall af heildareignum.

5-ÁRA YFIRLIT

5-ÁRA YFIRLIT	IFRS				Sænskar GAAP		
	Lok 9 mánaða 30. september (ekki endurskoðað)		Árslok 31. desember				
	2007 ¹⁾	2006 ¹⁾	2006 ¹⁾	2005 ¹⁾²⁾	2004 ¹⁾	2003 ³⁾⁴⁾	2002 ³⁾
Sænskar krónur (milljónir)							
LYKILTÖLUR							
Meðal fjöldi hluta, þúsundir	120,640	118,474	118,671	118,108	115,547	99,738	84,041
Fjöldi hluta, þúsundir	120,640	118,474	120,640	118,474	115,547	115,547	84,041
Meðal fjöldi hluta eftir útpynningu, þúsundir	120,640	118,760	118,886	118,394	115,833	100,644	84,819
Fjöldi hluta eftir útpynningu, þúsundir	120,640	118,760	120,640	118,760	115,833	116,325	84,819
Tekjur á hvern hlut, grunnildi (e. basic) SEK ⁶⁾	6.46	5.17	7.64	4.56	3.31	-4.32	-0.84
Tekjur á hvern hlut vegna viðvarandi starfsemi, grunnildi (e. basic) SEK ⁶⁾	6.91	5.44	8.03	4.70	1.94	-4.82	1.00
Tekjur á hvern hlut eftir útpynningu, SEK ⁶⁾	6.46	5.17	7.64	4.56	3.31	-4.32	-0.84
Tekjur á hvern hlut eftir útpynningu vegna viðvarandi starfsemi, SEK ⁶⁾	6.91	5.44	8.03	4.70	1.94	-4.82	1.00
Eigið fé á hvern hlut, SEK ⁷⁾	40	38	38	40	32	31	24
Ávöxtun eigin fjár, % ⁸⁾	23	17	20	12	10	-16	-3
Hrein skuld/eigið fé, % ⁹⁾	23	19	18	12	-4	17	33
Hlutfé/hlutfall eigna (e. assets ration), % ¹⁰⁾	54	56	57	57	58	52	41
Fjöldi starfsmanna, meðaltal á tímabilinu	1,473	1,309	1,324	1,370	1,478	1,682	1,677
Arður á hvern hlut	-	-	6.50	9.50	-	-	-

¹⁾ Frá og með 1. janúar 2005 telur OMX fram í samræmi við IFRS (e. International Financial Reporting Standards). Endurbætur á samanburðartölum voru gerðar fyrir árið 2004 með tilliti til allra staðla, nema IAS 39 (fjármálagæringar), sem var beitt í fyrsta skipti árið 2005. Ennfremur beitir OMX baktryggingarendurskoðun (e. hedge accounting), frá 1. janúar 2006, til að verjast áhættu (e. of hedging) vegna innri spár um flæði erlends fjármagns. Tekjur af baktryggingum vegna lausafjárflæðis (e. cash-flow hedging) eru talðar fram í eigin fé (e. shareholder's equity).

²⁾ Kauphöll Kaupmannahafnar sameinaðist OMX 1. janúar 2005.

³⁾ Tölurnar sem talðar hafa verið fram hafa verið útbúnar í samræmi við sænskar GAAP (e. Generally Accepted Accounting Principles). Sænskar GAAP vikur að vissu leyti umtalsvert frá IFRS og U.S. GAAP.

⁴⁾ HEX (Finnisk kauphallarsamtök) sameinaðist OMX 1. júlí 2003.

⁵⁾ Árin 2002 til 2006 hafa verið endurflokkuð (e. reclassified) til samanburðar vegna upplýsinga um starfsemi sem lögð hefur verið niður, í tengslum við sölustarfsemi OMX í Stóra-Bretlandi á verðbréfastjórnunarþjónustu.

⁶⁾ Hagnaður á hvern hlut er reiknaður á grundvelli vegin meðaltals fjölda hluta á árinu. Upphæðin byggir á hlut hluthafa OMX í hreinum hagnaði/tapi yfir tímabilið að meðtalinni eða frátalinni starfsemi sem lögð hefur verið niður.

⁷⁾ Skilgreint sem eigið fé deilt með fjölda hluta við lok tímabilsins.

⁸⁾ Skilgreint sem hreinn hagnaður vegna viðvarandi starfsemi og starfsemi sem lögð hefur verið niður yfir tímabilið (fyrir níu mánuði við lok 30. september 2006 og 2007, veltandi (e. rolling) 12 mánaða hreinn hagnaður), deilt með meðal eigin fé yfir tímabilið.

⁹⁾ Skilgreint sem vaxtaberandi hrein skuld sem prósentuhlutfall af eigin fé.

¹⁰⁾ Skilgreint sem eigið fé sem prósentuhlutfall af heildareignum.

Hlutfé og eignarhald OMX

HLUTAFÉ

Hinn 31. desember 2006 var hlutfé OMX 241.280.934 sænskar krónur sem skiptust í 120.640.467 hluti að verðmæti 2 sænskar krónur hver hlutur. Allir hlutir hafa jafnan rétt til eigna og tekna OMX. Einn hlutur í OMX veitir eitt atkvæði.

ÞRÓUN EIGNARHALDS

Taflan hér að neðan sýnir þróun hlutafjár OMX síðan árið 2000.

Ár	Atburður	Breyting á fjölda hluta	Breyting á hlutfé, SEK	Heildarfjöldi hluta	Heildar hlutfé, SEK	Verðmæti hvers hlutar, SEK
2000	Breyting breytanlegra vikjandi skuldabréfa útgefnum árið 1998	132,450	264,900	83,875,918	167,751,836	2
2000	Nýting áskriftarréttinda	158,700	317,400	84,034,618	168,069,236	2
2001	Breyting breytanlegra vikjandi skuldabréfa útgefnum árið 1998	1,500	3,000	84,036,118	168,072,236	2
2001	Nýting áskriftarréttinda	4,000	8,000	84,040,118	168,080,236	2
2002	Breyting breytanlegra vikjandi skuldabréfa útgefnum árið 1998	1,000	2,000	84,041,118	168,082,236	2
2003	Ný útgáfa	31,505,897	63,011,794	115,547,015	231,094,030	2
2005	Ný útgáfa	2,927,292	5,854,584	118,474,307	236,948,614	2
2006	Innlausn áskriftarréttinda	98,600	197,200	118,572,907	237,145,814	2
2006	Ný útgáfa	2,067,560	4,135,120	120,640,467	241,280,934	2

Heimild: Ársskýrslur OMX 2004 og 2006.

ÞRÓUN HLUTABRÉFAVERÐS OG VELTA

Hlutabréf OMX eru skráð hjá Nordic Exchange í Stokkhólmi, Helsinki og Kaupmannahöfn og síðan 1. desember 2006 á Íslandi undir merkinu „OMX“. Hlutabréf fyrirtækisins hafa verið skráð síðan 23. febrúar 1987. Grafið hér að neðan sýnir

þróun hlutabréfaverðs og fjölda viðskipta með hlutabréf OMX á lista OMX í Stokkhólmi yfir fyrirtæki með mesta fjárfestingu (OMX large cap Stockholm list) frá 1. janúar 2003 til 2. janúar 2008, ásamt þróun OMX Nordic 40-vísitölu á sama tímabili.



Heimild: Datastream.

TILHÖGUN EIGNARHALDS

Töflurnar hér að neðan sýna tíu stærstu hluthafa í OMX og heildarfjölda hluthafa skipt eftir stærð eignarhlutar þeirra hinn 30. nóvember 2007. Hinn 30. nóvember 2007 voru hluthafar í OMX 8.733.

Tíu stærstu hluthafarnir hinn 30. nóvember 2007

Hluthafar	Fjöldi hluta	Hlutfé og atkvæði (prósent)
Investor	12,950,507	10.7
Qatar Investment Authority	12,043,406	10.0
Swedish Government	7,993,466	6.6
Nordea Bank	6,284,637	5.2
Borse Dubai Ltd	5,911,382	4.9
Swedbank Robur Funds	2,183,176	1.8
SEB Funds	1,623,154	1.3
Finnish Government	1,508,500	1.3
Second Swedish National Pension Fund	1,479,791	1.2
Stenhammar Olof & company	1,307,390	1.1
Samtals	53,355,107	44.2
Aðrir hluthafar	67,285,360	55.8
Samtals	120,640,467	100.0

Heimild: SIS Ägarservice AB.

Dreifing eignarhalds 30. nóvember 2007

Hlutfajáreign	Hluthafar, %	Hlutfé og atkvæði, %
- Að leggja til innviði á heimsvísu, hönnuðum til að uppfylla þarfir allra notenda
- Að vernda umhverfið samkvæmt alþjóðlegum stöðlum

Frábær þjónusta opinbera geirans

- Gagnsæi
- Traust og virk fjármálastarfsemi
- Ábyrg og árangursrík menning
- Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum
- Þróun mannauðs
- Virk starfsemi innan sambandsríkisins

Eftirtalin efnahagsmarkmið hafa verið sett til 2015 þar sem byggt er á eftirtektarverðri frammistöðu efnahagslífsins og framtíðarþróun:

- 11% árlegur raunvöxtur vergrar landsframleiðslu á næstu 10 árum
- Aukning vergrar landsframleiðslu upp í 44.000 bandaríkjadali á mann fyrir 2015
- Aukning framleiðni um 4% á ári
- Þróun núverandi styrkleikaþátta, jafnt innan- sem utanlands
- Mótun nýrra styrkleikaþátta með sjálfbærum samkeppnisfyrirburðum
- Að stuðla að nýjungum og þróa nýjar atvinnugreinar og auka framleiðni

Í því skyni að ná ofangreindum efnahagslegum markmiðum hafa með framtíðarstefnu Dubai (2015) verið tilgreind forgangsmarkmið sem byggjast á alþjóðlegri samkeppnishæfni Dubai og getu til þess að ná þeim markmiðum. Þessi markmið eru á sviði ferðaþjónustu, flutninga, byggingariðnaðar og fjármálaþjónustu. Enn fremur eru í framtíðarstefnu Dubai (2015) fólgin eftirtalin sjö áherslusvið sem ætlað er að greiða fyrir framgangi hins áætlaða öra og sjálfbæra vaxtar á þessum megin sviðum:

- **Mannauður** – Að undirbúa mannafla Dubai undir hið gildishlaðna, þekkingardrífna efnahagslíf krefst þess að laða að og halda mjög vel menntuðu starfsfólki, auka við menntun þess og veita aukna hvatningu.
- **Framleiðni** – Að breyta Dubai í miðstöð viðskiptalegra yfirburða með því að auka framleiðni efnahagsgreina og viðhalda hágæðaframleiðslustöðlum.
- **Vísindi, tækni og nýjungar** – Að breyta Dubai í líflega vísinda- og tæknimiðstöð á völdum sviðum með því að styðja við þróun núverandi greina og undirbúa rétt umhverfi til stuðnings efnahagslífinu eftir 2015.
- **Viðskiptakostnaður og framfærslukostnaður** – Að viðhalda samkeppnishæfni Dubai með því að hemja hækkandi framfærslukostnað.
- **Lífsgæði** – Að festa Dubai í sessi sem ákjósanlegt heimili núverandi íbúa og framtíðaríbúa með því að auka hagsæld borgara og íbúa og hjálpa þeim til að lifa heilbrigðara lífi sem einkennist af tækifærum og valkostum.
- **Efnahagsstefna og innviðir stofnana** – Að stefna að yfirburðum í mótun og framkvæmd efnahagsstefnunnar í samstarfi við alríkisstjórnina, koma á framfæri viðeigandi gögnum og styrkja innviði og getu stofnana.
- **Lög og reglugerðir** – Að samræma lög og reglugerðir Dubai um efnahagsmál alþjóðlegum stöðlum og viðurkenndum starfsreglum.

²³⁾ www.dubai.ae (The Official Portal of Dubai Government), 3. janúar 2008.

²⁴⁾ Highlights Dubai Strategic Plan (2015), "Dubai, where the future begins".

Borse Dubai svæðið

Dubai hefur skilgreint u.þ.b. 40 ríki, sem ná til Norður- og Austur-Afríku, Austurlanda nær, Kaspíahafssvæðisins og suðurhluta Mið-Asíu („Borse Dubai-svæðið“) sem markaðssvæði sitt sem byggist á landfræðilegri staðsetningu, menningarlegum og pólitískum innviðum og stjórnarfarslegum ástæðum. Á Borse Dubai-svæðinu búa u.þ.b. 2,3 milljarðar manna (2006).²⁵⁾ Eins og kemur fram á mynd 13 er búist við því að mikill vöxtur eigi sér stað á Borse Dubai-svæðinu sem veiti tækifæri til fjárfestinga og samþættingar þvert á landamæri.

Góð reynsla Dubai

Dubai býr yfir alþjóðlega viðurkenndu réttarkerfi sem hentar vel til að styðja markmið Dubai að alþjóðavæða hina staðbundnu markaði og hefur sýnt góðan árangur við að stuðla að vexti, og eru dæmi um það tilgreind hér að neðan.

Emirates Group var stofnað í október 1985 sem flugfélag með tveim leiguflugvélum. Nú hefur fyrirtækið 100 flugvélar sem þjóna 90 áfangastöðum í 60 löndum.²⁶⁾ Emirates Group er orðið að alþjóðlegu fyrirtæki með röklega 32.000 starfsmenn.²⁷⁾ Velta fyrirtækisins var rúmlega 8.100 milljarðar bandaríkjadala við lok fjárhagsársins, 31. mars 2007 og skilaði 11,2% hagnaði.²⁸⁾


Dubai Ports World („DP World“), sem var stofnað í

september 2005, varð til við sameiningu Dubai Ports Authority og DPI Terminals og er nú einn stærsti rekstraraðili hafna í heiminum. Eftir kaup á breska fyrirtækinu Peninsular and Oriental Steam Navigation Company (P&O), fyrir 6,9 milljarða í mars 2006²⁹⁾, stjórnar DP World 42 höfnum í 27 ríkjum. Dubai Ports-höfnin er ein helsta höfn DP World og telst vera 8. besta gámaflutningahöfn heims þar sem afgreiddar voru 8,9 milljónir tuttugu feta gámaeiningar 2006.³⁰⁾ Þetta svarar til 17% aukningar sé miðað við árið 2005.³¹⁾

Þann 26. nóvember 2007 var DP World skráð á markað DIFX. Hlutabréfaútbóðið nam 4,96 milljörðum þar sem markaðsvirðið var um það bil 20 milljarðar. Fyrsta skráning þessa fyrirtækis á almennum markaði markar þáttaskil fyrir DIFX og fyrir Dubai sem fjármálamiðstöð og veitir útgefendum verðbréfa óviðjafnanlegan aðgang að lánsfjármörkuðum, jafnt svæðisbundið sem og á heimsvísu. DIFX hefur náð góðum árangri við uppbyggingu heilbrigðs umhverfis fyrir viðskipti, þ.m.t. undirstöðu viðskipta í fremstu röð í heiminum og nán tengsl við miðlara á svæðinu og um allan heim.

Ríkisstjórn Dubai hefur langa reynslu sem reyndur faglegur fjárfestir með fjárfestingastefnu sem byggist á (i) fjárfestingasjóðum sem lúta stjórn stofnana og einstakra aðila,

Mynd 13: Borse Dubai svæðið (í bláu) og raunveruleg þjóðarframleiðsla CAGR 2006-2011E



²⁵⁾ IMF, World Economic Outlook október 2007.

²⁶⁾ www.emirates.com, 2. janúar 2008.

²⁷⁾ obs.monstergulf.com/details/4604599.html, 2. janúar 2008.

²⁸⁾ Ársskýrsla Emirate Group 31. mars 2007. Breytingengi 3.67 USD/AED miðað við 31. mars 2007 var notað. www.oanda.com

²⁹⁾ Thomson Financial, 2. janúar 2008.

³⁰⁾ Vísar til 20 feta gámaeininga.

³¹⁾ www.dpa.co.ae, 2. janúar 2008.

(ii) fjárfestingum til langs tíma, (iii) með verðmætasköpun að meginmarkmiði, og (iv) sem faglegur eigandi sem hlítir öllum staðbundnum reglum og reglugerðum. Nýleg dæmi um fjárfestingar eru m.a. Marfin Investment Group, Doncasters, Deutsche Bank, Mauser, HSBC og BankMuscat.

BORSE DUBAI OG BD STOCKHOLM

Borse Dubai Limited var stofnað 7. ágúst 2007 í Alþjóðlegri fjármálamiðstöð Dubai (Dubai International Financial Centre) („DIFC“) og er skráð hjá Hlutfélagaskrá DIFC (DIFC Registrar of Companies) með skráningarnúmerið 0447 sem hlutfélag samkvæmt DIFC hlutfélagalögunum (skv. skilgreiningu að neðan) sem hefur skráð aðsetur að Level 7, Precint Building 5, Gate District, P.O. Box 506690, IDFC, Dubai, UAE. Stefna Borse Dubai er að fjárfesta beint eða óbeint í kauppöllum og skapa þannig eina af þeim kauppallasamstæðum sem vaxa hvað örst og bjóða upp á hvað mestar nýjungar í heiminum. Per E Larsson, forstjóri Borse Dubai og DIFX, býr yfir meira en 20 ára reynslu af fjármálastarfsemi, einkum hvað varðar kauphallir, þ.m.t. 18 ár hjá OMX en þar var hann forstjóri síðustu sjö árin (1996–2003).

Eignarhald Borse Dubai

Eins og kemur fram á mynd 14 hér að neðan eru hlutabréfin í Borse Dubai í eigu:

- Investment Corporation of Dubai („ICD“) (60% eignarhald)
- DIFC Investments LLC („DIFCI“) (20% eignarhald)
- Dubai Group LLC („Dubai Group“) (20% eignarhald)

Nánari lýsing á hluthöfum Borse Dubai


ICD er fyrirtæki í eigu ríkisstjórnar Dubai og var stofnað með lögum í Dubai í maí 2006. Hlutverk ICD er að hafa eftirlit með fjárfestingum ríkisstjórnar Dubai, sem var áður í höndum fjárfestingadeildar fjármálaráðuneytisins, og hafa með höndum stefnumótandi fjárfestingar ríkisstjórnar Dubai til langs tíma litið. ICD var komið á fót sem sjálfstæðri fjármála- og stjórnsýslustofnun sem hefur það hlutverk að hvetja til fjárfestinga í Dubai og stjórna ýmsum eignum samkvæmt bestu viðurkenndu alþjóðlegum venjum um stjórnun fyrirtækja, jafnt staðbundið og á heimsvísu, auk þess að hafa með höndum beint eftirlit með stjórnun fjárfestinga ríkisstjórnar Dubai á fjármálamarkaði, í iðnaði og í þjónustu.

Eignasafn fjárfestingadeildar fjármálaráðuneytisins, nær til ýmissa fyrirtækja, sem eru ýmist í einkaeigu eða hlutaeigu ríkisstjórnar Dubai í ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. í flugþjónustu, innviðum og rekstri hafna, álbræðslu/framleiðslu, bankastarfsemi, fjármálamörkuðum, fjármálaþjónustu, eignastýringu og rekstri fríhafna. ICD er ætlað að taka verulegan þátt í fjárfestingum sem eignarhaldsfélag. Hins vegar er endurskipulagning og veiting lagalegra réttinda til eignarhalds á hlutum í þessum fyrirtækjum ný hafin og má búast við að slíkt taki nokkurn tíma (á næstu 12–24 mánuðum).

DIFCI er hlutfélag í eigu Dubai International Financial Centre Authority („DIFCA“), stjórnvalds á vegum ríkisstjórnar Dubai sem stofnað var til að stjórna rekstri DIFC.

Dubai Group lýtur stjórn fyrirtækja í tengslum við hans hátign Sheikh Mohammed bin Rashid Al Maktoum. Þetta er fyrirtæki með fjármálaþjónustu á ýmsum sviðum, einkum í bankastarfsemi, fjárfestingum og váttryggingum, með

Mynd 14: Skipurit Borse Dubai



skrifstofur í Dubai, London, New York, Kuala Lumpur og Hong Kong.

Mynd 15 sýnir stjórn Borse Dubai. Forstjóri Borse Dubai er Per E Larsson.

Mynd 15: Stjórn Borse Dubai

Stjórnarmaður	Staða
Essa Kazim	Formaður stjórnar Borse Dubai og Dubai Financial Market
Soud Ba'alawy	Varaformaður stjórnar Borse Dubai Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Dubai Group
Saad Abdul Razak	Framkvæmdastjóri Investment Corporation of Dubai
Adel Al Shirawi	Forstjóri Tamweel
Fadel Al Ali	Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Dubai Holding Operations Operations

Starfandi dótturfyrirtæki Borse Dubai

Borse Dubai á nú 80% (annað er skráð á markað) af Dubai Financial Market („DFM“) og á einnig 100% hluta í DIFCI eftir nýleg kaup á DIFX af DIFCI. Sem hluta af DIFX samningnum verður NASDAQ stefnumótandi hluthafi í DIFX með því að fjárfesta 50 milljónum bandaríkjadala, sem samsvarar, 33 1/3 hluta á grundvelli útpynntra hluta. DFM hefur hlutafé upp á um það bil USD 13.7 milljarða.³²⁾

DFM hóf starfsemi árið 2000 og hefur nú skráð 56 fyrirtæki, 15 gagnkvæma verðbréfasjóði og fimm skuldabréfasjóði og tvo sukusjóði. Eigið fé fyrirtækjanna, sem skráð er í kauphöllinni, nemur 139 milljörðum bandaríkjadala.³³⁾ DFM er staðbundin kauphöll sem nýtur verulegrar þátttöku smásala á sviði fjárfestinga. Hins vegar er einnig heimilt að skrá erlend fyrirtæki á DFM með aukaskráningu, eða fyrirtæki, sem starfa undir

verndarvæng stjórnvalds sem ber svipaða ábyrgð og eftirlitsstofnun verðbréfa og hrávара (Securities and Commodities Authority in the UAE (SCA)). Fyrirtæki í UAE verða að hafa hlutafé sem nemur a.m.k. 20 milljónum AED (u.þ.b. 5 milljónum bandaríkjadala), erlend fyrirtæki verða að hafa inngreitt hlutafé sem nemur a.m.k. 40 milljónum AED (u.þ.b. 11 milljónum bandaríkjadala) og a.m.k. 100 hluthafa.³⁴⁾ DFM sér um þjónustu, svo sem skráningu, framkvæmd viðskipta, greiðslumiðlun, uppgjör, svo og gagna- og upplýsingaþjónustu. Margar alþjóðlegar fjármálastofnanir, m.a. HSBC, Standard Chartered Bank og Citigroup, starfa á DFM ásamt staðbundnum bönkum, svo sem Emirates Bank International, Tamweel PJSC og Commercial Bank of Dubai.³⁵⁾ Fjárfestar í kauphöllinni eru að 74% frá UAE og að 26% frá útlöndum.³⁶⁾

Rekstrarreikningur DFM er birtur á mynd 16 hér að neðan. Hrein lausafjárstaða DFM var 470 milljónir bandaríkjadala hinn 31. september 2007.³⁷⁾

DIFX hóf starfsemi í september 2005 og er alþjóðleg kauphöll Dubai. Erlend fyrirtæki jafnt og eignarhaldsfélög í UAE staðsett í DIFC hafa rétt til skráningar á DIFX. Í kauphöllinni eru nú 13 skráð fyrirtæki, 11 íslamskir verðbréfasjóðir, 23 sérsniðnir verðbréfasjóðir (structured products) og nokkrir aðrir sjóðir með fastar tekjur.³⁸⁾ Útgefendur eru alþjóðleg fyrirtæki, m.a. frá Stóra-Bretlandi, Suður-Afríku, Ástralíu, Indlandi og Kúveit. Eigið fé fyrirtækja, sem skráð eru á DIFX, er u.þ.b. 29 milljarðar bandaríkjadala.³⁹⁾ Skráningarkröfur eru m.a. eigið fé sem nemur 50 milljónum bandaríkjadala. DIFX er stærsta kauphöll heims sem hefur viðskipti með íslömsk verðbréf (sukuk) með 44% af núverandi heimsmarkaði.⁴⁰⁾ DIFX TraX, sem hóf starfsemi í ágúst 2007, er staður fyrir viðskipti með sérsniðin verðbréf. DIFX TraX er eini staðurinn með viðskipti með sérsniðin verðbréf sem stofnaður hefur verið af kauphöll á GCC-svæðinu. Verðbréf, sem skráð eru á DIFX TraX, eru m.a. sérsniðin verðbréf sem

Mynd 16: Rekstrarreikningur DFM 2005 – sept. 2007

Bandaríkjadali (milljónir)	Lok 9 mánaða 30. sept 2007	2006	Árslok 2005
TEKJUFIRLIT			
Þóknarir vegna viðskipta	104.3	202.9	336.2
Þóknarir miðlara	4.0	4.8	1.6
Eignayfirfærslu- og veðsetningaþóknarir	2.6	6.3	12.1
Aðrar þóknarir	0.6	0.9	1.1
Heildartekjur	111.6	214.8	351.0
Aðrar tekjur	34.4	18.9	2.4
Heildarkostnaður	-37.8	-16.6	-12.1
HREINN HAGNAÐUR FYRIR TEKJUR AF FRUMÚTBOÐI	108.2	217.1	341.3
Tekjur af frumútboði	127.4	-	-
HREINN HAGNAÐUR	235.6	217.1	341.3

Aths.: Aðrar tekjur snerta einkum fjárfestingatekjur.

Heimild: Ársskýrsla DFM 2006 og skýrsla fyrir 3. ársfjórðung 2007.

³²⁾ DFM, 2. janúar 2008.

³³⁾ DFM, 2. janúar 2008.

³⁴⁾ www2.dfm.ae/pages/default.aspx?c=602, 2. janúar 2008.

³⁵⁾ www2.dfm.ae, 3. janúar 2008.

³⁶⁾ DFM prospectus 12. nóvember 2006.

³⁷⁾ DFM árshlutaskýrsla 30. september 2007. Skipt yfir í Bandaríkjadali á meðalbreytingu fyrir viðeigandi tímabil.

³⁸⁾ www.difx.ae, 2. janúar 2008.

³⁹⁾ www.zawya.com/equities/dl, 2. janúar 2008.

⁴⁰⁾ Af markaðsvirði

tengjast hlutabréfum skráðum á DFM og verðbréfamarkaðnum í Abu Dhabi, svo og verðbréf sem tengjast vörum eins og olíu og sykri. DIFX hefur nú um stundir 19 miðlara með aðild að DIFX m.a. alþjóðlegar fjármálastofnanir, svo sem Deutsche Bank, Merrill Lynch, Morgan Stanley, Citigroup, Barclays og HSBC, og svæðisbanka á borð við NBD Investment Bank, Shuaa Capital og Mashreq Bank.⁴¹⁾

BD Stockholm

BD Stockholm er sænskt dótturfyrirtæki í einkaeigu Borse Dubai. BD Stockholm er sænskt hlutafélag með hlutafélagaskráningu nr. 556732-9940 og aðsetur í Stokkhólmi. Félagið var stofnað 22. maí 2007 undir nafninu Goldcup D 3097 AB og skráð í Sænsku hlutafélagaskránni (Swedish Companies Registration Office – *Bolagsverket*) 2. júlí 2007. BD Stockholm hefur aldrei stundað nein viðskipti og stundar engin viðskipti nú og er eini tilgangur félagsins að gera tilboðið og gera allar ráðstafanir til að fjármagna og sjá um lúkningu tilboðsins og, að því marki sem öðrum valkosti tilboðs er fylgt, að starfa sem móðurfélag OMX.

Lagalegt umhverfi Borse Dubai

Borse Dubai

Borse Dubai var stofnað og er háð regluverki DIFC. DIFC rekur sitt eigið laga- og réttarkerfi. Löggjöfin um stjórnun Borse Duabi er lög Dubai International Financial Centre, nr. 3/2006 („DIFC Companies Law No. 3 of 2006“) (hlutafélagalög DIFC). Um stjórnun fyrirtækisins er einnig fjallað í samþykktum Borse Dubai sem eru gerðar að fyrirmynd enskra laga um hlutafélög. Atriði er lúta að stjórnun fyrirtækja er einnig að finna í samþykktum Borse Dubai, sem eru byggðar á enskri fyrirmynd samþykktu.

Samkvæmt hlutafélagalögum DIFC og samþykktum Borse Dubai sér félagsstjórn um stjórnun og rekstur þess. Stjórninni

er skylt að stjórna og reka Borse Dubai með bestu hagsmuni fyrirtækisins að sjónarmiði (sem þurfa ekki alltaf að vera hinir sömu og hagsmunir hluthafa). Stjórnarmönnum er, eins og raunin er samkvæmt gildandi enskum lögum, engu að síður skylt að haga gerðum sínum með bestu hagsmuni Borse Dubai í huga. Því ber stjórnarmönnum og stjórn að reka Borse Dubai með hliðsjón af bestu hagsmunum fyrirtækisins óháð hagsmunum hluthafa. Að því marki hefur enginn hluthafi Borse Dubai, þ.m.t. ICD sem er meirihluta eigandi, nokkur aukin réttindi varðandi stjórnun Borse Dubai umfram venjulegan hluthafa.


DIFC

DIFC er fjárhagslegt frísvæði þar sem alríkislög og viðskiptalög UAE gilda ekki. DIFC-svæðið var stofnað 2004 með sjálfstæðu lagakerfi eftir breytingu á stjórnarskrá UAE og alríkislögum. DIFC-svæðið hefur sín eigin lög og reglugerðir og dómstólar DIFC (en ekki dómstólar Dubai) hafa alla lögsögu varðandi ágreining innan DIFC eða fyrirtæki sem starfa innan DIFC, önnur en sakamál. Þess vegna gilda alríkisviðskiptalög UAE og almenn alríkislög UAE ekki um fyrirtæki sem stofnuð hafa verið eða starfa innan DIFC-svæðisins, svo sem Borse Dubai.

Fyrirtæki, sem starfa á DIFC-svæðinu, eru m.a. háð hlutafélagalögum DIFC sem hafa að geyma hagnýtar reglur um stofnun fyrirtækja innan DIFC og laða með því að sér þátttakendur af staðnum og alþjóðavettvangi. Lögin gilda um stofnun og skráningu fyrirtækja innan DIFC-svæðisins, stjórnun málefna þeirra, aðild að þeim og hlutafé. Lögin mæla fyrir um skyldur og ábyrgð stjórnarmanna og kröfur um bókhald og endurskoðun sem gerðar eru til fyrirtækja sem stofnuð eru innan DIFC-svæðisins. Hlutafélagalög DIFC eru að mestu leyti byggð á enskum hlutafélagalögum.

Lög og reglugerðir DIFC-svæðisins gilda aðeins um fyrirtæki sem stofnuð hafa verið eða rekin eru innan DIFC-

Mynd 17: Stjórnskipuleg uppbygging DIFX



⁴¹⁾ www.difx.ae, 3. janúar 2008.

svæðisins. Þess vegna gilda slík lög og reglugerðir aðeins um Borse Dubai og þau dótturfyrirtæki þess sem hafa verið stofnuð eða rekin eru innan DIFC-svæðisins sem þýðir að þau eiga ekki við um DFM.

DIFX

DIFX er alþjóðleg kauphöll staðsett á DIFC-svæðinu og er því háð eftirliti Fjármálaeftirlits Dubai (Dubai Financial Services Authority – DFSA). Hún var stofnuð sem hlutafélag hinn 29. september 2004 samkvæmt lögum DIFC um hlutafélög og hóf starfsemi 26. september 2005. DIFX er dótturfélag í einkaeigu Borse Dubai eftir að DIFX var nýlega keypt af DIFC.

DIFX (sem rekstraraðili viðurkenndrar kauphallar) hefur gefið út tvenns konar reglur: annars vegar viðskiptareglur (Business Rules) sem fela einnig í sér reglur um greiðslujöfnun (clearing) og reglur um uppgjör (settlements) og hins vegar DIFX-reglur um markaðsskráningu (listings). Reglur um viðskipti, greiðsluskipti og uppgjör, gilda um starfsreglur, ábyrgð og þóknarir varðandi greiðslujöfnun, uppgjör verðbréfa og vara sem viðskipti eru með á DIFX. Hinar viðskiptareglurnar fjalla hins vegar um aðild að DIFX, þ.m.t. hæfiskröfur sem gerðar eru til fjármálastofnana, aðildarflokka, réttindi og skyldur kauphallaraðila og hvernig sækja beri um aðild, agareglur og réttarfar sem og vanefndir. Reglur DIFX um markaðsskráningu fjalla um skráningu hlutafjár, skulda og annarra gerninga hjá DIFX, m.a. hæfni útgáfa til skráningar, ferli við skráningarumsóknir um félagsaðild, áframhaldandi skyldur eftir skráningu og viðurlög við vanefnd á því að fara að skráningarreglum DIFX.

DIFX lýtur stjórn 7 stjórnarmanna og þriggja nefnda: nefndar um endurskoðun og áhættustýringu (Audit and Risk Management), nefndar um eftirlit með markaðnum (Market Oversight) og nefndar um tilnefningar og þóknarir (Nomination and Remuneration), en sérhver nefnd starfar samkvæmt formlegri stofnskrá og í henni sitja sjálfstæðir stjórnarmenn. Nefndin um endurskoðun og áhættustýringu ber ábyrgð á sjálfstæðri og hlutlægi umsjón með innra eftirliti og áhættustýringu, hlýðni við reglur DIFX, stjórnunarmálum, fjármálaskýrslum, endurskoðendum, bæði utanaðkomandi sem og þeim sem starfa innan frá og fjármálaeftirliti. Nefnd um eftirlit með markaðnum ber ábyrgð á sjálfstæðu eftirliti með starfsemi markaðsráðs (Markets Authority and Compliance). Nefnd um eftirlit með markaðnum hefur einnig eftirlit með reglufylgni, þ.m.t. hlýðni við reglur kauphallarinnar, og eftirlit með viðskiptaháttum kauphallaraðila, greiðslujöfnun og uppgjörum. Nefnd um tilnefningar og þóknarir ber ábyrgð á að tilnefna nýja stjórnarmenn, að skipuleggja hverjir skuli taka við af þeim stjórnarmönnum sem hætta starfi og æðri stjórnendum, að meta frammistöðu stjórnarmanna og æðri stjórnenda kauphallarinnar og ákveða þóknun handa stjórnarmönnum og æðri stjórnendum og friðindareglur starfsmanna.

DFSA (Dubai Financial Services Authority – Fjármálaeftirlit Dubai) Fjármálastarfsemi innan DIFC-svæðisins lýtur lög Dubai International Financial Centre, nr. 9 frá 2004 (DIFC

Regulatory Law No. 4 of 2004) sem gilda einnig um stofnun og starfsemi DFSA. Lögin kveða á um fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði DIFC-svæðisins og stofnun þriggja sjálfstæðra stofnana sem nauðsynlegar eru fyrir rekstur DFSA; (i) DIFCA, (ii) DFSA og (iii) dómsstóll DIFC. Lögin gera einnig ráð fyrir því að öðrum stofnunum verði komið á fót og veita undanþágur frá reglum og reglugerðum sem að öðru leyti gilda í furstadæminu Dubai. Lögin kveða á um hlutverk og skyldur DIFCA, dómsstóls DIFC og DFSA.

DFSA er sjálfstæður fjárhagslegur eftirlitsaðili innan DIFC-svæðisins og ber ábyrgð á veitingu heimilda, leyfisveitingum og skráningu stofnana og einstaklinga sem óska eftir að stunda fjármálaþjónustu og skylda þjónustu innan DIFC-svæðisins eða frá DIFC-svæðinu. Fyrirtæki, sem óska eftir og fá heimild DFSA verða að fullnægja ýmsum kröfum (m.a. almennum kröfum og hæfiskröfum) og áframhaldandi skýrslugjöf.

DFSA hefur rétt til að gefa út reglur til þess að geta brugðist við þróun markaðsins og kröfum viðskiptalífsins með skjóttum og virkum hætti. Samkvæmt því hefur DFSA vald til að semja reglur og reglugerðir, svo og að móta stefnu og viðeigandi markaðsmál og framkvæma þær reglur sem DFSA gefur út og beitir. DFSA hefur mótað ítarlegar reglur sem taka mið af alþjóðlega viðurkenndum fjármálareglugerðum og ná m.a. til heimilda til eftirlits.

Löggjöf DIFC-svæðisins fylgir stranglega alþjóðlegum stöðlum enda byggð á bestu reglum og lögum leiðandi fjármálastofna heims, svo sem í Stóra-Bretlandi, Evrópu og Austurlöndum fjær. Lög, reglur og reglugerðir, sem gilda um fyrirtæki sem stofnuð hafa verið innan DIFC-svæðisins og fjármálastarfsemi innan DIFC-svæðisins, eru aðgengilegar á vefslóð DFSA: www.dfsa.ae.

Líkt og í alþjóðlegum reglugerðum um fjármál eru markmið DFSA m.a. að stuðla að sanngirni, gagnsæi og virkni í fjármálaþjónustu á DIFC-svæðinu og að auka tiltrú á markaðnum. DIFC hefur með góðum árangri laðað til sín fjölmargar fjármálastofnanir, m.a. Morgan Stanley, Goldman Sachs, Deutsche Bank, Citigroup, Merrill Lynch, JP Morgan, Lehman Brothers and UBS, en öll þessi fyrirtæki hafa fengið heimild DFSA til að starfa á DIFC-svæðinu.

Eins og aðrar fjármálaeftirlitsstofnanir hefur DFSA vald til að framkvæma á eigin vegum og með sjálfstæðum hætti leyfisveitingar, skráningar og eftirlit með fyrirtækjum sem fá heimild DFSA til að starfa á DIFC-svæðinu. DFSA beitir eftirlitsvaldi sínu með reglubundnum hætti. Þar eð DFSA er skylt að halda leyndum hvers konar upplýsingum sem DFSA aflar, upplýst er um eða safnað hefur verið í starfsemi þess, eru aðeins fá opinber dæmi um að upplýst sé að DFSA hafi sinnt eftirlitsskyldu sinni. Til dæmis tilkynnti DFSA hinn 27. ágúst 2007 ákvörðun sína um að afturkalla leyfi Forsyth Partners Global Distributors Limited („Forsyth“) til að halda áfram fjármálastarfsemi innan eða frá DIFC-svæðinu eftir að fyrirtækið lét hjá líða að fullnægja viðeigandi reglugerðarákvæðum og tókst ekki að sýna fram á getu sína til að bæta ráð sitt. DFSA tók þessa ákvörðun eftir að hafa óskað

eftir að Forsyth útskýrði hvers vegna DFSA ætti ekki að fella leyfi þess úr gildi. Í öðru dæmi, í maí 2007, tókst DFSA að afla endanlegs úrskurðar DIFC-dómstólsins varðandi nokkra aðila sem höfðu tekið þátt í rekstri tilbúinnar vefslóðar undir heitinu Dubai Options Exchange, the United Arab Emirates Commodity Futures Board and Cambridge Capital Trading. DFSA tilkynnti að nán samvinna við lögregluna í Dubai, SCA og systurstofnanir DFSA í Malasíu, Ástralíu og Bandaríkjunum hefði orðið til þess að það tókst að loka snarlega fyrir vefslóðirnar og kyrrsetja rúmlega 600.000 bandaríkjadali sem voru eign fjárfesta. Enn fremur fékk DFSA endanlegan dómsúrskurð fyrr á þessu ári gegn tveim einstaklingum sem höfðu gefið út falskar og villandi upplýsingar um lagalega stöðu sína í tengslum við DIFC-svæðið. Sakborningarnir héldu því fram að Enduam Asset Management („Enduam“) hefði aflað sér leyfis innan DIFC þegar engin slík beiðni hafði borist eða verið samþykkt þess efnis að Enduam væri staðsett innan DIFC sem var ekki raunin.

DFM (Dubai Financial Market – Fjármálamarkaður Dubai) DFM var stofnaður sem viðbótarmarkaður árið skv. tilskipun nr. 14 frá 2000 (Decree No. 14 for the year 2000). Hann var löggiltur sem „markaður“ af SCA (Verðbréfa- og hrávörueftirlit Sameinuðu arabísku furstadæmanna – Securities & Commodities Authority in the UAE) samkvæmt ályktun ríkisstjórnar Sameinuðu arabísku furstadæmanna, nr. 11/2000, um reglugerð um leyfisveitingar og eftirlit með markaðnum. DFM starfar sem viðbótarmarkaður fyrir viðskipti með verðbréf sem hlutafélög hafa gefið út, ríkisskuldabréf og einingar fjárfestingasjóða.

DFM (sem viðurkenndur rekstraraðili á markaðnum) hefur gefið út sínar eigin skráningarreglur sem fyrirtæki, er skrá sig á DFM, verða að hlíta og hefur sína eigin greiðslumiðlunar- og innláns- og uppgjörseild sem sér um greiðslumiðlun og uppgjör hlutabréfa sem átt er viðskipti með hjá DFM. Til þess að tryggja virkni og heilindi í viðskiptum framkvæmir DFM reglulega skoðun og eftirlit með starfsemi miðlara. Eftirlitsdeild (Regulatory Division) DFM skiptist í þrjú svið: (i) Eftirlit með útgefendum (skráningardeild) sem hefur einkum eftirlit með útgefendum, (ii) Eftirlit með aðildarfélögum, sem fylgist einkum með miðlurum, og (iii) Rannsókn- og framkvæmdateymi, sem sér um framkvæmd viðurlaga vegna brota. Eftirlitsdeildin, fyrir hönd eftirlitsnefndarinnar, ber ábyrgð á sjálfstæðu eftirliti með allri starfsemi eftirlitsdeildarinnar og endurskoðar greiðslumiðlunar- og uppgjörstarf markaðs- og rekstrarsviðsins sem hluta af eftirlitshlutverki sínu.

SCA

DFM lýtur eftirliti SCA, sem er eftirlitsaðili alríkisins með kauphöllum og skráningum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum (UAE), og var stofnað með alríkislögum nr. 4 frá 2000 (Federal Law No 4 of 2000). Almennt hefur SCA m.a. eftirtalin hlutverk:

- að semja reglugerðir um leyfisveitingar og eftirlit með mörkuðum og skráningu verðbréfa
- að veita leyfi fyrir einstökum mörkuðum (sem skulu vera staðbundnar opinberar stofnanir)
- að veita miðlurum leyfi
- að hafa eftirlit með skráðum aðilum, birtingu, uppgjörum greiðslujöfnun, eigendaskiptum

SCA er eftirlitsaðili sem hefur umsjón með og fylgist með starfsemi á markaðnum og þátttakendum þar (fjárfestum, miðlurum og aðilum sem skráð hafa hlutabréf sín), og hefur eftirlit með DFM bæði sem viðurkenndri kauphöll og skráðu fyrirtæki. SCA hefur gefið út reglugerðir um skráningu verðbréfa og hráværa. Þær mæla fyrir um skilyrði fyrir skráningu, kröfur um starfshætti og innihald umsókna um skráningu, takmarkanir á viðskiptum með skráð verðbréf og viðvarandi kröfur um upplýsingagjöf.

Stjórnkerfi Sameinuðu arabísku furstadæmanna (UAE) og Dubai

Æðsta löggjafarvald í UAE er Æðstaráðið (Supreme Council of Rulers) sem var stofnað með stjórnarskrá UAE 1971. Auk þess starfar þjóðþing UAE (sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni) en þingmenn eru tilnefndir af furstadæmunum. Æðstaráðið birtir alríkislög og samþykkir lög frá ráðherraráði alríkisins (Federal Council of Ministers) og þjóðþingsins. Setning laga í meiri háttar málum er í höndum alríkisstjórnarinnar sem hefur á undanföllum árum gert þjóðingarmiklar ráðstafanir til að setja reglur um fyrirtæki og verslunarviðskipti, en staðaryfirvöld í hinum ýmsu furstadæmum hafa heimild til að gefa út tilskipanir um staðarmálefni.

Til þess að viðhalda sátt og samlyndi milli furstadæmanna var þeim veittur stjórnarskrárbundinn réttur til að gangast undir réttarkerfi alríkisins eða hafa sitt eigið sjálfstæða réttarkerfi. Öll furstadæmin eru hluti af alríkiskerfinu að undanteknu Dubai og Ras Al Khaima sem hafa sitt eigið réttarkerfi. Í öllum furstadæmunum eru dómstólar sem dæma í sakamálum, almennum málum og viðskiptamálum sem og íslamskir dómstólar sem dæma í fjölskyldu- og trúardeilum. Í réttarkerfi alríkisins er Hæstiréttur og undirrættir.

Í Dubai eru átta virk fríverslunarsvæði og tólf eru í undirbúningi. Rekstur fríverslunarsvæðanna og þátttakendur í þeim eru háðir lögum Dubai og dómstólar Dubai hafa lögsögu í málum sem tengjast þessari starfsemi. Auk þess er í Dubai eina fjármálalega frísvæðið (financial free zone) í UAE, DIFC, þar sem Borse Dubai er skráð fyrirtæki. Ólíkt fríverslunarsvæðum Dubai er starfsemi á DIFC-svæðinu og starfsemi leyfðra stofnana ekki háð almennum né viðskiptalegum lögum alríkisins né heldur reglugerðum Dubai-borgar eða ráðuneytis efnahagsþróunar.

NASDAQ yfirlit (meginfyrirkomulag tilboðs – main scenario)

Að því gefnu að tilboðið verði samþykkt og að önnur skilyrði viðskiptasamninganna hafi verið uppfyllt eða frá þeim fallið mun Borse Dubai þegar tilboðið hefur verið samþykkt sjá um lúkningu viðskiptanna við NASDAQ samkvæmt viðskiptasamningunum, þ.e. að fylgt verði meginfyrirkomulagi tilboðsins. Það sem fram kemur í neðangreindum texta á blaðsíðum 88–89 á við um meginfyrirkomulag tilboðs.

LÝSING Á FYRIRTÆKINU OG SÖGU ÞESS

NASDAQ er eignarhaldsfélag sem rekur hlutabréfamarkað NASDAQ (The NASDAQ Stock Market LLC) sem dótturfélag sitt og tiltekinn annan rekstur í gegnum önnur dótturfélög. NASDAQ var stofnað 1971 sem fyrsta rafeindavædda tilboðsnetkerfið til viðskipta með hlutabréf án hefðbundins kauphallargólfs. Hlutabréf NASDAQ eru skráð á NASDAQ Global Select Market í Bandaríkjunum undir merkinu „NDAQ“.

Þegar NASDAQ var stofnað 1971 var það hluti af National Association of Securities Dealers – NASD – Landssamtökum verðbréfamíðlara) (sem nefnast nú Financial Industry Regulatory Authority – „FINRA“). Árið 2000 stuðlaði FINRA að enduruppbyggingu eignarhalds NASDAQ og fjölgaði eigendum með tvískiptri óskráðri útgáfu verðbréfa í NASDAQ. Þann 9. nóvember 2000 sótti NASDAQ til SEC, um skráningu sem kauphöll á landsvísi í tengslum við enduruppbygginguna. Í janúar 2006 samþykkti SEC umsókn NASDAQ. Hlutabréfamarkaður NASDAQ hóf störf sem kauphöll í ágúst 2006 og sem kauphöll með önnur skráð verðbréf í febrúar 2007. Í þessu sambandi gerðist NASDAQ eignarhaldsfélag.

Þegar hlutabréfamarkaður NASDAQ tók til starfa sem kauphöll varð hann einnig sjálfstæð eftirlitsstofnun (e. Self Regulatory Organisation eða SRO) sem aðskilinn var frá FINRA. Samkvæmt verðbréfalögum ber slíkur aðili ábyrgð á því að hafa eftirlit með aðildarfélögum sínum með því að setja og framfylgja reglum og reglugerðum um viðskiptahætti kauphallaraðila. Sem sjálfstæð eftirlitsstofnun hefur hlutabréfamarkaður NASDAQ eigin reglur sem gilda um kauphallaraðila og skráð fyrirtæki varðandi skráningu, aðild og viðskipti sem eru sérstakar og frábrugðnar þeim reglum sem gilda um miðlara (broker-dealers) sem lúta stjórn FINRA. Miðlarar geta valið um að fá aðild að hlutabréfamarkaði NASDAQ, auk þess að eiga aðild að öðrum sjálfstæðum eftirlitsstofnunum, þ.m.t. FINRA.

Á undanförunum þrem árum hefur NASDAQ aukið viðskipti sín með kaupum á öðrum fyrirtækjum. Tvö stærstu kaup til þessa eru kaup á Brut í september 2004 og INET í desember 2005. Til samræmis við þá stefnu sem félagið hefur einbeitt sér að, hefur NASDAQ í því skyni keypt Carpenter Moore, Shareholder.com, PrimeNewswire og Directors Desk LLC.

Árið 2006 keypti NASDAQ stóran hlut í LSE. Hinn 20. ágúst 2007 tilkynnti NASDAQ um endurskoðun á möguleikum til að selja u.þ.b. 31% hlut sinn (61,3 milljónir hlutabréfa) í LSE. Sem hluti af sameiginlegri tilkynningu NASDAQ og Borse Dubai hinn 20. september 2007 samþykkti Borse Dubai að kaupa 28% af útistandandi hlutabréfum í LSE af NASDAQ. Hinn 21. september 2007 tilkynnti NASDAQ um sölu afgangansins af hlutabréfum sínum í LSE, 5,3 milljónir hluta með tilteknu sölufærli (book-built sale process). Enn fremur, tilkynnti NASDAQ hinn 2. október 2007 að gerður hefði verið samningur um kaup á kauphöllinni í Boston (Boston Stock Exchange), þ.m.t. eignarhaldsfélaginu BSE Group, Boston Equities Exchange, Boston Stock Exchange Clearing Corporation og BOX Regulation. Auk þessara fyrirtækja mun NASDAQ hljóta leyfi sem sjálfstæð eftirlitsstofnun vegna viðskipta með bæði hlutabréf og kauprétti. Einnig tilkynnti NASDAQ þann 7. nóvember 2007 að það hefði gengið til samninga um að kaupa kauphöllina í Philadelphia (Philadelphia Stock Exchange), sem er þriðji stærsti markaðurinn með valréttarsamninga og elsta kauphöll Bandaríkjanna.

Loks er NASDAQ að bæta við starfsemi sína umfram starfsemi vegna hlutabréfa. Búið er við að markaður NASDAQ með valréttarsamninga (NASDAQ Options Market) verði opnaður á síðasta ársfjórðungi 2007 að fengnu leyfi yfirvalda.

BANDARÍSKI KAUPHALLAMARKAÐURINN

Kauphallamarkaður með hlutabréf veitir fjölbreytta þjónustu, þ.m.t. skráningu hlutabréfa, setningu reglna, markaðsupplýsinga og framkvæmd viðskipta. Meginskylda kauphallar er sanngjörn, gagnsæ og virk birting á verði skráðra verðbréfa. Kauphallamarkaður Bandaríkjanna er brotakenndur í samanburði við mörg önnur ríki. Það sem einkennir hann eru fjölmargar kauphallir sem stunda viðskipti með skilgreinda eignaflokka. Verðbréf skipast í skuldabréf (hlutabréf, kauprétti o.s.frv.) og framvirka samninga undir eftirliti mismunandi

eftirlitsaðila og í viðskiptum hjá ýmsum kauphöllum. Eftirlit er einkum í höndum tveggja ríkisstofnana, SEC og Viðskiptaráðs um framvirk viðskipti með vörur (Commodity Futures Trading Commission – CFTC). Kauphallir með verðbréf og framvirka samninga starfa sem SRO á sínum mörkuðum samkvæmt leyfi frá SEC og CFTC. FINRA er einnig eftirlitsaðili með verðbréfavíðskiptum samkvæmt leyfi frá SEC.

YFIRLIT YFIR VIÐSKIPTI NASDAQ

NASDAQ er ásamt dótturfyrirtækjum sínum í fararbroddi í heiminum um skráningu verðbréfa, viðskipti og upplýsingar og þjónustu. Tekjulindir NASDAQ eru m.a. viðskiptaþjónusta, markaðsgögn og –þjónusta, skráningargjöld, fyrirtækjaþjónusta og vísitölur og aðrar fjármálavörur. Hlutabréfamarkaður NASDAQ er stærsti hlutabréfamarkaður í Bandaríkjunum, jafnt hvað varðar fjölda skráðra fyrirtækja og viðskiptamagns í hlutabréfum. Frá og með 30. september 2007 var hlutabréfamarkaður NASDAQ miðstöð u.þ.b. 3.100 skráðra fyrirtækja með markaðsvirði sem nemur meira en 4.700 milljörðum bandaríkjadala. NASDAQ starfar í gegnum NASDAQ hlutabréfamarkaðinn, Nasdaq Market Center, sem veitir markaðsaðilum aðgengi, úrvinnslu, sýningu og samþættingu þessara þátta við að gefa upp sölu- og kaupverð á NASDAQ hlutabréfamarkaðnum, ásamt öðrum kauphöllum í Bandaríkjunum. Viðskipti með 550.9 milljarða hlutabréfa voru framkvæmd eða komu fram í gegnum kerfi NASDAQ á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007, 27.7% fleiri en á sama tímabili 2006.

Varðandi fréttaflokkning af rekstri og fjármálum skiptist NASDAQ í tvo þætti: Markaðsþjónustu (Market Services) og Útgefendajónustu (Issuer Services).

Markaðsþjónusta

Markaðsþjónusta NASDAQ felur í sér viðskipti NASDAQ á sviði viðskiptafærslna og þjónustu með markaðsupplýsingar. Markaðsmiðstöð NASDAQ (The Nasdaq Market Centre) er sá vettvangur viðskiptafærslna sem veitir markaðsaðilum NASDAQ aðgengi, úrvinnslu, sýningu og samþættingu þessara þátta við að gefa upp pantanir ásamt sölu- og kaupverði. Með þessu er viðskiptavinum NASDAQ gert mögulegt að framkvæma viðskipti með verðbréf. Markaðsmiðstöðin gerir NASDAQ kleift að senda og framkvæma kaup- og söluskipanir sem og að tilkynna um viðskipti með verðbréf skráð á markað

NASDAQ sem og þeirra verðbréfa sem skráð eru á öðrum bandarískum kauphöllum og afla með þessu þóknunartengdar tekjur. NASDAQ myndar líka tekjustreymi með því að veita mismunandi þjónustustig á sviði upplýsingagjafar til markaðsaðila og upplýsingamiðlara. Þessir aðilar selja aftur á móti áskriftir að slíkum upplýsingum til almennings. Kerfi NASDAQ gera söluaðilum kleift að öðlast beinan aðgang að nákvæmum upplýsingum NASDAQ um pantanir, upplýsingar um vísitölur, upplýsingar um verð sameiginlegra sjóða og upplýsingar um starfsemi fyrirtækja sem eiga skráð verðbréf á markaði NASDAQ.

Útgefendajónusta

Útgefendajónusta NASDAQ tekur til verðbréfaskráningar, tryggingaþjónustu, þjónustu við hluthafa og fréttatengdrar þjónustu auk þjónustu vegna fjármálaafurða. Félög sem skráð eru á NASDAQ eru fulltrúar fjölbreyttra iðnaðargreina, þar á meðal upplýsingatækni, fjármálaþjónusta, heilbrigðisþjónusta, neytendavara og annars iðnaðar. Þá þróar NASDAQ einnig og veitir heimildir fyrir fjármálaafurðum og skyldum afleiðum sem byggja á NASDAQ vísitölum. Auk þessa myndar NASDAQ tekjur vegna leyfisveitinga og skráningar fyrir vörur þriðju aðila og ETF (Exchange Traded Funds) sem þriðju aðilar ábyrgjast.

FREKARI UPPLÝSINGAR UM NASDAQ

NASDAQ sendir reglulega inn skýrslur, Proxy Statement, og aðrar upplýsingar til SEC. SEC heldur úti vefsíðu þar sem nálgast má skýrslur, skráningar- og upplýsingaskýrslur (proxy and information statements) og aðrar upplýsingar er varða útgefendur sem leggja ofangreint inn til skráningar með rafrænum hætti til SEC (eins og NASDAQ). Vefslóðin er www.sec.gov.

Vefsíða NASDAQ er www.nasdaq.com. NASDAQ gerir, gegn engu gjaldi, ákveðnar skýrslur aðgengilegar sem gefnar eru út með reglulegu millibili, sem og önnur gögn sem lögð eru inn, eins fljótt og auðið er eftir að slíkt efni hefur verið lagt inn til skráningar með rafrænum hætti eða því verið komið til SEC.

Skattaleg atriði

SKATTAMÁL Í SVÍP-JÓÐ

Eftirfarandi er yfirlit yfir tiltekna skattalegar afleiðingar í Svíþjóð sem kunna að koma upp varðandi tilboðið. Yfirlitið er byggt á sænskum skattalögum eins og þau eru við dagsetningu þessa tilboðs og er einungis ætlað til almennrar upplýsingar hluthafa sem eru búsettir í Svíþjóð vegna skatta, nema annað sé tekið fram. Í yfirlitinu er ekki fjallað ítarlega um allar skattalegar afleiðingar sem kunna að koma fram í þessu sambandi. Til dæmis nær það hvorki til sérstakra reglna um svonefnd skilyrt hlutabréf í hlutafélögum í eigu fárra einstaklinga, né heldur þar sem hlutabréfin eru í eigu sameignarfélags eða eru notuð sem veltufjármunir í rekstri. Sérstakar skattalegar afleiðingar, sem eru ekki útskýrðar hér að neðan, kunna einnig að gilda fyrir tiltekna flokka skattgreiðenda, þ.m.t. fjárfestingafélög og verðbréfasjóði. Mælt er með því að sérhver hluthafi hafi samráð við skattaráðgjafa til að afla sér upplýsinga um sérstakar skattalegar afleiðingar vegna tilboðsins, þ.m.t. gildi og áhrif erlendra skattalaga, ákvæði tvísköttunarsamninga og aðrar reglur sem kunna að gilda.

Almennar upplýsingar

Hluthöfum, sem samþykkja tilboðið og selja hlutabréf sín, er almennt skylt að greiða skatta af söluhagnaði. Söluhagnaður eða sölutap telst mismunur á söluverði og kaupverði að fráðregnum sölukostnaði. Ráðstöfun heimildarskírteina vegna OMX hlutabréfa er meðhöndlað sem ráðstöfun hlutabréfa.

Kostnaður vegna kaupa hlutabréfanna er fundinn með „meðaltalsreglu“. Það þýðir að kostnaður vegna kaupa allra hlutabréfa af sömu gerð og í sama flokki er lagður saman og ákvarðaður sameiginlega með tilliti til breytinga á eignarhaldi. Þar eð hlutabréf í OMX eru skráð er unnt að ákvarða stofnkostnað þeirra, að öðrum kosti, sem 20% af hreinum söluhagnaði samkvæmt „staðlaðri reglu“.

Hagnaður eða tap sökum gengisbreytinga kann að koma fram hjá eigendum OMX-hlutabréfa sem eru skráð í öðrum gjaldmiðli en sænskum krónum þegar söluhagnaður er fenginn í erlendum gjaldeyri. Hins vegar er ekki þörf fyrir sérstakan útreikning ef söluhagnaði er skipt í sænskar krónur innan 30 daga frá greiðsludegi. Í slíkum tilvikum skal hins vegar nota gengi á þeim degi þegar breytingin fer fram þegar söluhagnaður er reiknaður. Gengi á kaupdegi er að jafnaði notað við ákvörðun kostnaðar vegna kaupanna með tilliti til skatta.

Einstaklingar

Söluhagnaður af skráðum hlutabréfum er skattlagður sem fjármagnstekjur. Núgildandi skatthlutfall er 30%.

Meginreglan er sú að 70% af tapi af sölu eigna eru frádráttarbær frá öðrum skattskyldum tekjum af fjármagni. Hins vegar er tap af sölu skráðra hlutabréfa skattlagt með sama hætti og hlutabréf (að undanteknum skráðum hlutabréfum í verðbréfasjóðum sem varðveita aðeins sænskar

viðskiptakröfur) að fullu frádráttarbært móti skattskyldum hagnaði af sölu slíkra eigna eða óskráðra hlutabréfa í sænskum hlutafélögum og erlendum lögaðilum.

Auk þess eru aðeins fimm sjöttu hlutar af tapi af sölu óskráðra hlutabréfa í sænskum hlutafélögum og erlendum lögaðilum frádráttarbærir. Ef tap af sölu eigna á við um bæði skráð og óskráð hlutabréf er tap af sölu skráðra hlutabréfa frádráttarbært undan tapi af sölu óskráðra hlutabréfa. 70% af hverri umframfjárhæð er frádráttarbær samkvæmt meginreglunni eða fimm sjöttu af 70% eru frádráttarbær ef tapið af sölu eigna á við um óskráð hlutabréf. Tap af sölu skráðra hlutabréfa í verðbréfasjóðum, sem varðveita aðeins sænskar viðskiptakröfur, er að fullu frádráttarbært frá tekjum af eignum.

Ef skortur verður á fjármagnstekjum er heimilt að lækka skatt af vinnulaunum og fyrirtækjarekstri, svo og fasteignaskatt. Heimill skattafsláttur nemur 30% af hvers konar tapi, sem nemur ekki hærri fjárhæð en 100.000 sænskum krónum, og 21% af hvers konar tapi umfram 100.000 sænskar krónur. Tap er ekki unnt að flytja til síðara fjárhagsárs.

Eignaskattur (Net wealth taxation)

Hluthafar sem samþykkja tilboðið innan hins upphaflega samþykkisfrests munu verða taldir hafa afsalað sér hlutum sínum í OMX þegar tilboðinu er lokið, sem er búist við að muni eiga sér stað í janúar 2008. Hluthafar sem samþykkja tilboðið á árinu 2007 munu undir slíkum kringumstæðum verða taldir eiga viðkomandi bréf fram til áramóta 2007.

Samkvæmt gildandi reglum skulu OMX-hlutabréf reiknuð sem hluti af hreinni eign hluthafa og skal miðað við 80% af uppgefnu verðmæti við lok fjárhagsársins. Athuga ber að sænsk stjórnvöld hafa lagt fram tillögur um að eignaskattur verði lagður niður frá og með 1. janúar 2007.

Tillagan hefur ekki verið afgreidd við dagsetningu tilkynningar tilboðsskjals þessa en þingið mun væntanlega taka ákvörðun um frumvarpið í desember 2007.

Lögaðilar

Rekstrartekjur hlutafélaga og annarra lögaðila eru skattlagðar með flötu hlutfalli sem nemur 28%. Útreikningur á fjármagnstekjum og fjármagnstapi er útskýrður í kaflanum „Almennar upplýsingar“ hér að ofan.

Tap af sölu hlutabréfa, sem hluthafi sem er hlutafélag verður fyrir, er unnt að færa til frádráttar hagnaði af hlutabréfum eða öðrum verðbréfum sem eru skattlögð með sama hætti og hlutabréf. Tap af sölu hlutabréfa er undir ákveðnum kringumstæðum heimilt að færa til frádráttar hagnaði af sölu slíkra bréfa innan sömu samstæðu (group of companies) að því tilskildu að kröfum um samstæðuframlög (group contributions) í tengslum við samsköttun (tax consolidation) sé fullnægt. Tap af sölu

hlutabréfa sem ekki hefur verið fært til frádráttar hagnaði af sölu hlutabréfa innan sama árs er heimilt að færa yfir og nýta til frádráttar söluhagnaði síðari ára án tímatakmarkana.

Þegar um hlutafélög og hagsmunasamtök (economic associations) er að ræða telst hagnaður af sölu hlutabréfa, sem átt eru í viðskiptalegum tilgangi, undanþeginn skattlagningu og tap af sölu hlutabréfanna er ekki frádráttarbært frá skatti. Eignarhald á skráðum hlutabréfum telst vera í viðskiptalegum tilgangi svo fremi sem eignarhaldið nemi a.m.k. 10% af atkvæðisrétti eða að hlutabréfin séu notuð í viðskiptalegum tilgangi. Enn fremur er hagnaður af sölu skráðra hlutabréfa eingöngu skattfrjáls að eignarhald hlutabréfanna vari í a.m.k. eitt ár frá þeim degi er þau teljast átt í viðskiptalegum tilgangi. Að sama skapi er tap af sölu hlutabréfa af skráðum hlutabréfum, ef eignarhald þeirra er í viðskiptalegum tilgangi, frádráttarbært samkvæmt ofansögðu ef eignarhald þeirra varir í minna en eitt ár. Þegar um sölu skráðra hlutabréfa af sömu tegund og flokki er að ræða sem keypt hafa verið á mismunandi tíma, teljast hlutabréf sem keypt eru síðar seld á undan þeim hlutabréfum sem keypt voru fyrr (síðust inn, fyrst út). Þegar notuð er hin svokallaða meðalaðferð eru hlutabréf, sem eignarhald hefur verið á í eitt ár, og hlutabréf, sem hafa verið í eignarhaldi í minna en eitt ár, ekki talin vera af sömu gerð og í sama flokki.

Hluthafar búsettir utan Svíþjóðar

Að jafnaði eru þeir, sem eru ekki búsettir í Svíþjóð, ekki skattskyldir í Svíþjóð vegna sölu hlutabréfa. Hins vegar kunna slíkir hluthafar að vera skattskyldir í því ríki þar sem þeir eru búsettir.

Hvað varðar einstaklinga kann söluhagnaður þeirra að vera skattskyldur ef einstaklingur hefur lögheimili eða fasta búsetu í Svíþjóð einhvern tíma á því almanaksári þegar salan fór fram eða undanfarin tíu ár. Þetta ákvæði kann hins vegar að vera takmarkað vegna tvísköttunarsamninga sem Svíar hafa gert við önnur ríki.

Erlendir lögaðilar eru að jafnaði ekki skattskyldir í Svíþjóð vegna söluhagnaðar af sölu hlutabréfa nema hagnaðurinn stafi frá fastri starfsstöð. Í því tilviki gilda reglur um skattfrjálsan söluhagnað af hlutabréfum ef eignarhald þeirra er í viðskiptalegum tilgangi og tilteknum skilyrðum er fullnægt.

Ekki er um að ræða afdráttarskatt á söluhagnaði í tengslum við tilboðið.

DÖNSK SKATTAMÁL

Eftirfarandi er almenn lýsing á dönskum skattareglum sem varða danska ríkisborgara sem kaupa, eiga eða selja OMX-hlutabréf samkvæmt tilboðinu. Lýsingin á aðeins við um skattlagningu í Danmörku en ekki skattareglur í erlendum ríkjum.

Lýsingin er ekki endilega tæmandi eða ítarleg lýsing á öllum skattalegum atriðum. Lýsingin fjallar ekki um fjárfesta sem falla undir sérstakar skattareglur, svo sem dönsk lög um skattlagningu eftirlaunasjóða (Danish Act on Taxation of Pension Schemes), banka, verðbréfamíðlara og fjárfesta sem eignast hlutabréf sem hluta af starfi sínu.

Lýsingin er byggð á skattalögum í Danmörku eins og þau eru við dagsetningu þessa skjals. Hugsanlegum fjárfestum, sem eru ekki vissir um skattalegar afleiðingar þess að framselja hlutabréfin, er ráðlagt að hafa samráð við eigin skattaráðgjafa.

Skattlagning fjárfesta fellur undir fulla skattskyldu í Danmörku

Einstaklingar, sem búa í Danmörku eða dvelja a.m.k. í sex mánuði samfelld í Danmörku, svo og fyrirtæki o.s.frv., sem eru skráð í Danmörku eða stjórnendur þess sem hafa búsetu í Danmörku, teljast að jafnaði fjárfestar sem bera fulla skattskyldu. Einstaklingar eða fyrirtæki, sem einnig bera fulla skattskyldu í öðru landi, kunna að falla undir sérstakar reglur sem er ekki fjallað um hér.

Tilboðið getur almennt verið samþykkt af íbúum utan Svíþjóðar sem og fyrirtækjum sem ekki eru staðsett í Svíþjóð án þess að slíkt hafi skattalegar afleiðingar innan Svíþjóðar. Af samskiptum skattalöggjöf hér að framan leiðir að ef einstaklingur, sem á lögheimili eða hefur haft varanlega búsetu í Svíþjóð, selur á sama almanaksári eða á undangengnum 10 almanaksárum má skattleggja viðkomandi aðila samkvæmt sænskum skattalögum. Slíkur réttur getur hins vegar verið takmarkaður af tvísköttunarsamningum á milli Svíþjóðar og búseturíkis viðkomandi aðila. Samkvæmt tvísköttunarsamningi á milli Svíþjóðar og Danmerkur er ofangreint tímabil takmarkað við 5 ár eftir það ár sem viðkomandi aðili fluttist frá Svíþjóð.

Skattlagning söluhagnaðar (Capital gains taxation)

Hvað varðar hagnað við sölu hlutabréfa greina skattareglur á milli þess hvort seljandinn er einstaklingur eða fyrirtæki, og að því er varðar fyrirtæki hvort það hefur átt hlutabréfin lengur en í þrjú ár við sölu þeirra. Á mynd 18 hér að neðan eru birtar reglur um skráð hlutabréf:

EIGNARHALD HLUTABRÉFA Í MINNA EN ÞRjú ÁR		EIGNARHALD HLUTABRÉFA Í ÞRjú Eða Fleiri ÁR	
Einstaklingar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Fyrirtæki
Hagnaður er skattlagður sem tekjur af hlutabréfum í skattþrepi á milli 28% og 45%. Tap má draga frá skattskyldum hagnaði og arði af öðrum skráðum hlutabréfum. Breyttar reglur gilda um hlutabréf sem keypt voru fyrir 1. janúar 2006. Tap má flytja fram um óákveðinn tíma. Hagnaður/tap er reiknað með meðaltalsreglu.	Hagnaður er skattskyldur. Hagnaður er skattlagður sem skattskyldar tekjur með skattþrepi fyrirtækja, sem er nú 25%. Tap má draga frá samsvarandi hagnaði af öðrum hlutabréfum sem fyrirtækið hefur átt í minna en 3 ár. Tap má flytja fram um óákveðinn tíma. Hagnaður/tap er reiknað með meðaltalsreglu.	Hagnaður er skattlagður sem tekjur af hlutabréfum í skattþrepi á milli 28% og 45%. Tap má draga frá skattskyldum hagnaði og arði af öðrum skráðum hlutabréfum. Breyttar reglur gilda um hlutabréf sem keypt voru fyrir 1. janúar 2006. Tap má flytja fram um óákveðinn tíma. Hagnaður/tap er reiknað með meðaltalsreglu.	Hagnaður er skattfrjáls. Tap er hvorki unnt að draga frá né mótreikna.

Einstaklingar

Hagnaður (þ.á.m. gengishagnaður/gengistap) er skattlagður sem tekjur af hlutabréfum. Tekjur af hlutabréfum eru skattlagðar í 28% vegna heildartekna af hlutabréfum sem nema 46.700 dönskum krónum. Tekjur af hlutabréfum, sem nema hærri fjárhæð, eru skattlagðar í 43%. Fyrir maka miðast 28% skattþrep við 93.400 óháð því hvor makinn það er sem hefur tekjur af hlutabréfum. Tekjur vegna hlutabréfa yfir 102.600 danskar krónur eru skattlagðar með 45% skatti. Fyrir hjón miðast 45% skattþrep við 205.200 danskar krónur. Ákveðnar lagaskilareglur gilda. Tap má færa til frádráttar á móti skattskyldum hagnaði og arði af öðrum skráðum hlutabréfum. Hagnaður og tap eru reiknuð með meðaltalsreglu, þar sem kaupverð hvers einstaks hlutabréfs telst hlutfall af heildarkaupverði allra hlutabréfanna í viðkomandi fyrirtæki sem fjárfestir á.

Hlutabréf sem aflað var fyrir 1. janúar 2006

Hagnað og tap af hlutabréfum, sem keypt voru fyrir 1. janúar 2006, er heimilt, ef eignarhald þeirra hefur staðið í minna en 3 ár þegar þau eru seld, að telja hluta af fjármagnstekjum hluthafa (Da. *kapitalindkomst*) en ekki hluta af tekjum af hlutabréfum. Þetta á við í þeim tilvikum þar sem þær reglur, sem gilda frá 1. janúar 2006, myndu að öðrum kosti hafa valdið hærri skattlagningu einstaklingsins heldur en ef skatturinn hefði verið reiknaður samkvæmt reglum sem giltu fyrir 1. janúar 2006 varðandi hlutabréf sem hann hefur átt í minna en 3 ár.

Hagnaður af hlutabréfum, sem keypt hafa verið fyrir 1. janúar 2006 sem hluti af eignasafni skráðra hlutabréfa hinn 31. desember 2005 og eru ekki að verðmæti meira en 136.600 danskar krónur (en fyrir maka nemur heildarfjárhæðin samtals 273.100 dönskum krónum) er ekki skattskyldur ef eignarhald hefur staðið í 3 ár eða lengur þegar bréfin eru seld en tap verður ekki frádráttarbært frá skatti.

Fyrirtæki (lögaðilar)

Hagnaður af sölu hlutabréfa (þ.á.m. gengishagnaður/gengistap), ef eignarhald hefur staðið skemur en í þrjú ár, er skattskyldur og leggst við skattskyldar tekjur. Hreinar skattskyldar tekjur eru skattlagðar í 25% (2007 og 2008). Hagnaður er reiknaður sem mismunur á söluverði og upphaflegu kaupverði. Tap má reikna á móti skattskyldum hagnaði af sölu hlutabréfa ef eignarhald þeirra hefur staðið í minna en þrjú ár og eru seld á sama ári eða næstu árum.

Ef fyrirtæki selur aðeins hluta af hlutabréfum sínum verður kaupverðið metið sem meðalkaupverð allra hlutabréfanna. Hvað varðar þau hlutabréf, sem eftir eru, telst meðalkaupverðið hið nýja kaupverð (d. gennemsniðsmetoden). Þetta á við jafnvel þótt sala hlutabréfanna sé skattfrjáls. Reglan um fyrst inn – fyrst út (FIFO) gildir um útreikning á tímabili eignarhalds.

Hagnaður af sölu hlutabréfa er skattfrjáls ef eignarhald hlutabréfanna hefur staðið í þrjú ár eða lengur. Tap af hlutabréfum, ef eignarhaldið hefur staðið í þrjú ár eða lengur, er ekki frádráttarbært frá skatti.

Dönsk skattlagning fjárfesta sem falla ekki undir fulla skattskyldu í Danmörku

Ef eignarhald á hlutabréfum tengist starfsemi, sem fellur undir takmarkaða skattskyldu í Danmörku, er heimilt að telja hagnað með skattskyldum tekjum af slíkri starfsemi.

Skattlagning söluhagnaðar

Hagnaður og tap af hlutabréfum telst skattskyldur í Danmörku ef (i) fjárfestir telst stunda viðskipti með hlutabréf (d. næringsdrivende) í dönskum skattalegum skilningi og (ii) ef unnt er að rekja hlutabréfin til fjárfesta með fasta búsetu í Danmörku. Hugtakið föst búseta er almennt túlkuð samkvæmt samningsfyrirmynd OECD (OECD Model Convention) og greinargerð með henni. Fjárfesting í hlutabréfum, ein og sér, fellur ekki undir takmarkaða skattskyldu eða telst til fastrar starfsstöðvar hins erlenda fjárfestis.

FINNSK SKATTAMÁL

Eftirfarandi er yfirlit yfir tiltekna finnskar skattalegar afleiðingar fyrir OMX-hluthafa sem eru búsettir í Finnlandi í skattalegum skilningi og hafa ekki fasta starfsstöð í Svíþjóð. Yfirlitið byggist á skattalögum og skattlagningu sem í gildi eru við dagsetningu þessa tilboðsyfirlits og er aðeins ætlað að veita almennar upplýsingar. Skattalög, framkvæmd þeirra og túlkun er stöðugt háð breytingum og slíkar breytingar kunna stundum að hafa afturvirk áhrif og kunna að breyta niðurstöðum sem komist er að í yfirlitinu.

Yfirlitið nær aðeins til skattalegra afleiðinga tilboðsins af hálfu einstaklinga sem eru búsettir í Finnlandi og skattlagðir samkvæmt finnskum tekjuskattslögum og finnskra félaga með takmarkaðri ábyrgð sem skattlögð eru samkvæmt finnskum lögum um viðskiptatekjur. Samkvæmt því fjallar yfirlitið ekki um skattalegar afleiðingar sem eiga við hluthafa sem kunna að falla undir sérstakar skattareglur, þ.m.t. fyrirtæki sem stunda ekki viðskipti, skattfrjáls fyrirtæki eða almenn eða takmörkuð sameignarfélög eða aðstæður þar sem OMX-hlutabréf eru veltufjármunir fyrirtækis með takmarkaða ábyrgð. Skattaleg meðferð sérhvers hluthafa er háð sérstakri stöðu hvers hluthafa. Sérhverjum hluthafa ber að hafa samráð við skattaráðgjafa sinn um skattalegar afleiðingar varðandi hans sérstöku aðstæður við að samþykka tilboðið.

Skattlagning í Svíþjóð

Að jafnaði geta þeir sem eiga ekki fasta búsetu í Svíþjóð og fyrirtæki sem hafa ekki lögheimili í Svíþjóð samþykkt tilboðið án nokkurra skattalegra afleiðinga í Svíþjóð. Ef einstaklingur hefur átt lögheimili eða haft fasta búsetu í Svíþjóð einhvern tíma á almanaksárinu þegar salan fer fram eða einhver undanfarandi tíu almanaksár hefur Svíþjóð rétt samkvæmt búsetureglu að skattleggja slíkan hluthafa. Réttur til skattlagningar kann hins vegar að vera takmarkaður með viðeigandi tvísköttunarsamningi milli Svíþjóðar og núverandi búsetulands hluthafans. Samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Svíþjóðar og Finnlands takmarkast ákvæðið við fimm ár eftir það ár þegar einstaklingur hætti að vera búsettur í Svíþjóð.

Skattlagning í Finnlandi

Eintaklingar

Allar fjármagnstekjur – söluhagnaður og venjulegar fjármagnstekjur – eru nú skattlagðar í 28%. Tap af sölu hlutabréfa er frádráttarbært frá söluhagnaði (en ekki frá öðrum fjármagnstekjum) sem myndast á sama ári og þrem næstu árum.

Hagnaður, sem myndast við samþykki tilboðsins, er skattlagður sem söluhagnaður einstaklinga. Söluhagnaður (eða tap) er reiknað með því að draga frá kostnað við kaup og sölu

bréfanna frá söluverðinu. Sú fjárhæð sem raunverulega var greidd myndar kaupverð hlutanna fyrir útreikning hagnaðar (eða taps) sem myndast við samþykki tilboðsins. Ef kaupin fóru fram í annarri mynt en evru er kaupverðinu breytt í evrur til samræmis við gengið þann dag sem kaup/sala hlutanna fóru fram.

Að öðrum kosti er einstaklingum heimilt, í stað þess að nota raunverulegan kostnað við kaupin að beita svonefndum líklegum kostnaði við kaupin sem samsvarar 20% af söluverðinu eða, ef um er að ræða hluti sem eignarhald hefur verið á í a.m.k. tíu ár, 40% af söluverðinu. Ef líklegum kostnaði við kaupin er beitt í stað raunverulegs kostnaðar við kaupin er hvers konar sölukostnaður talinn innifalinn og er því ekki heimilt að draga hann frá til viðbótar við líklegan kostnað við kaupin.

Söluhagnaður er undanþeginn skatti ef söluverð allra eigna, sem einstaklingur selur á almanaksárinu, nemur ekki samtals meira en 1 000 evrum. Með sama hætti er sölutap ekki frádráttarbært frá skatti ef kostnaður vegna kaupa eigna sem seldar eru á almanaksárinu nemur ekki samtals meira en 1 000 evrum.

Fyrirtæki (lögaðilar)

Hvers konar tekjur af sölu OMX-hlutabréfa í tengslum við tilboðið teljast hluti skattskyldra rekstrartekna félags með takmarkaða ábyrgð. Félag með takmarkaðri ábyrgð greiðir tekjuskatt á félög sem nemur nú 26% af skattskyldum heildartekjum þess. Kostnaður vegna kaupa er frádráttarbær frá sköttum við sölu. Fjárhæðin, sem er í raun greidd fyrir hlutabréfin jafngildir að jafnaði kostnaði vegna kaupa hlutabréfanna í skattalegu tilliti. Samkvæmt því er hvers konar tap vegna samþykkis tilboðsins frádráttarbært frá skattskyldum rekstrartekjum.

Yfirfærsluskattur

Enginn yfirfærsluskattur er lagður á sölu OMX-hlutabréfa í tengslum við tilboðið

ÍSLENSK SKATTAMÁL

Íslenskir skattar eru lagðir á á Íslandi samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Handhafar hlutabréfa í OMX A/B sem skráð eru í OMX Nordic Exchange Iceland eru hvattir til að leita til sjálfstæðs skattaráðgjafa um skattaleg álitaefni tengd hlutabréfum sínum í sambandi við tilboðið ef þeir verða skattlagðir í einhverri annarri lögsögu en Íslands.





Ástæður fyrir tilboðinu og ávinningur hagsmunaaðila (annar valkostur tilboðs – alternative scenario)

Að því gefnu að tilboðið verði samþykkt og að því leyti sem önnur skilyrði viðskiptasamninganna hafa hvorki verið uppfyllt né frá þeim fallið mun Borse Dubai þegar tilboðið hefur verið samþykkt ekki ljúka viðskiptunum við NASDAQ samkvæmt viðskiptasamningunum sem hefur í för með sér að fylgt verði öðrum valkosti tilboðsins. Í þessum kafla á blaðsíðum 96–99 hér að neðan verður fjallað um annan valkost tilboðsins.

BORSE DUBAI KAUPIR OMX ÁN ÞESS AÐ SELJA ÞAÐ ÁFRAM TIL NASDAQ

Að því marki sem önnur skilyrði viðskiptasamninganna hafa hvorki verið uppfyllt né frá þeim fallið, þ.m.t. að í kjölfar samþykkis tilboðsins hafi Borse Dubai eignast beint eða óbeint meira en 67% af OMX hlutabréfum er heimilt að rifta viðskiptasamningunum og verða því hvorki Borse Dubai né dótturfyrirtæki þess eða fyrirtæki í eignatengslum skyldug til að selja NASDAQ OMX-hlutabréf eftir að tilboðið hefur verið samþykkt. Í slíku tilviki verður Borse Dubai hvorki stefnumótandi hluthafi í NASDAQ né mun NASDAQ eignast stefnumótandi hlut í DIFX. Ef tilboðið verður uppfyllt án þess að viðskiptasamningarnir verði efndir í kjölfarið mun tilboðið hafa áhrif á hluthafa og hagsmunaaðila OMX samkvæmt öðrum valkosti tilboðsins sem lýst er hér að neðan.

ÁSTÆÐUR FYRIR TILBOÐINU

Í stefnumótun Dubai (2015) er fjármálaþjónusta tilgreind sem eitt helsta keppikefli Dubai sökum mikilla vaxtarmöguleika greinarinnar á Borse Dubai-svæðinu og langþróuðum innviðum Dubai að því er varðar lög og reglugerðir. Ríkisstjórn Dubai hefur í hyggju að gera Dubai að einni fremstu fjármálamiðstöð heims. Borse Dubai telur OMX vera ákjósanlegan samstarfsaðila til þess að veita þessari vaxtarstefnu framgang, en það byggist á þeirri trú að OMX búi yfir (i) heimsþekktu vörumerki í fremstu röð, (ii) heimsþekktum tæknivettvangi, (iii) stórum hópi viðskiptavina á heimsvísu, (iv) mjög mikilli þekkingu og hæfni í greininni, (v) reynslu af árangursríkum sameiningum kauphalla þvert yfir landamæri, (vi) öflugri eignasafni, og (vii) athafnasemi sem einkennist af miklum nýjungum.

Borse Dubai telur að samstarf við OMX muni stuðla að verulegum hagnaði fyrir OMX og hagsmunaaðila þess og stuðla að áframhaldandi þróun Stokkhólms sem fjármálamiðstöðvar (Finansplats Stockholm).

Samstarf Borse Dubai og OMX táknar veruleg stefnumótandi tækifæri:

Vöxtur fjármálamarkaða á Borse Dubai-svæðinu í krafti öflugs lánsfjármarkaðar, aukins fjárstreymis innan svæðisins og nýrra vara.

Nú um stundir er enga meiri háttar alþjóðlega fjármálamiðstöð að finna milli Vestur-Evrópu og Austurlanda fjær, þrátt fyrir að á svæðinu sé mikið umframfjármagn, þar sem á GCC-svæðinu einu eru nú 3.000 miljarðar bandaríkjadala (USD 3 trillion).⁴²⁾ Búið er við að slíkt umframfjármagn aukist við frekari þróun svæðisins.

Í árána rás hefur verið mikið streymi umframfjár frá GCC-svæðinu til gróinna fjármálamarkaða vegna þess að hinir nýju fjármálamarkaðir innan GCC-svæðisins hafa ekki getað nýtt umframfjármagnið. En nú er þróunin orðin sú að fjármagn, sem myndast á Borse Dubai-svæðinu, helst í auknum mæli innan svæðisins með auknu streymi fjármagns þar af leiðandi innan svæðisins frá Austurlöndum nær til Norður-Afríku og Suður- og Mið-Asíu. Þessi þróun veldur mikilli eftirspurn eftir fjármálamörkuðum sem geta tekið til sín fjármagn og dreift því aftur með skilvirkum hætti. Það eykur enn á mikla vaxtarmöguleika fjármálamarkaða á Borse Dubai-svæðinu að komið hafa fram nýjar vörur, svo sem sukuk (eignartryggð lán til langs og skamms tíma, svipuð skuldabréfalán), sérsniðin verðbréf og vísitölubundin verðbréf. Nú á dögum er markaðurinn fyrir íslamska fjármálaþjónustu allt að 400 miljarðar bandaríkjadala virði á heimsvísu⁴³⁾ og er búið við að hann hækki í 4.000 miljarða bandaríkjadala.⁴⁴⁾

Stefna til að fanga vaxtarmöguleika

Markmið Borse Dubai er að hagnast á og efla þróun fjármálamarkaða á Borse Dubai-svæðinu. Borse Dubai er ekki eina fyrirtækið, sem hefur komið auga á vaxtarmöguleika á Borse Dubai-svæðinu. Margar stórar alþjóðlegar stofnanir starfa á svæðinu, svo sem Credit Suisse, Goldman Sachs, HSBC og Morgan Stanley. DIFC, innanlands fjármálafrísvæði í Dubai, þar sem gilda lög sem byggjast á almennum enskum réttarreglum, gerir þessum alþjóðlegu fjármálastofnunum kleift að starfa á svæðinu án þess að verða að hlíta öðrum almennum réttarreglum UAE. Borse Dubai er stofnað á DIFC-svæðinu og starfar þar. Frekari upplýsingar um DIFC-svæðið er að finna í

⁴²⁾ GCC states liquidity, Canada's International Market Access Report (CIMAR), 2007.

⁴³⁾ Fitch Ratings – Demystifying Corporate Sukuk, 5 March 2007 (markaðsstærðin vísar til íslamsks fjármagnsmarkaðar).

⁴⁴⁾ Standard & Poor's RatingsDirect – 'Islamic Finance Comes of Age', BusinessWeek, 27. október 2006.

kaflanum „Lagalegt umhverfi Borse Dubai“ í þessu tilboðsskjal. Auk þess starfa á svæðinu mörg fyrirtæki sem eru ekki á fjármálasviði, þ.m.t. mörg norræn fyrirtæki, svo sem ABB, Alfa Laval, AstraZeneca, Atlas Copco, Bang & Olufsen, Ericsson, H&M, Munters, Nokia, Sandvik, Scania, SKF, StoraEnso, TietoEnator og Volvo.

Borse Dubai fær mikið fjárstreymi frá dótturfélagi sínu DFM og fjármagn frá hluthöfum sínum til að fjármagna og stuðla að vexti og viðgangi á Borse Dubai-svæðinu. Enn fremur myndar Dubai leið inn á allt Borse-Dubai-svæðið sökum viðskipta- og menningarlegra tengsla við svæðið. Þessu til styrktar er staðsetning Dubai á miðju svæðinu og árangursrík reynsla þess og góður orðstír í alþjóðaviðskiptum um langan tíma. En til þess að afla stuðnings og tengja að lokum allar kauphallir á Borse Dubai-svæðinu skiptir hins vegar miklu máli tækni, reynsla og sterkt vörumerki.

Að ná markmiðum með sameiningu krafta

Að lokinni ítarlegri greiningu hefur Borse Dubai komist að þeirri niðurstöðu að OMX væri ákjósanlegur samstarfsaðili. OMX býr yfir kauphallartækni og hefur þá reynslu sem nauðsynleg er til að stuðla að þróun nýrra svæðisbundinna markaða. Það viðskiptalíkan OMX að tengja kauphallir smám saman með samstarfi verður leiðarljós Borse Dubai í framtíðinni.

Að tengja kauphallir er hægfara ferli þar sem samstarfi er komið á og það síðan aukið ef slíkt telst hagstætt. Ferlið er öflugt og sveigjanlegt og getur samstarfið tekið á sig þrjú form:

- **Samstarf um tækni** – merkir viðskiptasamstarf milli kauphalla um tækni. OMX hefur nú fleiri en 60 samstarfsaðila um allan heim sem OMX veitir tækniþjónustu.
- **Samstarf um markaði og vörur** – á við um samvinna í framkvæmdum og viðskiptum um að tengja vörur og/eða aðildarfélög. Samvinna EDX og LSE er dæmi um slíkt samstarf.
- **Samvinna um eigið fé** – merkir stefnumótandi samfylkingu um eignarhald á eigin fé. Eignarhald OMX á EDX er dæmi um slíkt samstarf, svo og núverandi norræn kauphallarlíkon.

Meginmarkmið

Á þeim degi þegar þetta tilboðsskjal er gefið út myndi samstæðan (Combined Group) verða fimmta stærsta samstæðan byggð á markaðsvirði og ein örast vaxandi og nýjungamesta á heimsmarkaðnum.⁴⁵⁾

Samstæðan hefur þrjú meginmarkmið:

- **Í fararbroddi í heiminum** – Að verða ein af þremur stærstu kauphallarsamstæðum heims á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum
- **Vöxtur og nýjungar** – Að mynda eina af heimsins örast vaxandi og nýjungamestu kauphallarsamstæðu
- **Lykill að lausafé** – Að opna dyr að einum stærsta lánsfjármarkaði heims og auðvelda aðgengi nýrra útgefenda og nýrra vara að miklu lánsfé

Slíkum markmiðum er unnt að ná með því að tengja saman starfsemi OMX og Borse Dubai, fyrirtækja sem bæta hvort annað upp. Samstæðan getur starfað í öllu umhverfi laga og réttar og haft góða stöðu til að framkvæma stefnu sína og verða sá samstarfsaðili sem valinn er á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum.

Það sem Borse Dubai leggur helst til samstæðunnar er eftirfarandi:

- Aðgang að því svæði í heiminum þar sem vöxtur er hvað mestur
- Aðgang að lánsfjármarkaði með meira en 3.000 miljarða bandaríkjadala (USD 3 trillion) til fjárfestinga á GCC-svæðinu
- Sjálfstæðan grundvöll laga og reglugerða á vegum Alþjóðlegrar fjármálamiðstöðvar Dubai (DIFC) sem fullnægir ströngustu alþjóðlegum stöðlum
- Sterka fjárhagsstöðu hluthafa Borse Dubai, auk mikils fjárstreymis frá DFM til að styðja vöxt og viðgang
- Nýsköpun, sem kemur fram í mikilli reynslu Dubai við að byggja upp samkeppnishæf fyrirtæki á heimsvísu

Stjórn Borse Dubai telur að OMX sé ákjósanlegur samstarfsaðili þegar Borse Dubai leitast við að ná markmiðum sínum með

- heimsþekktu vörumerki
- heimsþekktu tækni sem stangast ekki á við tækni Borse Dubai
- mikilli þekkingu og hæfi í greininni
- stórum hópi alþjóðlegra viðskiptavina
- góðum árangri af árangursríkri þátttöku í samþættingu kauphalla þvert yfir landamæri
- öflugum eignasöfnum
- nýsköpun með miklum nýjungum

⁴⁵⁾ Bloomberg, 16. nóvember 2007.

ÁVINNINGUR HAGSMUNAAÐILA OMX

Fjármagn

Eigendur Borse Dubai og öflugt fjárstreymi og efnahagsreikningur DFM veitir OMX það fjármagn sem þarf til þess að styrkja uppbyggingu fyrirtækisins. Borse Dubai mun nýta sér heimsþekkt vöruverk OMX, taka til fyrirmyndar norræna stefnumótun OMX á Borse Dubai-svæðinu og tengja saman kauphallir með því að stofna til samstarfs á ýmsum stigum og nýta sér tækni OMX. Fjárhagslegur styrkur og fjölbreytt viðskiptasnið samstæðunnar (einkum á ört vaxandi mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES)) mun auka að mun möguleika OMX til að takast á við viðfangsefnin og nýta sér þau tækifæri sem tilskipunin um markaði með verðbréf (Directive on Markets in Financial Instruments – MiFID) mun leiða af sér.

Vaxandi útrás

Borse Dubai opnar OMX aðgang að fjármálamörkuðum á Borse Dubai-svæðinu. Slikir markaðir bjóða upp á verulega vaxtarmöguleika og vaxandi tekjur fyrir OMX. Þetta styrkir norræna markaðinn til að verða mikilvæg miðstöð til frekari vaxtar jafnt á þróuðum og nýjum mörkuðum í Mið- og Austur-Evrópu.

Framrás vörumerkisins

DIFX fær nýtt heiti, OMX, og verður miðstöð kauphalla á Borse Dubai-svæðinu. OMX-vörumerkið mun þjóna sem vettvangur samsteypunnar (Combined Group) á heimsvísu við útrás innviða lánsfjármarkaðarins, vöru og þjónustu. Borse Dubai mun leitast við að tryggja að OMX-vörumerkið haldi áfram að vera tákn gagnsæis, sjálfstæðis, trúverðugleika og nýjunga.

Fjárfestingar í tækni

Borse Dubai mun styðja fjárfestingar í rannsóknum og þróun og hefur í hyggju að stuðla frekar að þróun OMX sem alþjóðlegar þekkingarmiðstöðvar í fjármálatækni í fremstu röð. Borse Dubai mun leitast við að dreifa tækni frá hönnuði til notanda um allt markaðssvæði sitt, styrkja tengslin við viðskiptavinum sína á sviði kauphallartækni um allan heim og styðja við nýtingu tækni af næstu kynslóð.

Stuðningur við núverandi markaðslíkön

Borse Dubai telur að núverandi norrænt auðkenni OMX, markaðslíkön og áhrif hagsmunaaðila séu þættir sem hafi átt þátt í velgengni OMX. Borse Dubai mun styðja þessa þætti að fullu þar eð þeir munu skipta höfuðmáli við framkvæmd stefnu samsteypunnar.

Starfsmenn OMX

Borse Dubai metur framlag stjórnar OMX, stjórnenda og starfsmanna til OMX. Eins og lýst er hér að ofan munu stjórnarmenn frá Norðurlöndum eiga sæti í stjórn Borse Dubai til að tryggja samfellu að þessu leyti. Norrænir fulltrúar munu mynda meirihluta stjórnar OMX einnig í því skyni að tryggja samfellu og vernda hagsmuni norrænna hagsmunaaðila í rekstri OMX.

Starfsmenn og stjórnendur OMX skipta meginmáli um framtíðarárangur Borse Dubai-OMX-samsteypunnar, og Borse Dubai mun nota núverandi starfsmenn til að auka viðskiptin. Borse Dubai telur að starfsmenn OMX muni hafa hag af því að starfa hjá fyrirtæki með vaxtarmöguleika á heimsvísu og sterkum eiganda (Borse Dubai) sem vinnur að vaxandi viðskiptum og skapar þannig aukin atvinnutækifæri til langframa.

Borse Dubai hyggst ekki gera neinar efnislegar breytingar á stjórnendum OMX, launum og stjórnarháttum. Borse Dubai hyggst vernda að fullu núverandi atvinnuréttindi stjórnenda og starfsmanna OMX.

Fjármálamiðstöðin Stokkhólmur (Finansplats Stockholm)

Borse Dubai hyggst tileinka sér núverandi löggjöf á Norðurlöndum, áhrif og starfshætti. Stefnumótun samsteypunnar um stækkun byggist á hinum öflugum núverandi fyrirtækjum, markaðslíkönunum og áhrifum hagsmunaaðila á OMX. Borse Dubai mun styðja fjárfestingar í áframhaldandi rannsóknum og þróun í Stokkhólmi og stuðla að frekari þróun samsteypunnar sem alþjóðlegs þekkingarseturs í fjármálatækni á heimsvísu.

Samsteypa mun leggja Norðurlöndum og verkefninu Finansplats Stockholm til fjármuni og innviði sem eru nauðsynlegir til að stuðla að auknum viðskiptum OMX sem líklegt er að fjölgi atvinnutækifærum í Stokkhólmi. Borse Dubai mun hvetja til náinnar samvinnu Finansplats Stockholm og DIFC til þess að skiptast á upplýsingum, m.a. um vöruþróun (t.d. sukuk, sérsniðin verðbréf, sjóðir og vísitölutryggð verðbréf), góða starfshætti og þekkingu.

Meðlimir í OMX

Borse Dubai hyggst tileinka sér núverandi norrænt regluverk og starfshætti, áhrif og starfsreglur sem meðlimir í OMX nota nú. Meðlimir í OMX munu njóta stuðnings sameiginlegra innviða varðandi rekstur og tækni og þeim veittur aðgangur að nýjum vörum og markaðstækifærum. OMX mun halda áfram að leggja áherslu á lágan kostnað, virkan markað og gagnsæi til hagsbóta fyrir meðlimi sína.

Útgefendur OMX

Borse Dubai hyggst tileinka sér núverandi norrænt regluverk og starfshætti, áhrif og starfsreglur. Samsteypa mun veita útgefendum á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjum aðgang að hinum mikla og að miklu leyti ósnerta lánsfjármarkaði Borse Dubai-svæðisins. Útgefendur hafa hag af því að vera betur sýnilegir á slíkum mörkuðum. OMX mun halda áfram að leggja áherslu á lágan kostnað, virkan markað og gagnsæi til hagsbóta fyrir útgefendur.

Fjárfestar á OMX

Borse Dubai hyggst tileinka sér núverandi norrænt regluverk og starfshætti, áhrif og starfsreglur. Samsteypa mun veita fjárfestum á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi beinan aðgang að vörum og fjárfestingartækifærum á hratt vaxandi svæði Borse Dubai. OMX mun halda áfram að leggja áherslu á lágan kostnað, virkan markað og gagnsæi til hagsbóta fyrir fjárfesta.

Viðskiptavinir OMX á tæknisviði

Viðskiptavinir á tæknisviði munu hafa hag af tæknikerfum næstu kynslóðar sem beint er að stærri hópi viðskiptamanna. Þegar ekki er um að ræða mismunandi tækni sem stangast á við aðra kemur það viðskiptavinum til góða að njóta stöðugs stuðnings og skuldbindinga samsteypunnar. Miðlarar markaðsgagna og seljendur hagnast á fjölbreyttara úrvali og aukinni dreifingu. Samsteypa mun nýta stefnumótun OMX um að stofna til öflugs samstarfs og kanna sameiginlega vaxtarmöguleika.

HVATNINGAKERFI

Að því leyti sem önnur skilyrði viðskiptasamninganna eru ekki uppfyllt eða veittar undanþágur frá þeim og hætt er við viðskiptasamningana og annar valkostur tilboðsins verður ofan á, þá mun Borse Dubai gæta þess að aðilar að núverandi kaupréttaráætlunum og annars konar áætlunum um hluti í OMX (e. stock option plans and share matching plans) fái sanngjarna meðferð með tilliti til réttinda þeirra í viðkomandi áætlun, í samræmi við skilyrði og skilmála slíkra áætlana.

Yfirstjórn, lög og reglugerðir (annar valkostur tilboðs – alternative scenario)

Að því gefnu að tilboðinu ljúki og að því leyti sem öðrum skilyrðum samkvæmt viðskiptasamningunum hefur ekki verið fullnægt eða veitt undanþága frá þeim, þá mun Borse Dubai við tilboðslok ekki klára viðskiptin við NASDAQ eins og viðskiptasamningarnir gera ráð fyrir, þannig að annar valkostur tilboðs mun verða ofan á. Þessi kaflar, á bls. 100–101 á við um annan valkost tilboðs.

YFIRSTJÓRN


Borse Dubai stefnir að því að viðhalda núverandi uppbyggingu og stjórnun OMX og dótturfyrirtækja þess eins og mögulegt er. Borse Dubai stefnir einnig að því að viðhalda núverandi greiðslujöfnunarkerfi (e. clearing capital arrangements) eða öðru sambærilegu kerfi í tengslum við hlutverk OMX Nordic Exchange Stockholm sem aðal greiðslujöfnunarstöð (e. Central Counterparty Clearinghouse).

Borse Dubai viðurkennir mikilvægi sjálfstæðis norræna fulltrúa í í stjórnnum kauphallanna á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum í OMX Nordic Exchange Group Oy. Borse Dubai viðurkennir og styður núgildandi reglur um samsetningu stjórnna í bæði OMX Nordic Exchange Group Oy og kauphalla á hverjum stað og hefur ekki í hyggju að breyta þeim.

Þar af leiðandi, og samkvæmt gagnkvæmum skilningi varðandi viðkomandi fjármálaeftirlit, mun Borse Dubai sjá til þess að meirihluti stjórnarmanna í Nordic Exchange Group Oy verði óháðir bæði gagnvart eigendum og stjórnendum OMX.

Auk þess verður stjórnskipan kauphalla á hverjum stað innan OMX-samsteypunnar ekki breytt efnislega. Það þýðir að stjórnarmenn sérhverrar staðbundinnar kauphalla verða innanhúsmenn (þ.e. einstaklingar sem hafa nán tengsl við OMX, að jafnaði sem forstöðumenn innan samsteypunnar).

Stjórnagagn 18: Skipurit OMX eftir lúkningu samningsins



Enn fremur mun Borse Dubai viðhalda núverandi skipan eftirlitsnefnda (Surveillance Committees), skráningarnefnda (Listing Committees) og aganefnda (Disciplinary Committees) í kauphöllinni í Stokkhólmi (Stockholm Stock Exchange) og kauphöllinni í Helsinki (Helsinki Stock Exchange) og ráðgjafarnefnd (Advisory Board) hjá OMX Nordic Exchange í Kaupmannahöfn sem og fyrirtækisnefnd (Company Committees) í Helsinki og í Stokkhólmi.

Eftir tilboðslokin mun Borse Dubai bjóða a.m.k. einum norrænum fulltrúa sæti í stjórn Borse Dubai. Hinn norræni fulltrúi mun einnig hafa rétt til að velja a.m.k. einn fulltrúa í hverja nefnd Borse Dubai, að uppfylltum viðeigandi lögum og reglugerðum.

Samsetning stjórnar BD Stockholm mun fullnægja viðeigandi gildandi reglum samkvæmt sænskum hlutafélagalögum (e. Swedish Companies Act, s. aktiebolagslagen (2005:551)), þar á meðal að meirihluti stjórnarmanna hefur fasta búsetu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Fyrirhugað er að skrá Borse Dubai eða DIFX í OMX Nordic Exchange Stokkhólmi, sem myndi gera Borse Dubai háð öllum viðeigandi reglugerðum um kauphallir og kröfum um gagnsæi.

Borse Dubai mun sjá til þess að meirihluti stjórnarmanna OMX séu norrænir menn.

Borse Dubai mun birta nöfn fyrirhugaðra stjórnarmanna svo skjótt sem auðið er eftir tilboðslokin. Borse Dubai gerir ráð fyrir að núverandi stjórnendur og stjórnarmenn OMX þiggi sæti í stjórn eða sitji áfram í stjórn OMX eftir tilboðslokin en Borse Dubai er ekki kunnugt um hvaða fulltrúar OMX muni taka þann kost.

Tilnefninganefnd OMX mun halda áfram störfum samkvæmt reglusafni um stjórnun sænskra fyrirtækja (Swedish Corporate Governance Code). Auk tveggja fulltrúa Borse Dubai og stjórnarformanns OMX er ætlunin að í nefndinni sitji einnig fulltrúi valinn sameiginlega af Samtökum norræna verðbréfasala (Nordic Securities Dealers Associations) og einn fulltrúi Sænskra samtaka skráðra fyrirtækja (Swedish Association for Listed Companies).

Að því marki sem 90% eða fleiri hlutabréf hafa verið keypt í eða í tengslum við tilboðið og OMX er afskráð, þá mun Borse Dubai sjá til þess að það verði rekið „af fúsum og frjálsum vilja“ (voluntarily) samkvæmt viðeigandi „samþykkingu eða útskýra“ (comply or explain) reglusafni um stjórnun sænskra fyrirtækja (Swedish Corporate Governance Code), sænskum hlutafélagalögum (Swedish Companies Act, sænskum lögum um ársreikninga (Swedish Annual Accounts Act) og öðrum

meginreglum um skráð fyrirtæki, svo sem reglum um skyldur, samsetningu og störf stjórnna, þ.m.t. um notkun stjórnskipaðra nefnda, og reglum um skyldur og störf framkvæmdastjóra og þóknun handa stjórnendum.

Til þess að upplýsa markaðinn um rekstrarafkomu OMX skuldbindur Borse Dubai sig til að sjá til þess að OMX muni gefa út ársskýrslu og einnig a.m.k. hálfárskýrslu handa markaðnum samkvæmt reglum um ársskýrslur og hálfárskýrslur sem myndu gilda ef OMX væri enn skráð fyrirtæki.

REGLUGERÐIR

Hvorki lög né reglugerðir DIFC gilda um BD Stockholm eða OMX-samsteypuna.

Borse Dubai mun ekki breyta uppbyggingu OMX Nordic Exchange eftir tilboðslokin. Ekki verður að þessu leyti hróflað við núverandi getu eftirlitsaðila og yfirvalda til að stjórna og hafa eftirlit með viðkomandi leyfishöfum sem þetta tilboð hefur áhrif á.

Hinir ýmsu markaðir og viðbótarfjármálafyrirtæki verða áfram undir eftirliti núverandi staðbundinna eftirlitskerfa og núverandi eftirlitsaðila. Farið verður eftir kauphallarleyfum einstakra ríkja. Í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, í Eystrasaltsríkjunum og á Íslandi verða áfram lögaðilar í hverju ríki sem hafa leyfi til að reka kauphöll í því ríki.

Borse Dubai mun hafa samráð við SFSA, kauphöllina, skráð fyrirtæki, félaga í kauphöllinni og aðra þátttakendur á fjármálamörkuðum um regluumhverfi fyrir OMX og Nordic Exchange.

Algeng orð og orðsambönd

APK Meginvörslusjóður verðbréfa í Finnlandi (Finnish Central Securities Depository)

BD Stockholm BD Stockholm AB, sænskt dótturfyrirtæki í einkaeigu Borse Dubai

Borse Dubai Borse Dubai Limited

Borse Dubai Cayman Borse Dubai (Cayman) Limited

Borse Dubai svæðið U.þ.b. 40 ríki sem ná til Norður- og Austur-Afríku, Austurlanda nær, Kaspíahafssvæðisins og suðurhluta Mið-Asíu

DFM Fjármálamarkaður Dubai (Dubai Financial Market)

DFSA Fjármálaeftirlit Dubai (Dubai Financial Services Authority)

DIFC Alþjóðafjármálamiðstöð Dubai (Dubai International Financial Centre)

DIFCA Alþjóðafjármálastofnun Dubai (Dubai International Financial Centre Authority)

DIFCI DIFC Investments LLC

DIFX Alþjóðafjármálastofnun Dubai (Dubai International Financial Exchange)

DIFX hluthafasamkomulag fyrirhugað hluthafasamkomulag á milli NASDAQ, DIFX og Borse Dubai samkvæmt DIFX-viðskiptasamningnum

DIFX-viðskipti Kaup NASDAQ á 33 1/3% hlutafjár í DIFX skv. DIFX viðskiptasamningnum

DIFX-viðskiptasamningur Áskriftarsamningur sem NASDAQ og Borse Dubai gerðu með sér þann 15. nóvember 2007 varðandi kaup NASDAQ á hlutum í DIFX

DP World Dubai Ports World, ein stærsta hafnarstjórn heims

Dubai Group Samsteypan Dubai Group LLC

EDX EDX London-afleiðukauphöll (sameign OMX og London Stock Exchange)

FFSA Fjármálaeftirlit Finnlands (Finnish Financial Supervisory Authority)

FINRA Bandarísk eftirlitsstofnun með fjármálamarkaðnum (Financial Industry Regulatory Authority)

GCC svæðið Sameinuðu arabísku furstadaæmin. Bahrain, Saúdí-Arabía, Óman, Qatar og Kúveit

Hlutfélagalög DIFC (DIFC Law No. 3 of 2006)

HSBC HSBC Bank plc

Hækkun Hækkun Dubai á tilboði úr 230 sænskum krónum í 265 sænskar krónur fyrir hvern hlut í OMX

ICD Fjárfestingastofnun Dubai (Investment Corporation of Dubai)

IFSA Fjármálaeftirlit Íslands

ISD vörsluhafi Verðbréfaskráning Íslands

Íslenska VP Verðbréfaskráning Íslands

Lánasamningur Lánasamningur með HSBC sem upphaflegan skipuleggjanda, umboðsaðila, ábyrgðaraðila, vörsluaðila og upphaflegan útgáfubanka og með HSBC og aðra tiltekna banka og fjármálafyrirtæki sem lánveitendur.

LSE Kauphöllin í London (London Stock Exchange)

Lög um yfirtökur Sænsk lög um yfirtöku á hlutabréfamarkaði (Takeover Act)

Markaðsviðskipti Kaup Borse Dubai á 4,9% af útgefnum hlutabréfum og atkvæðum OMX og gerð kaupréttarsamninga um kaup á 24,2% til viðbótar af útgefnum hlutabréfum og atkvæðum OMX.

MiFID Tilskipun um verðbréfamarkaðinn (Directive on Markets in Financial Instruments)

NASDAQ NASDAQ kauphöllin

NASDAQ OMX samstæðan Nasdaq eftir sameiningu NASDAQ og OMX, ef meginfyrirkomulag tilboðsins nær fram að ganga

NASDAQ-tilboð Tilboð NASDAQ til hluthafa OMX um kaup á öllum útistandandi hlutum í OMX skv. tilboðsyfirlýsingu NASDAQ dags. 25. maí 2007

NASDAQ hluthafasamkomulag Hluthafasamningur á milli NASDAQ og Borse Dubai samkvæmt OMX viðskiptasamningnum.

N/O Technology Öll tækni og grunnur NASDAQ, OMX og annarra dótturfélaga NASDAQ

OMX Almenningshlutafélagið OMX AB (publ)

OMX-hlutabréf Hlutabréf í OMX

OMX-viðskiptasamningur Samningur um kaup á hlutabréfum í tengslum við sölu Borse Dubai á hlutabréfum í OMX til NASDAQ samkvæmt samningi NASDAQ, Borse Dubai og BD Stockholm þann 15. nóvember 2007.

Reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja Reglur um stjórnun sænskra fyrirtækja (Swedish Corporate Governance Code), Reglusafn um stjórnun sænskra fyrirtækja (Code)

Samþykkistími Tíminn meðan tilboðið er opið til samþykktar, frá 8. janúar 2008 til 23.59 að New York tíma þann 5. febrúar 2008

Samsteypan Borse Dubai-OMX-samsteypan

SCA Stjórnvald verðbréfa og hrávara í Sameinuðu arabísku furstadæmunum

SEC Eftirlitsstofnun Bandaríkjanna með útgáfu, sölu og skráningu verðbréfa

Seljandi hluthafar Merkir Investor AB (publ), Nordea Bank AB (publ), Olof Stenhammar, Didner & Gerge Fonder AB, Nykredit Realkredit A/S, Magnus Böcker Länsförsäkringar Liv, Länsförsäkringar Sak og tilteknir aðrir hluthafar í OMX

SFSA Sænska fjármálaeftirlitið (Swedish Financial Supervisory Authority)

Sjóður Vörslusjóður (Trust) stofnaður vegna eignarhalds á almennum hlutabréfum NASDAQ sem útgefin verða í tengslum við viðskiptin

Skráningarréttarsamningur Skráningarréttarsamningur (Registration Rights Agreement) á milli NASDAQ, Borse Dubai og vörslusjóðsins samkvæmt OMX viðskiptasamningnum.

SRO (Self Regulatory Organisation) Sjálfstæður aðili með eigin reglur

Stefnumótandi áætlun Dubai Stefnumótandi áætlun Dubai til að tryggja áframhaldandi hraðan vöxt Dubai á liðnum árum (Dubai Strategic Plan (2015))

Tilboðið Tilboð Borse Dubai Limited gegnum BD Stockholm AB til hluthafa OMX þann 17. ágúst 2007 um kaup á öllum útistandandi hlutum í OMX skv. skilmálum og skilyrðum í þessu tilboðsskjali

Tækni- og leyfissamningur Tækni- og leyfissamningur (Trademark Licence Agreement) milli NASDAQ og DIFX samkvæmt DIFX viðskiptasamningnum

UAE Sameinuðu arabísku furstadæmin (United Arab Emirates)

Umboðsyfirlýsing NASDAQ Endanleg umboðsyfirlýsing samkvæmt kafla 14A gerð þann 19. nóvember 2007 á milli NASDAQ og SEC. (e. Proxy Statement)

Viðauki Viðauki (supplement) við viðskiptasamning milli NASDAQ og OMX dags. 20. september 2007

Viðmiðunardagur Viðmiðunardagur (Trigger Date) er sá dagur samkvæmt OMX viðskiptasamningnum þegar öllum skilyrðum fyrir opnun tilboðsins fyrir samþykkingum hefur verið fullnægt eða fallið hefur verið frá þeim

Viðskiptasamningur Viðskiptasamningur (Transaction Agreements) DIFX og OMX

Viðskipti Viðskipti (Transactions)fólginn í viðskiptasamningnum

VP í Danmörku Meginvörslustaður verðbréfa í Danmörku (Danish Central Securities Depository)

VPC VPC AB (Verðbréfamíðstöð Svíþjóðar)

VP-yfirlýsing Yfirlýsing Verðbréfamíðstöðvar þess efnis að hlutabréf hafi verið tekin út af upphaflegum VP-reikningi og innlán á nýjan VP-reikning í nafni eigandans

Vörslusamningur Sá sjóðssamningur sem gengið skal til af hálfu Borse Dubai, vörsluaðilans og NASDAQ samkvæmt OMX viðskiptasamningnum.

Yfirtökureglur Reglur (Takeover Rules) OMX Nordic Exchange Stockholm um yfirtökutilboð

Póstföng

OMX AB (publ)

105 78 STOCKHOLM
Heimsóknarstaður: Tullvaktsvägen 15
Sími: +46 8 405 60 00
Fax: +46 8 405 60 01
www.omxgroup.com

Borse Dubai Limited

Level 7, Precinct Building 5
Gate District
P.O. Box 506690
DIFC, Dubai, UAE
Sími: +971 4 362 25 00
Fax: +971 4 362 25 22
www.borsedubai.com

BD Stockholm AB

c/o Linklaters Advokatbyrå Aktiebolag
Regeringsgatan 67
Box 7833
103 98 STOCKHOLM
Sími: +46 8 665 66 00
Fax: +46 8 667 68 83

The Nasdaq Stock Market, Inc.

One Liberty Plaza
New York, NY 10006
United States of America
Sími: +1 (212) 401 87 00
www.nasdaq.com



